# Hlýtt á Íslandi en frost í Flórída

Mikil hlýindi hafa verið hér á landi undanfarna daga. Á sama tíma hafa kuldaköst gengið yfir Bandaríkin og víða um Evrópu.

SÍÐA 18 ▶




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2005 – 28. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


**SUNNUDAGUR**



**ÓÁNÆGJA Í FRAMSÓKN** Framsóknarkonur eru óánægðar með hallarbyltingu í félagi framsóknarkvenna í Kópavogi. Óviðunandi að karlmenn séu að skipta sér af kvenfélögum flokksins. **Sjá síðu 2**

**INGIBJÖRG VEÐURTEPPT** Ekkert varð af sameiginlegum fundi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar á Akureyri í gær eins og auglýst hafði verið. **Sjá síðu 2**

**STÝRISBLAÐ BROTNAÐI** Flutningaskip Eimskipafélagsins varð stjórnlaust fyrir austan land í fyrrakvöld. Týr hefur reynt að draga skipið að landi en dráttartaug hefur slitnað þrisvar. **Sjá síðu 4**

**ABBAS OG SHARON FUNDA** Búist er við því að Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, og Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, fundi innan tveggja vikna. **Sjá síðu 2**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STREKKINGUR NORÐAUSTANLANDS** Hægari annars staðar. Kalt fyrir norðan í dag en hlýnar á morgun. Lítilsháttar úrkoma vestanlands. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**HEIL UMFERÐ** Sex leikir verða í Intersport-deildinni í körfubolta klukkan 19.15. Liðin sem mætast eru: Grindavík – Fjölnir, Hamar/Selfoss – Njarðvík, KFÍ – Haukar, KR – Tindastóll, ÍR – Keflavík og Snæfell – Skallagrímur.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |







# Kosningar í Írak í skugga ofbeldis

**Kjörstaðir opnuðu í Írak klukkan fjögur í nótt. Óöld ríkir í landinu og var flugskeyti skotið á bandaríska sendiráðið í Bagdad í gær. Forseti Bandaríkjanna segir að kosningarnar muni ekki binda enda á hryðjuverkaárásir. Þær séu hins vegar upphafið að nýjum tímum í landinu.**

**ÍRAK** Flugskeyti var skotið á bandaríska sendiráðið í Bagdad í gær. Tveir Bandaríkjamenn létu lífið og fjórir særðust. Skömmu áður en flugskeytaárásin var gerð létust þrír íraskir lögreglumenn og fimm óbreyttir borgarar í sjálfsmorðsárás annars staðar í borginni.

Gríðarleg ólga ríkir í landinu og er búist við því að óöldin haldi áfram í dag þegar þing- og sveitarstjórnarkosningar fara fram. Uppreisnarmenn súnní-múslima hafa hótað hertum árásum og segja að spjótunum verði beint að kjörstöðum. Öryggisgæsla er gríðarlega mikil í landinu vegna þessa. Algjör óvissa ríkir um það hversu margir munu taka þátt í kosningunum en óttast er að stór hópur fólks mæti ekki á kjörstaði af ótta við árásir ofbeldismanna.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, áréttaði í gær að kosningarnar myndu ekki binda enda á hryðjuverkaárásir öfgamanna. Hann sagði hins vegar að þær mörkuðu upphafið að lýðræði í Írak og að friður væri í augsýn.

Bush sagði að hryðjuverkamenn myndu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að trufla kosningarnar í dag. Það væri kannski skiljanlegt því hryðjuverkamennirnir hefðu hagnast á þeirri ógnarstjórn sem ríkt hefði í landinu um áratugaskeið en með kosningunum væru breyttir tímar framundan.

Alls eru um 5.300 kjörstaðir í landinu og opnuðu þeir klukkan fjögur í nótt. Kjörstaðir loka síðan klukkan tvö í dag. Búist er við því að það taki fjóra til fimm daga að telja atkvæðin. Alls er kosið um 275 þingsæti og verður fyrsta verk þingsins að skrifa nýja stjórnarskrá. Stefnt er því að nýr forsætisráðherra taki við stjórn landsins í byrjun mars og ríkisstjórn verði mynduð í lok þess mánaðar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**SULLAÐ VIÐ SUNNUHLÍÐ Á AKUREYRI** Um 10 stiga hiti hefur verið á Akureyri undanfarna daga og er snjór óðum að hverfa. Á laugardaginn var stíflað niðurfall í götu við verslunarmiðstöðina Sunnuhlíð og myndaði snjóbráðin um 40 cm djúpt götulón. Gangandi vegfarendur komust ekki hjá því að blotna en sumir ökumenn höfðu gaman af.

Hvassviðri á Norðurlandi:

# Flutningabíll fauk út af

**VEÐURTJÓN** Gámaflutningabíll með tengivagn fauk út af veginum skammt norðan Akureyrar í gær. Ökumaðurinn var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en meiðsli hans reyndust ekki alvarleg. Hvasst var á Norðurlandi aðfaranótt laugardags og í gær en samkvæmt sjálfvirkum mæli Veðurstofunnar á Akureyri fór vindhraðinn hátt í 30 m/s í hviðum.



**Á SLYSSTAÐ** Svo hvasst var á Norðurlandi í gær að gámaflutningabíll fauk út af vegi norðan Akureyrar.

Að sögn lögreglunnar á Akureyri var nokkuð um að hlutir væru að fjúka í bænum aðfaranótt laugardags og fram eftir degi í gær. Þakplötur sem geymdar voru á skúrþaki, skammt frá þar sem flutningabíllinn valt, fuku yfir þjóðveginn og að sögn lögreglunnar var lán að enginn varð fyrir þeim. Töluvert var um að kerrur og aðrir lauslegir munir fykju í hvassviðrinu en lögreglu var ekki tilkynnt um alvarlegt eignatjón eða slys á fólki. - kk



Össur Skarphéðinsson:

## Fiskar enn og vill standa áfram í brúnni

SÍÐUR 16 & 17 ▶



Riðlakeppni HM í handbolta lauk í Túnis í gær:

## Strákarnir kvöddu með góðum sigri

SÍÐUR 24 & 25 ▶



## SPURNING DAGSINS

*Guðjón, vantaði ekki grimmd í liðið?*

**Það vantaði spýtu og það vantaði sög.**

Guðjón Þórðarson náði góðum árangri sem landsliðsþjálfari í knattspyrnu. Það var hins vegar lágt risið á íslenska landsliðinu í handknattleik á heimsmeistaramótinu í Túnis og liðið komst ekki upp úr riðlakeppni.

Fundur Samfylkingarinnar á Akureyri:

# Össur lét klappa fyrir Ingibjörgu Sólrúnu

**SAMFYLKINGIN** Ekkert varð af sameiginlegum fundi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar á Akureyri í gær eins og auglýst hafði verið.

Í tilkynningu frá Ingibjörgu, sem lesin var upp á fundinum, sagðist hún vera veðurteppt í Reykjavík en ekki var flogið á milli Akureyrar og Reykjavíkur í gær. Össur og Kristján Möller, fyrsti þingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, komust hins vegar á fundinn með því að fljúga frá Reykjavík til Sauðárkróks í gær og aka þaðan til Akureyrar. Ekki var gefin skýring á því á fundinum afhverju Ingibjörg Sólrún notaði ekki sömu aðferð til að komast norður.

Össur kom lítið inn á væntanlegan formannsslag í Samfylkingunni en bað fundargesti að klappa fyrir Ingibjörgu Sólrúnu. „Við höfum verið vinir í bráðum 30 ár. Við eigum sömu tengdaforeldra og hefur vinátta okkar verið góð og einlæg. Við verðum áfram vinir ef ég fæ einhverju um það ráðið,“ sagði Össur. - kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR**
Frummælendur á fundinum, auk Össurar, voru þingmennirnir Kristján Möller og Einar Már Sigurðarson og varaþingmaðurinn Lára Stefánsdóttir.



**SISSEL KIRKJEBÖ**
Hún kemur til Íslands í september og heldur tónleika. Hún er þekkt söngkona og söng meðal annars lag í kvikmyndinni Titanic.

Sissel Kirkjebö

## Á leiðinni til Íslands

**TÓNLEIKAR** Norska söngkonan Sissel Kirkjebö er á leið til landsins og mun halda tónleika í Háskólabíói 30. september. Þetta er í fyrsta sinn sem Sissel kemur hingað þrátt fyrir að eiga stóran hóp aðdáenda hérlendis. Sissel hefur verið líkt við söngkonuna Enyu og söng Sissel meðal annars lag í hinni gífurlega vinsælu kvikmynd, Titanic. Hún hefur einnig látið að sér kveða í hiphop heiminum því árið 1997 gaf hún út lagið „Prince Igor“ ásamt rapparanum Warren G. Sissel mun koma fram ásamt strengjasveit og barnakór á tónleikunum. Miðasala hefst um miðjan mars en aðeins 900 sæti eru í boði. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FUNDU AMFETAMÍN** Lögreglan í Borgarnesi hafði í nótt afskipti af ökumanni við hefðbundið umferðareftirlit. Tveir menn sem áður hafa komið við sögu lögreglunnar voru í bifreiðinni og ákveðið var að leita í henni. Við leitina fundust fjögur grömm af amfetamíni og voru mennirnir handteknir.

# Eins og minkar í hænsnabúi

**Framsóknarkonur eru óánægðar með hallarbyltingu í félagi framsóknarkvenna í Kópavogi. Viðmælandi blaðsins segir óviðunandi að karlmenn skipti sér af kvenfélögum flokksins. Spjótin standa á félagsmálaráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Heitar umræður urðu um átök í Freyju, félagi framsóknarkvenna í Kópavogi, á fundi Landssambands framsóknarkvenna í gær. Á aðalfundi Freyju í liðinni viku gengu 43 konur í félagið og felldu Unu Maríu Óskarsdóttur, varaformann félagsins, úr stjórninni. Una er einnig formaður Landssambands framsóknarkvenna og fyrrverandi aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur í umhverfisráðuneytinu.

Talað hefur verið um hallarbyltingu í félaginu og látið liggja að því að tilgangur með henni sé að koma Páli Magnússyni, aðstoðarmanni Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og bróður Árna Magnússonar félagsmálaráðherra, að sem oddvita framsóknarmanna í bæjarstjórn Kópavogs.

Á fundinn á Hótel Borg mættu allar þingkonur flokksins og um þrjátíu konur í allt en engin þeirra kvenna sem gengu í Freyju í vikunni. Þungt hljóð var í mörgum og þótti sumum sem Freyja hefði verið hertekin af bandamönnum Páls og Árna. Með innkomu kvennanna fjölgaði stuðningsmönnum bræðranna verulega. Konurnar skráðu sig í félagið sama dag og fundurinn fór fram með aðstoð Aðalheiðar Sigursveinsdóttur, konu Páls, og á meðal þeirra var Edda Björg Hákonardóttir, eiginkona Árna Magnússonar.

Viðmælandi blaðsins úr röðum framsóknarkvenna, sem vildi ekki láta nafn síns getið, sagði að framkoma kvennanna á fundinum gæti hafa verið lögleg en sé örugglega siðlaus. Fundurinn hefur verið kærður til laganefndar Framsóknarflokksins sem fjallar um málið í næstu viku. Á fundinum í gær var rætt um að óheppilegt hafi verið að Páll og Árni Magnússynir stæðu svo nærri byltingu innan kvenfélags í flokknum, það væri eins og að hleypa refum inn í hænsnabú. „Það er óviðunandi að karlmenn séu komnir með hendurnar inn í kvenfélögin,“ sagði viðmælandi blaðsins. Siv Friðleifsdóttur sagði á heimasíðu sinni í gær að flokksmönnum misbjóði að ítrekað skuli stofnað til ófriðar í flokknum.

Bryndís Bjarnason, jafnréttisfulltrúi Framsóknarflokksins, segir að Landssambandið ætli að berjast fyrir því á komandi flokksþingi Framsóknarflokksins að í lög flokksins verði sett ákvæði um að í forystu flokksins verði konur aldrei færri en fjórutíu prósent fulltrúa.

ghg@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KVENNAFUNDUR**
Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að loknum fundi Landssambands framsóknarkvenna í gær. Þær ætla á komandi flokksþingi að berjast fyrir auknum hlut kvenna í áhrifastöðum á vegum flokksins.



**UMDEILDIR BRÆÐUR**
Margar framsóknarkonur telja að bandamenn Páls og Árna Magnússonar hafi hertekið kvenfélag framsóknarkvenna í Kópavogi.

Hörð viðbrögð á hjúkrunarheimili:

## 75 ára skotin með rafbyssu

**BANDARÍKIN, AP** Lögreglukona hefur fengið viðvörun eftir að hafa notað fimmtíu þúsund volta rafbyssu gegn 75 ára gamalli konu á hjúkrunarheimili.

Gamla konan varð æst þegar hún gat ekki fundið veikan vin sinn á heimilinu. Lögreglukonan reyndi að hafa hemil á henni en gamla konan reif sig í burtu frá henni og sló til hennar. Þá greip lögreglukonan til þess ráðs að nota rafbyssuna og það þótti yfirmönnum hennar full hart. Lögreglukonan fékk því viðvörun og var send á endurmenntunarnámskeið. ■

Íslensk flugfélög:

## Skærur á milli félaga

**SAMKEPPNI** Starfsmaður Icelandair klippti auglýsingar Iceland Express úr bæklingum Ferðamálaráðs á ferðakaupstefnu á Spáni á miðvikudag.



**ÓLAFUR HAUKSSON**

Ólafur Hauksson, talsmaður Iceland Express, segir að það sé dýrt að kaupa auglýsingar í bæklingnum. „Það er sérkennilegt að starfsmenn Icelandair skemmi auglýsingar sem birtast í opinberum bæklingi.“ Hann segir þetta annað tilfellið á stuttum tíma sem félagið standi í skærum við Iceland Express. „Það er ekki langt síðan þeir tengdu netslóðina icelandexpress.org við heimasíðu Icelandair.“

Ekki náðist í Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúa Icelandair. ■




Ariel Sharon og Mahmoud Abbas:

# Fundur innan tveggja vikna

**ÍSRAEL, AP** Búist er við því að Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, og Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, fundi innan tveggja vikna.

Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, og Mohammed Dahlan, yfirmaður öryggismála í Palestínu, hittust síðdegis í gær til að undirbúa fund Abbas og Sharons. Þó að samskipti ísraelskra og palestínskra stjórnvalda séu að batna eru áherslur æðstu yfirmanna um hvaða mál eigi að vera á dagskrá fundarins ólíkar. Ísraelar vilja fyrst og fremst ræða öryggismál. Palestínumenn vilja hins vegar ræða fleiri mál eins og sameiginlega yfirlýsingu um vopnahlé, möguleikann á því að sleppa stórum hluta palestínskra fanga í Ísrael og endurvakningu friðarviðræðna.



**ARIEL SHARON**
Forsætisráðherra Ísraels vill aðeins ræða öryggismálin við Abbas.

Nabil Saath, utanríkisráðherra Palestínu, sagði í gær að stjórnvöld væru langt komin með að ná samkomulagi við Hamas og Jihad um vopnahlé. Hann sagði að fulltrúar samtakanna myndu funda með egypskum stjórnvöldum í næstu viku og vonast væri eftir því að samkomulagið yrði innsiglað þar. ■




**Vöxtur** er alhliða fjármálaþjónusta sem samanstendur af bankaþjónustu KB banka, tryggingaþjónustu frá VÍS, Lífís og Alþjóða líftryggingarfélaginu og bílafjármögnun frá Lýsingu.

**Vöxtur** færir þér ekki aðeins aukna þjónustu heldur nýtur þú hagræðisins í beinhörðum peningum.

**Þú færð meira með Vexti!**

Pantaðu ráðgjöf á www.voxtur.is og sjáðu hvað þú færð meira með VEXTI.

VÍS

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM14925

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.1.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,99 | 62,29 |
| Sterlingspund | GBP | 117,02 | 117,58 |
| Evra | EUR | 80,88 | 81,34 |
| Dönsk króna | DKK | 10,88 | 10,93 |
| Norsk króna | NOK | 9,81 | 9,86 |
| Sænsk króna | SEK | 8,90 | 8,95 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,30 | 94,86 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,25-0,22%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Brotist var inn til formanns Félagsins Ísland-Palestína:

# Tölvu með mjög mikilvægum gögnum stolið

**INNBROT** Brotist var inn á heimili Sveins Rúnars Haukssonar, læknis og formanns Félagsins Ísland-Palestína, á föstudaginn.

Sveinn segir að þriggja ára gamalli fartölvu af gerðinni Dell Inspirion 2500 hafi verið stolið.

„Tölvan er í sjálfu sér ekki verðmæt heldur innihaldið,“ segir Sveinn Rúnar. „Í tölvunni eru mjög mikilvæg gögn sem snerta Félagið Ísland-Palestína. Þetta eru gögn sem nýtast engum nema okkur í félaginu. Í tölvunni eru greinar, skjalasafn, fundargerðir félagsins langt aftur í tímann, bréfaskipti við samtök úti í heimi og fleira sem ég vil endilega fá til baka.“

Sveinn Rúnar segist hafa tilkynnt brotið til lögreglunnar sem hafi strax komið á vettvang. Tölvan hafi hins vegar ekki komið í leitirnar. Hann segist tilbúinn að borga hverjum þeim sem hefur tölvuna undir höndum skilagjald sem samsvarar verðmæti tölvunnar. Viðkomandi getur haft samband í síma 895 1349.

- th



**SVEINN RÚNAR HAUKSSON**
Formaður Félagsins Ísland-Palestína er reiðubúinn að borga skilagjald fyrir tölvuna.

Samningur leikskólakennara:

# 64,5 prósent sögðu já

**KJARAMÁL** Leikskólakennarar hafa samþykkt nýjan kjarasamning til tveggja ára. Forsvarsmenn Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga undirrituðu samninginn 22. desember síðastliðinn.

Atkvæði voru talin í gærmorgun og var samningurinn samþykktur með 64,5 prósentum atkvæða gegn 32,5 prósentum. Þrjú prósent atkvæðaseðlanna voru auðir og ógildir. Alls voru 1.491 á kjörskrá og greiddu 1.365 félagsmanna, eða 91,5 prósent, atkvæði.

- th

Tekinn með dóp á Akranesi:

# Reyndi að stinga af

**LÖGREGLA** Lögreglumenn á Akranesi höfðu afskipti af grunsamlegum manni á föstudagskvöld. Maðurinn tók til fótanna þegar hann varð var við lögreglumennina en þeir náðu þó að hlaupa hann uppi og handsama. Við handtöku náði hann að kasta frá sér tveimur litlum bögglum sem reyndust innihalda 4 grömm af amfetamíni og 11 grömm af sveppum.

Við ítarlegri leit á manninum fundust 1,5 grömm af amfetamíni og í framhaldi var farið í húsleit á heimili hans. Þar fundust 25 grömm af hassi, 1,7 grömm af amfetamíni og 2,2 af sveppum. Maðurinn var yfirheyrður og sleppt að því loknu. Málið er enn í rannsókn.

- bg

Setti staðsetningartæki undir bíl fyrrverandi:

# Dæmdur í fangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Maður var dæmdur í sextán mánaða fangelsi í Kaliforníu fyrir að ofsækja fyrrverandi kærustu sína.

Maðurinn var sár og svekktur eftir að konan sleit sambandinu við hann. Reyndi hann hvað hann gat til að vinna aftur ástir konunnar en lítið gekk. Maðurinn gekk hins vegar of langt þegar hann festi farsíma með gervihnattastaðsetningartæki undir bíl hennar. Staðsetningartækið fór í gang í hvert sinn sem bíllinn hreyfðist og sendi merki í gegnum gervihnött og í tölvu mannsins. Konan uppgötvaði tækið þegar hún kom að manninum liggjandi undir bílnum að skipta um rafhlöðu í símanum. ■

# Stýrisblað brotnaði af Dettifossi í óveðri

**Flutningaskip Eimskipafélagsins varð stjórnlaust fyrir austan land í fyrrakvöld þegar stýrið brotnaði. Mikill sjór var á þessum slóðum. Varðskipið Týr hefur reynt að draga skipið að landi en dráttartaug hefur slitnað þrisvar, síðast í gærkvöld.**

**BJÖRGUN** Stýrisblað á Dettifossi, flutningaskipi Eimskipafélagsins, brotnaði af skipinu í fyrrakvöld austur af landinu. Varðskipið Týr kom til aðstoðar seint í fyrrakvöld og tók Dettifoss í tog. Aðstæður voru mjög erfiðar á þessum slóðum vegna hvassviðris og sjógangs. Dráttartaug milli skipanna slitnaði í fyrrakvöld og aftur í gærdag.

Það var um klukkan átta á föstudagskvöld þegar forsvarsmenn Eimskips báðu um aðstoð Landhelgisgæslunnar þar sem Dettifoss lét ekki að stjórn. Þá var skipið statt átta sjómílur austur af Eystrahorni en skipið var á leið frá Reykjavík til Eskifjarðar. Um tveimur tímum síðar mætti Týr Dettifossi þar sem skipið rak frá landi. Skipin héldu sjó um átján sjómílur austur af Papey og taug sem tókst að koma í Dettifoss slitnaði skömmu fyrir miðnætti. Varðskipið Ægir kom einnig á staðinn um klukkan hálf ellefu í gærmorgun.

Um klukkan hálf þrjú í gærdag lagði Týr af stað með Dettifoss með stefnu á Eskifjörð eftir að hafa komið taug yfir í skipið. Síðdegis slitnaði hún vegna veðurs, en þar voru um 23 til 24 metrar á sekúndu, of vont veður til að reyna að koma línu aftur á milli skipanna.

Björgunartilraunir höfðu ekki borið árangur þegar blaðið fór í prentun í gær en reyna átti að koma taug frá Tý yfir í Dettifoss.

Að sögn manna um borð í Dettifossi var áhöfninni nokkuð brugðið þegar í ljós kom að skipið var stjórnlaust í vondu veðri. Viðmælandi blaðsins sagði líðan áhafnarinnar eftir atvikum.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipafélagsins, segir að skemmdir á Dettifossi verði kannaðar á Eskifirði og að því loknu verði tekin ákvörðun um hvar viðgerð fer fram.

Dettifoss er ásamt Goðafossi stærsta skip íslenska kaupskipaflotans. Það var smíðað í Danmörku fyrir tíu árum.

ghg@frettabladid.is



**SKUTUR DETTIFOSS**
Mynd tekin frá Ægi klukkan eitt í gærdag. Hluti stýrisblaðsins er brotinn af.




**BJÖRGUNARLEIÐANGURINN**
Á kortinu sjást ferðir Dettifoss frá því að stýri skipsins brotnaði af um klukkan átta í fyrrakvöld.


# ÞORRABLÓT

## 20 - 80 manna hópar

**Tökum að okkur Þorrablót fyrirtækja, félagasamtaka, vinahópa, átthagasamtaka o.s.frv.**



Hótel Cabin, Borgartúni 32

*Súðin á 6. hæð Hótel Cabin er einstaklega huggulegur veislusalur þar sem hópar njóta næðis en þó er stutt í ys og þys miðborgarinnar.*

**Pantanir í síma 5116030**

www.hotelcabin.is, booking@hotelcabin.is Hotel Cabin


## Veðrið

**Hægari vindur í dag**
Það má búast við að vindur gangi niður með morgninum og það verði yfirleitt fremur hæg vestlæg átt í dag. Fyrir austan verður þó norðlæg átt um tíma og gæti orðið strekkingsvindur eða jafnvel allhvasst á annesjum norðaustanlands. Það verður svalt í dag og frost fyrir norðan en það hlýnar þegar líður á morgundaginn og verður orðið frostlaust um allt land seinni partinn á morgun. Vindur verður skaplegur í kvöld og nótt en það bætir í vind aftur upp úr hádegi á morgun.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Stíf vestanátt og kalt í fyrstu en hlýnar þegar líður á daginn. Rigning vestanlands.

### Þriðjudagur




Stíf suðvestanátt með lítilsháttar vætu vestanlands. Hiti 2-8 stig.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C | léttskýjað | Þórshöfn | 9°C | sk.m.köflum | Mallorca | 9°C | sk.m.köflum |
| Osló | 4°C | léttskýjað | London | 10°C | léttskýjað | Los Angeles | 15°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | skýjað | Glasgow | 11°C | léttskýjað | Washington | -2°C | sk.m.köflum |
| Helsinki | -1°C | skýjað | París | 7°C | léttskýjað | New York | -3°C | snjókoma |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Verra veður,
betri þjónusta.
Nú er veturinn svo sannarlega skollinn á og þjónustan okkar orðin enn mikilvægari. Nú er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að halda bílnum í góðu ástandi í vetur og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!
TILBOÐ
KR. 799
Rain X
20% AFSLÁTTUR
Champion þurrkublöð
KR. 249
Rúðuvökvi, 2,5L með sítrónuilmi
olís
– öryggi í umferð!



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu sótt um launahækkun í vetur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 21% |
| Nei | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt(ur) við árangur íslenska landsliðsins á HM?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Fjárhagsstaða Ólafsfjarðar:

# Sársaukafullur samdráttur

**NIÐURSKURÐUR** Vegna bágrar fjárhagsstöðu Ólafsfjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til framkvæmda í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Að sögn Jónu Vilhelmínu Héðinsdóttur, formanns bæjarráðs, eru engar uppsagnir áformaðar en stytting á vinnutíma, hagræðing í rekstri og samdráttur í þjónustu einkennir fjárhagsáætlunina.

Þrátt fyrir launahækkanir síðustu missera er gert ráð fyrir að launakostnaður lækki um átta milljónir króna á milli ára og verði 56,8 prósent af heildarútgjöldum Ólafsfjarðarbæjar á yfirstandandi ári. Annar rekstrarkostnaður lækkar úr rúmum 136 milljónum króna í fyrra í rúmar 112 milljónir króna í ár.

„Hér eru lagðar til tímabundnar sársaukafullar aðgerðir sem munu koma við íbúa Ólafsfjarðarbæjar, bæði starfsmenn hans og íbúa,“ segir í bókun meirihlutans í Ólafsfirði. Þar kemur einnig fram að stefnt sé á að auka þjónustuna á ný á næsta ári og veita þá fé til framkvæmda í sveitarfélaginu.

- kk



**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til framkvæmda vegna bágrar fjárhagsstöðu bæjarins.

Kosningar:

# Cox á móti Hillary

**BANDARÍKIN, AP** Edward Cox, tengdasonur Richards Nixon, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, íhugar að bjóða sig fram á móti Hillary Clinton í kosningum til öldungardeildar þingsins á næsta ári.

Allt eins líklegt þykir að Cox hljóti útnefningu repúblikana þar sem ólíklegt er að Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, eða George Pataki ríkisstjóri muni sækjast eftir útnefningu. Stjórnmálaspekingar í Bandaríkjunum búast frekar við því að Giuliani og Pataki muni fara í forsetaframboð árið 2008. ■

Vinnumálastofnun:

# Ný tegund atvinnuleyfa

**VINNUMARKAÐURINN** Verið er að kanna hvort hægt sé að gefa út óendurnýjanleg atvinnuleyfi með svipuðum hætti og óendurnýjanleg dvalarleyfi.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að atvinnuleyfin virki þá þannig að starfsmaðurinn ávinni sér ekki dvalarleyfi á Íslandi og leyfið tryggi honum ekki aðgengi að íslenskum vinnumarkaði til frambúðar.

Eins og staðan er í dag fá fyrirtæki tímabundna heimild og er hún svo framlengd ef aðstæður leyfa.

Til að útgáfa á óendurnýjanlegum atvinnuleyfum geti hafist þarf lagabreytingu og er unnið að því.

- ghs

## IMPREGILO

**REGLUGERÐIN EFTIR HELGI** Reglugerðin sem félagsmálaráðherra boðaði fyrir helgina verður ekki gefin út fyrr en eftir helgi. Reglugerðinni er meðal annars ætlað að taka á gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á Impregilo. ASÍ og SA hafa sent athugasemdir sínar til ráðuneytisins og er verið að fara yfir málið.

**200 UMSÓKNIR** Meirihluti umsókna sem bárust frá fólki á EES-svæðinu vegna auglýsinga Impregilo hjá Eures-vinnumiðluninni var sendur áfram til Impregilo, eða um 200, og hefur þó nokkrum þegar verið boðið starf. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 15. febrúar.

# Rjúpnaveiði hefst að nýju

**Umhverfisráðherra hefur lagt fram frumvarp um að rjúpnaveiði hefjist að nýju í haust. Heimild er í frumvarpinu til að setja á sölubann. Það er talið koma í veg fyrir að lítill hópur veiðimanna hafi lífsviðurværi af sölu á rjúpu. Rjúpnastofninn tvöfaldaðist milli áranna 2003 og 2004.**

**VEIÐAR** Rjúpnaveiði hefst að nýju næsta haust ef frumvarp Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra verður að lögum. Frumvarpið hefur verið kynnt í ríkisstjórn og er nú til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna.

Í frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að takmarka rjúpnaveiðar við ákveðna daga og ákveðinn tíma sólarhringsins og að hann geti við tilteknar aðstæður sett á sölubann.

Sumarið 2003 ákvað Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, að friða rjúpu til yfirstandandi árs vegna bágs ástands stofnsins. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að við talningu á rjúpu síðastliðið vor hafi komið í ljós að stofninn hafi tvöfaldast milli áranna 2003 og 2004. Þetta bendi til þess að mögulegt sé að stunda takmarkaðar veiðar. Með tillögu umhverfisráðherra er ætlunin að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar þegar þær hefjast á ný til þess að ekki þurfi að grípa aftur til veiðibanns.

Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, átti sæti í nefnd sem undirbjó frumvarpið. Hann telur það til mikilla bóta og það auðveldi veiðistjórnun. Hann segir að með frumvarpinu sé reynt að koma í veg fyrir veiðar atvinnumanna með því að opna möguleika á sölubanni. „Það skiptir mestu að hægt sé að banna sölu til verslana og veitingahúsa. Það eru að vísu margir sem telja að salan færist þá á svartan markað en samkvæmt athugun okkar á framkvæmd sölubanns á gæsum og villtum laxi í Bandaríkjunum og Skotlandi virðist sem slíkt bann geti verið árangursríkt.“

Sigmar segir um 500 veiðimenn, eða um tíu prósent skotveiðimanna, hafi veitt um helming rjúpna sem veiddur var á landinu. „Það hlutfall gengur ekki upp. Rjúpnaveiðar eiga að vera frístundaveiðar en ekki atvinna.

Ætlunin er að koma á sölubanni við tilteknar aðstæður, það er þegar stofninn er talinn veikur en ekki er talin ástæða til þess þegar hann er sterkur. Sigmar segir þennan möguleika gera umhverfisráðherra auðveldara að grípa inn í með verndaraðgerðum þegar þess reynist þörf.

ghg@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VIÐ UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ**
Fjöldi skotveiðimanna mótmælti rjúpnaveiðibanni á sínum tíma.




**TIL VERNDAR RJÚPUNNI**
Mótmælandi vakti athygli á því að skotveiðimenn væru háværi og skipulagður þrýstihópur.




Nýting söguminja á Akureyri:

# Arkitektastofa flytur í kartöflugeymslur

**SÖGUMINJAR** Arkitektastofan Kollgáta á Akureyri hefur eignast gömlu kartöflugeymslurnar í Listagilinu á Akureyri. Logi Már Einarsson, eigandi Kollgátu, segir að ætlunin sé að endurbyggja geymslurnar og flytja starfsemi arkitektastofunnar þangað með vorinu. „Til stóð að rífa geymslurnar í tengslum við framkvæmdir við Brekkuskóla en mér var bent á að þetta gæti orðið hentugt húsnæði fyrir okkur. Nú er búið er að fjarlægja allan jarðveg ofan af geymslunum og verið að einangra þær og verja fyrir vatni og vindum. Á næstunni hefjast svo framkvæmdir inni í geymslunum.

Logi segir kostnaðinn við framkvæmdirnar svipaðan og um nýbyggingu væri að ræða en húsnæðið, sem allt verður neðanjarðar, er 95 fermetrar að stærð. Stór gluggi mun snúa út í Listagilið og þar verður einnig inngangurinn.

„Það væri vel þegið ef þeir sem eiga myndir sem tengjast geymslunum hefðu samband við okkur því við ætlum að gera sögu mannvirkisins skil á einum vegg arkitektastofunnar,“ segir Logi Már.

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**GÖMLU KARTÖFLUGEYMSLURNAR Á AKUREYRI**
Geymslurnar voru byggðar 1937 og notaðar sem slíkar fram yfir 1980.

# Gott að vita

vorönn 2005

## Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

SFR og St.Rv. bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og var stefnan sett á að bjóða fjölbreytt námskeið, bæði stutt og löng, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarksþátttakendafjöldi inn á hvert námskeið er 12 manns en hámarksfjöldi getur verið mismunandi eftir því um hvers konar námskeið er að ræða. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Námskeið...

### Ljósmyndun

Tími:
a) Þri. 1. og þri. 8. feb. kl. 17–20.
b) Þri. 1. og þri. 8. mars kl. 17–20.

Lengd: 8 kest.
Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Þátttökugjald 1.000 kr.

### Með allt á hreinu?

Tími: Mið. 2. feb. kl. 16.30–19.30.

Lengd: 4 kest.
Leiðbeinandi: Sverrir Jónsson hagfræðingur.

Ekkert þátttökugjald.

### Tjáning í töluðu máli

Tími: 7., 10., 17., 21., 24. og 28. feb. (mán. og fim.) kl. 19.45–22.15.

Lengd: 20 kest. (6x).
Leiðbeinandi: Kristín Á. Ólafsdóttir leikari.

Þátttökugjald 1.000 kr.

### Er lesblinda náðargjöf?

Tími: Þri. 15. feb. kl. 17–18.

Lengd: 1 kest.
Leiðbeinandi: Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, kennari og Davis-leiðbeinandi, ráðgjafi hjá Mími-símenntun.

Ekkert þátttökugjald.

### Undirbúningur funda, fundarstjórn og fundargerðir

Tími: Fim. 3. mars kl. 16.30–19.30.

Lengd: 4 kest.
Leiðbeinandi: Kristín Á. Ólafsdóttir leikari.

Ekkert þátttökugjald.

### Vídeóupptökur

Tími: Mán. 7. og mið. 9. mars kl. 19.30–22.30.

Lengd: 8 kest.
Leiðbeinandi: Marteinn Sigurgeirsson kennsluráðgjafi.

Þátttökugjald 1.000 kr.

### Að sækja um starf

Tími: Fim. 10. og fim. 17. mars kl. 17–19.

Lengd: 6 kest.
Leiðbeinandi: Hrafnhildur Tómasdóttir náms- og starfsráðgjafi.

Þátttökugjald 1.000 kr.

### Breytingar sem tækifæri

Tími: Mán. 14. mars kl. 16.30–19.30.

Lengd: 4 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.
Leiðbeinandi: Vilborg Einarsdóttir, MSc í stjórnun og stefnumótun.

Ekkert þátttökugjald.

### Skattaframtal

Tími: Þri. 15. mars kl. 16.30–19.00.

Lengd: 3 kest.
Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, deildarstjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Ekkert þátttökugjald.

### Hvort ég get? Ekki málið

Tími: Þri. 5., fim. 7. og þri. 12. apríl kl.16.00–20.00.

Lengd: 12 kest.
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Þátttökugjald 1.000 kr.

**Öll námskeiðin eru haldin á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.**

Skráning og nánari upplýsingar:

### SFR

Sími: 525 8340
Netfang: johanna@sfr.bsrb.is

### Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Sími: 525 8330
Netfang: jakobina@strv.bsrb.is

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þingkosningarnar í Írak í dag eru mikilvægar fyrir framtíð landsins.

## Írakar ganga að kjörborðinu

Hver sem afstaða manna var til innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak á sínum tíma hljóta menn að fallast á að þingkosningarnar sem þar fara fram í dag eru afar mikilvægar fyrir framtíð landsins og velferð landsmanna. Enginn getur óskað þess að ógnaröldin í landinu haldi áfram. Besta leiðin til að koma á friði og tryggja öryggi þjóðarinnar er að Írakar taki sjálfir við stjórnartaumunum í landinu og skilyrði skapist fyrir því að erlendir herir fari á brott.

**Nýrri ríkisstjórn Íraks er mikill vandi á höndum. En lýðræðislegt umboð mun styrkja hana í sessi og auka tiltrú á henni. Það verður auðveldara fyrir alþjóðasamfélagið að eiga samskipti við lýðræðislega kjörna ríkisstjórn en stjórn sem búin er til af Bandaríkjamönnum og Bretum.**

Það er fátítt að almenningur í arabaríki fái að ganga að kjörborðinu og velja sér leiðtoga á lýðræðislegan hátt. Það eru út af fyrir sig tímamót sem ekki skyldu vanmetin. Hitt er svo annað mál að kosningarnar fara fram við aðstæður sem valda efasemdum um að hve miklu leyti þær munu ná að endurspegla vilja þjóðarinnar. Yfir frambjóðendum og kjósendum vofa líflátshótanir hryðjuverkamanna. Í ljósi nær daglegra ógnarverka og sjálfsmorðsárása þarf ekki að koma á óvart að margir hugsi sig um tvisvar áður en þeir taka ákvörðun um að mæta á kjörstað. Nöfnum margra frambjóðenda hefur jafnvel verið haldið leyndum til að tryggja líf þeirra og öryggi.

Það glæðir vonir manna um skaplega kjörsókn að þrátt fyrir allt virðist ríkja mikill áhugi á kosningunum meðal landsmanna. Það er ekki nýtt að hryðjuverkamenn og öfgahópar reyni að fæla fólk frá kosningaþátttöku með hótunum og má í því sambandi rifja upp tilraunirnar sem gerðar voru til að skelfa kjósendur í frjálsu kosningunum í Afganistan á síðasta ári. Sú viðleitni bar ekki árangur. Vonandi munu hugrakkir kjósendur í Írak bjóða andstæðingum lýðræðis birginn á sama hátt. En það er ekki hægt að áfellast þá sem ekki treysta sér á kjörstað.

Nýrri ríkisstjórn Íraks er mikill vandi á höndum. En lýðræðislegt umboð mun styrkja hana í sessi og auka tiltrú á henni. Það verður auðveldara fyrir alþjóðasamfélagið að eiga samskipti við lýðræðislega kjörna ríkisstjórn en stjórn sem búin er til af Bandaríkjamönnum og Bretum. Og miklu skiptir einmitt að í kjölfar kosninganna hefjist ferli sem felist í því að ríki og þjóðir, sem ekki áttu þátt í innrásinni, komi með öflugum hætti að því að byggja Írak upp að nýju, atvinnuvegina, samgöngur, heilbrigðiskerfið og skólana. Þar hljóta Sameinuðu þjóðirnar að hafa forystu ásamt öflugum ríkjasamtökum eins og Evrópusambandinu. Friður í Írak og lýðræðislega kjörin stjórn landsmanna sjálfra er hagsmunamál heimsbyggðarinnar allrar. ■


ÞORRABLÓT
20 - 80 manna hópar
Tökum að okkur Þorrablót fyrirtækja, félagasamtaka, vinahópa, átthagasamtaka o.s.frv.



Hótel Cabin, Borgartúni 32

*Súðin á 6. hæð Hótel Cabin er einstaklega huggulegur veislusalur þar sem hópar njóta næðis en þó er stutt í ys og þys miðborgarinnar.*

Pantanir í síma
5116030
www.hotelcabin.is, booking@hotelcabin.is
Hotel Cabin


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn fundur

Í nóvember í fyrra hittust utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna, Davíð Oddsson og Colin Powell, og ræddu framtíð varnarstöðvarinnar í Keflavík. Athygli vakti að Powell vildi ekki tjá sig neitt um fundinn en Davíð fullyrti hins vegar við blaðamenn að ráðamenn landanna væru nær samkomulagi eftir fundinn en fyrir hann. Þá boðaði Davíð embættismannaviðræður milli landanna í janúar á þessu ári. Nú þegar janúar er nær allur bólar ekkert á fundahöldum. Talað er um að togstreita sé í Washington á milli utanríkisráðuneytsins, sem vilji koma til móts við sjónarmið íslenskra stjórnvalda, og varnarmálaráðuneytisins sem telur ekki þörf á sérstökum varnarviðbúnaði hér á landi. Lítur málið ekki vænlega út.



Ef til vill skýrast mál eitthvað ef Davíð Oddsson nær fundi með Condoleezzu Rice, hinum nýja utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á ráðherrafundi NATO sem verður í Brussel í annarri viku febrúarmánaðar.

### Ár flokksþinga

Árið 2005 er ár flokksþinganna. Í næsta mánuði koma framsóknarmenn saman, í maí (eða fyrr) verður þing Samfylkingarinnar og samkvæmt flokksreglum á að halda landsfund Sjálfstæðisflokksins á þessu ári. Til hans hefur ekki verið boðað en líklegt er að hann verði í haust. Nokkur eftirvænting ríkir um það hvort til kosninga komi um varaformannsembættið í Framsóknarflokknum en svo virðist sem áhrifamenn í flokknum hafi verið að gefa það í skyn við Guðna Ágústsson að hann væri ekki öruggur um áframhaldandi setu. Ekki þarf síðan að fjölyrða um þing Samfylkingarinnar þar sem til sögulegs uppgjörs mun koma.

### Kári selur

Grein Kára Stefánssonar hér í blaðinu í gær, „Af flísum og bjálkum", hefur vakið mikla athygli og umtal. Ýmsum kom á óvart sú tilkynning hans í upphafi greinarinnar, að hann vaknaði nú glaður á hverjum morgni vegna þess að hann væri ekki lengur meðal eigenda fjölmiðla. Kári hefur verið einn af eigendum Fréttablaðsins, DV og Stöðvar tvö. Um áramótin seldi hann hlut sinn og hefur Árni Hauksson, fráfarandi forstjóri Húsasmiðjunnar, aukið hlut sinn í 365-miðlum að sama skapi.



gm@frettabladid.is

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

## Í leit að ímynd sinni

Stjórnmálaforingjar geta verið óhemju uppteknir af ímynd sinni. Vandinn er hins vegar sá að þeir eru ekki alltaf öruggir um hver þessi ímynd er. Og hvort hún henti þeim – og hvað þeir eigi að stjórnast mikið af henni. Þeir gefa í og úr; sækja fram af dirfskunni og hörkunni – að ekki sé talað um þrjóskunni – allt þar til þeim finnst einum of langt gengið – og hopa þá ... sýna þjóðinni brosið, breyskleikann, bljúgmennskuna.

Að þessu leyti eru stjórnmálaforingjar einskonar tilfinningasleðar sem renna fram og aftur instrumentið og gefa ýmist frá sér gelt eða gælur, ýlfur eða óm.

Bölv eða breim.

Ef ævi stjórnmálamanns er brotin niður í nokkur breytingarskeið er ekki úr vegi að miða þau við kjörtímabil. Innan hvers þessara tímabila rúmast nokkrar ímyndir sem eru ýmist hreinar, tilbúnar eða ágræddar. Hreina ímyndin miðast vitaskuld við upplagið og gott ef ekki uppeldið, en hinar tvær við síðari tíma spunafræði þar sem uppgjafa blaðamenn eru fengnir til að sparsla upp í sprungurnar. Og svo fer instrumentið af stað; það sýnir þjóð sinni föðurlega festu og hlýindi í aðdraganda kosninga en skiptir svo auðveldlega um ham að niðurstöðunni fenginni; allt eftir því hvort úrslitin hafa skilað því með magann eða bakið út að Austurvelli. Í tilviki soltna magans tekur við tuð og tækifærismennska, jafnvel þunglyndi. Í tilviki breiða baksins taka við tilfinningaleg ofsaköst, almennt fúllyndi og öfgafull sárindi út í aðrar skoðanir en sínar eigin.

Þetta á við um alla stjórnmálaforingja, fyrr og síðar. Og skiptir litlu í hvaða flokki menn eru. Við höfum séð Davíð Oddsson breytast úr skemmtilega ófyrirleitnum foringja í ferlega nöldurskjóðu. Við höfum horft á Halldór Ásgrímsson breytast úr staðföstum miðjumanni í margsaga hægrimann. Og við höfum séð Ingibjörgu Sólrúnu koðna undan eigin ákvarðanafælni. Og Össur verða vælum að bráð. Steingrím tapa sér.

Það getur í sjálfu sér verið ágætis dægrastytting að skoða hinar mörgu ímyndir allra þessara stjórnmálaforingja. Og sjá fyrir sér þegar Davíð Oddsson reis hvað hæst í kunnáttusamri kerksni sinni að langræknin fór að slá út í fyrir honum, gremjan að gera út af við hann ... allt þar til gamla ljúfmennið birtist mönnum skyndilega aftur, gamansamt og elskulegt – stórt í hugsun og gjörðum, andlega sært og líkamlega en umfram allt skemmtilegt. Og allir þekkja erfiðleika þess að kreista fram brosið á Halldóri Ásgrímssyni – og hversu óhóflega það var notað fyrir síðustu kosningar ... en hvernig þyngslin hafa múrað hann inn í gamla tukthúsinu við Lækjargötu, þaðan sem forherðingin hefur gert út af við föðurlegan stílinn – og framsókn hefur breyst í ofsókn ... allt þetta „tal" í öðru fólki fari einhvern veginn í taugarnar á honum.

**Líklega eigum við eftir að sjá margar myndir af stjórnmálaforingjum okkar á komandi árum. Ólíkar myndir, öfgafullar, átakanlegar og ánægjulegar. Pólitískar fegurðarsamkeppnir eru það sem koma skal – og í sjálfu sér ekkert annað við að vera þegar stjórnmálin hafa öll hrúgast inn á miðjuna. Það er það eitt eftir að líta almennilega út – og vita ... hvenær ber að brosa, hvenær ekki ... hvenær gildir harkan, hvenær ekki.**




Ímyndin rokkar ekki síður á ásjónu stjórnarandstöðunnar; einhverra hluta vegna hefur ekki tekist að festa skoðun við forystu Össurar Skarphéðinssonar – rétt eins og skipt sé um leikmynd í miðju sviðsverki; eilíflega. Hann á erfitt með að vigta alvarleika sinn, afslappað flissið sem virðist aldrei langt undan er oftar en ekki úr takti við tilefnið. Og hafi ímynd einhvern tíma verið erfið eru stjórnmál þeim manni vonlaus sem hefur enga pontuna. Ingibjörg Sólrún er leikari án leikmyndar, leikstjóri án leikhúss. Það pólitíska tómarúm sem hún valdi sér á síðustu misserum er í ágætu samræmi við erfiðleikana sem hún glímdi við á síðustu dögum sínum sem borgarstjóri: Hún hikaði. Og kom þar í ljós munurinn á henni og Davíð Oddssyni – hann þorði á sinni tíð. Og sá og sigraði. Fyrri tíma skörungsskapur Ingibjargar hefur hins vegar máðst út, guggnað og gleymst.

Líklega eigum við eftir að sjá margar myndir af stjórnmálaforingjum okkar á komandi árum. Ólíkar myndir, öfgafullar, átakanlegar og ánægjulegar. Pólitískar fegurðarsamkeppnir eru það sem koma skal – og í sjálfu sér ekkert annað við að vera þegar stjórnmálin hafa öll hrúgast inn á miðjuna. Það er það eitt eftir að líta almennilega út – og vita ... hvenær ber að brosa, hvenær ekki ... hvenær gildir harkan, hvenær ekki.

Líklega munu stjórnmálamenn elta ímynd sína af enn meira kappi en áður á næstu árum – gefandi í og úr – eftir því sem sláttur samfélagsins býður þeim hverju sinni. Krafa dagsins er ... að bregðast við. Og helst ... vera fyrri til. Ég tala nú ekki um ... að sjá fyrir.

Þeim fer fækkandi stjórnmálaforingjunum sem koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Þeim fer fjölgandi foringjunum sem koma við í forstofunni og fá úthlutað klæðum og brosi úr hendi nýrrar stéttar aðstoðarstjórnmálamanna. Það er í þeirra verkahring að velja framhlið foringjans hverju sinni. Þeim er ætlað að rýna í samfélagið og meta líkleg viðbrögð þess við pólitískum uppákomum. Þetta pólitíska fikt virðist hafa ágerst í lífi stjórnmálaforingja á borð við Halldór Ásgrímsson, Össur Skarphéðinsson og Ingibjörgu Sólrúnu og jafnvel líka hjá Davíð Oddssyni á allra síðustu mánuðum, að svo miklu leyti sem einhver maður fær einhverntíma stjórnað honum. Hjá öllum þessum foringjum er verið að kippa í misjafnlega þykka spotta á hverjum degi. Og enda þótt ég hafi á tilfinningunni að til dæmis Davíð Oddsson kippi sér lítið upp við þá, sýnist mér þeir hinir vera full háðir þessum spottum. Eins og þeir haldi sér ekki uppi án þeirra. Komi því aðeins til dyranna, að þeir hafi verið klæddir.

Það er tískusýning. Ekki pólitík. Eða að minnsta kosti breytt pólitík ... svokölluð pjáturspólitík. ■


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Þúsundir viðskiptavina fá

endurgreitt ...



... allt að 7% af vaxtagreiðslum síðasta árs!

Undanfarin ár hefur Íslandsbanki verðlaunað skilvísa viðskiptavini með því að endurgreiða þeim **allt að 7% af vaxtagreiðslum skuldabréfa**. Þú getur líka komist í raðir viðskiptavina sem fá endurgreitt. Kynntu þér fleiri kosti **Vildar og Gullvildar** á isb.is, með því að hafa samband við næsta útibú Íslandsbanka, eða þjónustuverið í síma 440 4000.

ÍSLANDSBANKI

**SIR WINSTON CHURCHILL (1874-1965)** var borinn til grafar þennan dag.



*„Sjálfur er ég alltaf til í að læra, þó svo að mér hugnist ekki alltaf að láta kenna mér.“*

***Útför stjórnmálajöfursins sem var forsætisráðherra Breta í seinni heimsstyrjöldinni fór fram að viðstöddu fjölmenni, fyrirfólki víða að úr heiminum sem og bresku hefðarfólki.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Hitler varð ríkiskanslari í Þýskalandi*

Þennan dag árið 1933 sór Adolf Hitler embættiseið sem ríkiskanslari og náði völdum í Þýskalandi. Þar með náði nasistaflokkurinn undirtökunum í þýsku þjóðlífi í gegnum margvíslega lagasetningu sem ýtti undir völd flokksins og gerði öðrum erfiðara fyrir.

Næstu sex ár umbreytti Hitler Þýskalandi þannig að úr varð lögregluríki. Við tók uppbygging hersins, sem þó var brot á Versalassáttmálanum frá árinu 1919. Á alþjóðasviðinu þóttist Hitler maður samninga og átti í vinsamlegum viðræðum við aðrar Evrópuþjóðir um leið og hann lýsti yfir einlægum friðarvilja.

Árið 1938 hóf Hitler svo yfirgangsama landvinningastefnu og leit að „lífsrými“ eða „lebensraum.“ Hvorki Bretland, Frakkland né Rússland vildu hætta á stríð og létu því undan yfirgangssemi Þjóðverja. Þannig tókst Þýskalandi að innlima nágrannaríkið Austurríki og sneiða til sín hluta af Tékkóslóvakíu. Þá hótuðu Bretar og Frakkar um síðir að stríð myndi brjótast út ef Þýskaland leggði í Pólland eða Rúmeníu.

Það var svo í september árið 1939 að Þýskaland réðst inn í Pólland. Bretlandi og Frakklandi var þá nauðugur einn kostur að lýsa yfir stríði á hendur landinu og seinni heimsstyrjöldin braust út.



**ADOLF HITLER**

## MERKISATBURÐIR

**1649** Karl I Bretakonungur er hálshöggvinn.

**1935** Húsmæðrafélag Reykjavíkur stofnað.

**1948** Mahatma Gandhi lætur lífið í banatilræði á Indlandi.

**1957** Sameinuðu þjóðirnar fara fram á að Suður-Afríka endurskoði aðskilnaðarstefnu sína.

**1972** „Blóðugi sunnudagurinn“ þegar breskir hermenn drápu þrettán manns í mannréttindagöngu kaþólikka á Norður-Írlandi.

**1982** Snjóflóð fellur í Ingólfsfjalli í Ölfusi með þeim afleiðingum að piltur og stúlka farast.

**2002** Rómversk-kaþólska kirkjan á Írlandi samþykkir bótagreiðslur upp á 6 til 7 hundruð milljónir króna til barna sem prestar kirkjunnar hafa misnotað síðustu áratugi.

## AFMÆLI

**Þorbjörn Broddason** fjölmiðlafræðingur er 62 ára í dag.





**Kolbrún Jarlsdóttir** kvikmyndagerðarmaður er fimmtug í dag.

## ANDLÁT

**Roy Ó. Breiðfjörð** lést miðvikudaginn 19. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Gylfi Árnason**, Snægili 30, Akureyri, lést laugardaginn 22. janúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**Henný Dagný Sigurjónsdóttir**, áður Laugarnesvegi 42, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, miðvikudaginn 26. janúar.

**Jóhannes Oddsson**, glerskurðarmeistari, Vesturgötu 57A, lést miðvikudaginn 26. janúar.

**Halldóra Jóhannsdóttir**, Hjallabraut 88, Hafnarfirði, lést fimmtudaginn 27. janúar.

**Sigrún Magnúsdóttir Lucchesi**, áður Vesturgötu 7, Reykjavík, lést fimmtudaginn 27. janúar.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1882** Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna.

**1927** Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar.





**1930** Gene Hackman, leikari.

**1937** Boris Spasskí, heimsmeistari í skák.

**1937** Vanessa Redgrave, leikkona.



**1947** Steve Marriott, tónlistarmaður.

**1951** Phil Collins, tónlistarmaður.

**1958** Brett Butler, leikkona.



**1959** Jody Watley, söngkona.



**1974** Christian Bale, leikari.

**1979** Diva Zappa, dóttir Franks Zappa.





*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Baldursson**

hæstaréttarlögmaður,

lést föstudaginn 28. janúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Lilja Bernhöft, Baldur Sigurðsson og Gísli Sigurðsson.


15% afsláttur

af legsteinum

gegn staðgreiðslu

í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK

Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is




**PÁLL SKÚLASON HÁSKÓLAREKTOR** Í byrjun vikunnar kemur út ný bók eftir Pál sem farinn er að horfa til frekari skrifa þegar hann lætur af störfum sem rektor í vor.

TÍMAMÓT: PÁLL SKÚLASON REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Ný bók að koma og starfslok í vor

Eftir helgina kemur út ný bók eftir Pál Skúlason, háskólarektor og prófessor í heimspeki, sem gefin er út á fjórum tungumálum í senn, íslensku, ensku, frönsku og þýsku. Bókin heitir Hugleiðingar við Öskju en í henni leggur Páll út af stórbrotnu náttúrufari við Öskju og veltir upp hugleiðingum um eðli trúarbragða og stöðu mannsins í heiminum.

### Grundvöllur trúarinnar

Þó svo að Páll noti Öskju sem útgangspunkt í bók sinni segir hann fólk vissulega geta orðið fyrir þeirri reynslu af náttúrunni sem í henni er lýst við allt aðrar aðstæður. „Eins gæti eitthvað örsmátt í náttúrunni vakið þessa reynslu af sjálfstæðum veruleika óháðum vitund okkar, fullum af leyndardómum,“ segir hann, en slíkri upplifun fylgir gjarnan einnig vitundin um eigin smæð, vanmátt og takmarkanir. „Við fæðumst þarna inn í heim sem er óendanlega stórkostlegur ef svo má orða það,“ segir hann og telur að þarna sé komin tilfinningin sem liggi trúarbrögðum til grundvallar. „Andspænis þessum sjálfstæða náttúrulega veruleika uppgötvum við okkur sem vitandi verur og líf okkar verður fólgið í því að mynda tengsl, eða samband, við þennan veruleika og okkar á milli. Þetta samband er andlegt og þar með eiginlega af trúarlegum toga, en svo getur það auðvitað þróast á marga ólíka vegu.“ Páll segist ekki óttast að fólki finnist vegið að trú sinni með því að skilgreina trúarþörfina á þennan hátt. „Ég er heldur ekki að fjalla um hin breytilegu trúarbrögð, heldur um ákveðna sammannlega reynslu. Ef eitthvað er, þá er í þessu fólgin ákveðin viðurkenning á mikilvægi trúarbragða almennt, hver sem þau eru.“

Hugleiðingar við Öskju eru hins vegar ekki bara heimspekirit heldur einnig nokkurs konar handbók ferðafólks, ríkulega skreytt ljósmyndum Guðmundar Ingólfssonar. „Ég vona að hún gagnist fólki þegar það ferðast um landið,“ segir Páll og vísar til þess hvernig fólk leitast við að hverfa úr sínu hversdagslega umhverfi í fríum í leit að endurnýjun, hvíld og hressingu. „Þá virðist gjarnan vera freistandi að reyna að enduruppgötva eða endurupplifa náttúruna. Í því sambandi getur auðvitað verið gagnlegt fyrir fólk að hafa einhvern texta til að íhuga.“



**HUGLEIÐINGAR VIÐ ÖSKJU** Bókin kemur út á fjórum tungumálum, hér að ofan er enska útgáfan sem ber heitið „Meditations at the edge of Askja“.

### Meira fé í skólana

Líta má á útkomu nýrra bóka sem ákveðin tímamót, en Páls Skúlasonar bíða önnur tímamót í vor þegar hann lætur af starfi rektors Háskóla Íslands. „Ég fer aftur í prófessorsstarfið og mín fræði,“ segir hann og kveður það munu verða spennandi að koma aftur að fræðunum. „Það er náttúrlega sá heimur sem ég hef verið að vinna í,“ segir hann og játar því að vera þegar farinn að leggja í huganum grunn að næstu bókum. „Maður er auðvitað alltaf að því, en það er kannski fullsnemmt að segja til um þá hluti.“

Páll segist mjög sáttur við tíð sína sem rektor, en hann hefur gegnt starfinu í um átta ára skeið. „Þetta hefur verið afskaplega skemmtilegur tími og tilbreytingaríkur. Starfið er fjölbreytt og viðfangsefnin mörg og ólík. Þarna fékk ég tækifæri til að kynnast háskólafólki og háskólanum á alveg nýja vegu og ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að vera í þessu hlutverki.“ Skólinn hefur í rektorstíð Páls gengið í gegnum miklar breytingar og vaxið, bæði hvað varðar fjölda nemenda og námsframboð. Páll segir mestu nýmælin fólgin í auknu framboði meistara- og doktorsnáms. „Þegar ég er að byrja voru um 100 nemendur í meistaranámi en núna eru um 1.500 í meistara- og doktorsnámi. Þetta er gjörbylting í starfi Háskólans og hefur verið stórkostlegt ævintýri,“ segir Páll og telur óvíst að þjóðfélagið hafi enn uppgötvað hversu mikla þýðingu það hafi að hafa að bjóða svo öflugt nám. „Þessi vöxtur allur kallar vitanlega á meira fé, aukið húsnæði og bættar aðstæður, um leið og nýta þarf peninga og húsnæðið sem fyrir er betur en nokkru sinni. Það höfum við reynt að gera um leið og við höfum kallað eftir meiri fjármunum. Hins vegar er alveg ljóst að þjóðfélagið þarf að leggja mun meira í háskólana. Þessi aukna menntun í meistara- og doktorsnámi er einfaldlega framtíðin og krafa þjóðfélagsins er að stofnanir eins og Háskólinn sinni þessum verkefnum sem síðan skila sér með óendanlega breytilegum og margvíslegum hætti út í þjóðfélagið.“ ■

www.icelandair.is/florida

# Fjórum sinnum í viku til Orlando




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27284 01/2005

## Flug og gisting í viku - Orlando
## Verð frá 42.783 kr. á mann*

Gisting á Best Western Plaza á mann í herbergi m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
1. - 8. febrúar frá 42.783 kr.*
7. - 14. febrúar frá 43.303 kr.*
8. - 15. mars frá 44.278 kr.*

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattur, þjónustugjald og eldneytisgjald.
* Þegar hinir fullorðnu nýta sér Mastercard ávísun og VR-ávísun (samtals 20.000 kr. f. 4).

Dæmi: Þú getur sparað 10.000 kr. á fullorðinn.

## Flug og bíll í viku - Orlando
## Verð frá 41.498 kr. á mann*

Flug og bíll á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. 1. - 8. feb., 7. - 14. feb. og 8. - 15. mars.

Innifalið: Flug og bíll í 7 daga í B-flokki, flugvallarskattur, þjónustugjald og eldneytisgjald.
* Þegar hinir fullorðnu nýta sér Mastercard ávísun og VR-ávísun (samtals 20.000 kr. f. 4).

VR orlofsávísun
Munið ferða-ávísunina

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Sólskinsríkið Florida nýtur sífellt meiri vinsælda hjá Íslendingum. Við höfum nú ákveðið að mæta þessum vinsældum og fjölga ferðum til Florida. Flogið fjórum sinnum í viku til Orlando. Núna geta allir komist í sólina, sæluna og áhyggjuleysið.

Orlando er miðsvæðis í Florida. Á Orlandosvæðinu eru yfir 350 verslanir og verslanamiðstöðvar og ógrynni frægra skemmtigarða og annarra áhugaverðra staða, t.d. Walt Disney World, Universal Studios, Sea World, Wet n´ Wild ofl. Ekki langt frá Orlando eru sælureitirnir St. Petersburg Beach, Bradenton og Sarasota, South Beach, Fort Lauderdale, Ft. Myers og Daytona Beach.









út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*Stærstu fjármálafyrirtækin geta glaðst yfir árangri síðasta árs. Hagnaður hefur aldrei verið meiri og reksturinn virðist í góðum gír. Samanlagður hagnaður fjögurra banka á síðasta ári var yfir 46 milljarðar króna.*

# Dýrðarár bankanna

**Eigendur bankanna ljóma af gleði eftir uppskeru ársins. Hagnaður Landsbankans í fyrra er til dæmis svipaður og verðið sem Samson greiddi fyrir kjölfestuhlut sinn í bankanum. Árið 2004 kemur ekki aftur en horfurnar fyrir þetta ár eru ágætar.**

Stærstu fjármálafyrirtækin geta glaðst yfir árangri síðasta árs. Hagnaður hefur aldrei verið meiri og reksturinn virðist í góðum gír. Samanlagður hagnaður fjögurra banka á síðasta ári var yfir 46 milljarðar króna.

Mest kom á óvart uppgjör Landsbankans sem skilaði 12,7 milljarða hagnaði. Hagnaðurinn var töluvert umfram spár, en bankinn er ásamt Straumi með mestar eignir hlutfalllslega í hlutabréfum. Hlutabréf lækkuðu töluvert á síðasta fjórðungi og mega stjórnendur Straums og Landsbankans vel við una að ná rekstrarárangri fjórðungsins miðað við aðstæður á hlutabréfamarkaði.

### Sterkt fyrsta ár hjá Straumi

Uppgjör Straums var undir spám greiningardeilda, en mikill vöxtur er í útlánum bankans sem ætti til framtíðar að gera tekjurnar jafnari og dreifa áhættu. Straumur hefur verið áberandi á innlendum hlutabréfamarkaði og oft á tíðum reynst vera töluvert hreyfiafl á markaðnum. Bankinn hefur að undanförnu tekið þátt í erlendum verkefnum og leiddi fjármögnun kaupa Íslendinga á Magasin du Nord. Straumur hagnaðist um 6,4 milljarða á fyrsta starfsári sínu sem banki. Verkefni bankans á árinu verður meðal annars að leysa úr stöðunni með eign sinni í Íslandsbanka. Eignin í Íslandsbanka dregst frá eigin fé bankans og miðað við mikinn vöxt í starfseminni getur eignarhluturinn þegar fram í sækir farið að standa vextinum fyrir þrifum. Fjármálaeftirlitið telur ekki standast til framtíðar að bankinn eigi bæði hlut í Íslandsbanka og Tryggingamiðstöðinni til lengri tíma. Straumur mun því í nánustu framtíð taka ákvarðanir um þessar eignir sem munu efalítið valda einhverjum titringi þegar lagt verður í hann.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KÁTIR BANKASTJÓRAR** Þeir Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður KB banka, Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, geta allir unað glaðir við sitt. Bankarnir virðast traustir í sessi sem hlýtur að gleðja sessunaut bankamannanna á þessari mynd, Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

### Uppgjör Landsbankans kom þægilega á óvart

Landsbankinn er einnig í örum vexti og hefur enn sem komið er ekki ráðist í kaup á erlendum banka, en flestir búast við því að skammt sé í fréttir af útrás bankans. Uppgjör bankans er geysigott og arðsemi eiginfjár er um 50 prósent. Margir hafa óttast vaxtaverki af stækkun bankans, en uppgjör síðasta árs bendir til þess að reksturinn fylgi vextinum. Bankinn hefur aukið útlán sín verulega og framtíðin ein getur sagt til um hversu góð lánin eru. Uppgjör bankans kom markaðnum þægilega á óvart og hækkaði gengi bankans við birtingu. Bankinn hafði auk þess hækkað nokkuð dagana fyrir uppgjörið.

### Traustar undirstöður í KB og Íslandsbanka

Afkoma Íslandsbanka og KB banka einkenndist af sterkum undirstöðum. Íslandsbanki á orðið nokkuð langa samfellda sögu góðs rekstrarárangurs og árið í fyrra var engin undantekning. Bankinn skilaði 11,4 milljarða hagnaði, en starfsemi Sjóvár Almennra dró afkomuna niður á fjórða ársfjórðungi.

KB banki hagnaðist um 15,8 milljarða sem er Íslandsmet í hagnaði. Sama má segja um uppgjör KB banka og Íslandsbanka að undirstöðurnar eru mjög traustar. Báðir þessir bankar eru með mjög hátt eigið fé. Íslandsbanki mun nota það til að borga fyrir BN bank í Noregi og KB banki er líklegur til þess að kaupa Singer and Friedlander í London, auk þess sem bankinn hyggst byggja upp starfsemi sína í Finnlandi og Noregi þegar tækifæri gefast. Stöðugleikinn í rekstri Íslandsbanka og KB banka gefur fyrirheit um að áframhald verði á góðum hagnaði í ár. Hagnaður KB banka ætti að verða meiri í ár en í fyrra ef tekið er mið af kröfu bankans sjálfs um arðsemi eigin fjár. Sama gildir um Íslandsbanka. Tilkoma BN bank í bækur bankans um mitt þetta ár ættu að geta skilað bankanum áframhaldandi góðum hagnaði.

Framhaldið hjá Landsbankanum ræðst af því hvort innri vöxturinn heldur áfram af sama krafti og verið hefur og hvort ráðist verði í erlend kaup. Draga kann til tíðinda í því á næstunni. Gott framhald hjá Straumi ræðst annars vegar af uppbyggingu lánastarfseminnar sem hefur vaxið að undanförnu, svo og af því hvernig greitt verður úr flækjunni varðandi eignarhald TM og Íslandsbanka. Annaðhvort mun Straumur taka þátt í orrustu um yfirráð Landsbankans í Íslandsbanka eða að leitað verði kaupanda að kjölfestuhlutnum í bankanum.

### Horfur í ár bjartar

Horfurnar hjá bönkunum eru almennt góðar fyrir þetta ár. Mikill kraftur og metnaður einkennir rekstur þeirra allra. Efnahagshorfur eru góðar, þótt varla verði hægt að búast við viðlíka ytri skilyrðum og voru á síðasta ári. Uppgjör bankanna eru það góð að menn eiga erfitt með að hallmæla árangri keppinautanna. Viðhorfið er: „Þetta er fínt hjá þeim – en við erum bestir.“

haflidi@frettabladid.is
thkjart@frettabladid.is

**AFKOMA BANKANNA ÁRIÐ 2004**

(Allar tölur í milljörðum króna)

| | Hagnaður | Breyting frá 2003 | Arðsemi eigin fjár | Eiginfjár-hlutfall | Eignir í lok árs | Markaðs-verðmæti* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KB banki | 15,8 | 110% | 22,6% | 14,2% | 1.534 | 329 |
| Íslandsbanki | 11,4 | 96% | 40,0% | 12,6% | 675 | 150 |
| Landsbankinn | 12,7 | 330% | 50,1% | 10,4% | 730 | 113 |
| Straumur | 6,4 | 68% | 34,5% | 15,5% | 90 | 55 |

*Markaðsverðmæti við lokun markaðar á föstudag.*



GB Ferðir hafa gert samning við The Cumberland í London. Hótelið er vel þekkt af Íslendingum. Hótelið var opnað aftur á síðasta ári eftir eitthundrað milljón punda endurbætur. The Cumberland er mjög vel staðsett, við Oxford stræti og Marble Arch. Hótelið er glæsilega innréttað og herbergin rúmgóð og vel útbúin. Plastma sjónvörp eru í öllum herbergjum. *Nóttin fyrir 2 með morgunverði, verð er án VAT 17.5%*



Bókanir og nánari upplýsingar í síma 534-5000 og á www.gbferdir.is
GUOMAN HOTELS THE CUMBERLAND
GB FERÐIR

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
9,3%*
Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.12.2004 á ársgrundvelli


# Frábær ávöxtun 2004




Skuldabréfasjóðir Landsbankans skiluðu sjóðsfélögum einstaklega góðri ávöxtun á nýliðnu ári.

Skuldabréfasjóðir Landsbankans gefa viðskiptavinum, einstaklingum og stærri fjárfestum, kosti á fjölbreyttu úrvali fjárfestingarleiða sem henta ólíkum aðstæðum og markmiðum hvers og eins.

Leggðu grunn að góðum árangri á nýju ári.
Ávaxtaðu fé þitt í skuldabréfasjóðum Landsbankans.

* Verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003.
** Fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003.

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27185 01/2005

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**VERÐLAUNASKÁLDKONAN AUÐUR JÓNSDÓTTIR ER AFASTELPA HALLDÓRS KILJAN LAXNESS** „Það má segja margt gott um afa, en hann er fyrirferðarmikill og ég er alltaf að reyna að losna við hann af öxlunum þegar kemur að skáldskap. Við höfum jú sama starfsheiti en það er allt og sumt. Eigum ekkert sameiginlegt nema það sem allir rithöfundar eiga; að kljást við mannlegt atferli.

# Eitthvað gott í öllum bókum

**Það er þétt setinn bekkurinn á Mokka. Í hverju sæti eru listamenn. Skærasta stjarnan í flórunni, með hnausþykkan café latte, er nýbakaður verðlaunahafi Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Auður Jónsdóttir. Það er erfitt að komast að henni fyrir hamingjuóskaregni, en buddan og sálin eru ríkari í dag en í gær og hún vill bjóða Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur í freyðandi cappuccino.**

„Hittu mig á Mokka. Ég skal bjóða þér í kaffi því ég fékk svo mikið af verðlaunapeningum í gær,“ segir hún nývöknuð, daginn eftir að hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir „Fólkið í kjallaranum“. Eftir hressandi steypibað situr hún svo svartklædd og fíngerð í reykjarkófinu á Mokka; barnabarn Nóbelskáldins Halldórs Kiljan Laxness. Með djúpar, svarbrúnar perlur í augunum.

„Það væri hræðilegt að nota Laxness-nafnið, enda var það listamannsnafn afa,“ segir Auður Jónsdóttir; afastelpan sem skrifaði verðlaunabarnabókina Skrýtnastur er maður sjálfur um ævi stórskáldsins. „Það má segja margt gott um afa minn en hann er fyrirferðarmikill og ég er alltaf að reyna að losna við hann af öxlunum þegar kemur að skáldskap. Við höfum jú sama starfsheiti en það er allt og sumt. Eigum ekkert sameiginlegt nema það sem allir rithöfundar eiga; að kljást við mannlegt atferli. Sem persónur erum við líka ólík, en ég á líka föðurfólk sem ég líkist mjög. Ég er þó alin upp við hlið Gljúfrasteins og var mikið hjá ömmu og afa sem var yndislegur maður.“

Það var óneitanlega skemmtileg tilviljun að annar verðlaunahafi Íslensku bókmenntaverðlaunanna var Halldór Guðmundsson fyrir ævisögu Halldórs Laxness. „Þessa fallegu stund fannst mér ég dálítið vera við hlið afa og þótti vænt um þetta, auk þess að vera við hlið Halldórs Guðmundssonar sem var fyrsti útgefandinn minn.“

### Að gefa og fá til baka

Auður var að gefa frostbitnum fuglum Kaupmannahafnar vítamínbætt fóður þegar hún fékk símtalið um verðlaunin sem eru auk heiðursins peningaverðlaun upp á 750 þúsund krónur.

„Já, þetta kom á óvart, án þess að ég vilji hljóma eins og fegurðardrottning. En fuglarnir voru búnir að vera mjög gráðugir og mér fannst þetta gott karma; að gefa og fá til baka,“ segir hún hlæjandi, viss um ráðstöfun verðlaunafjárins.

„Þetta fer í visa-reikninginn, jólainnkaupin. Ég var að spá í að þakka þjónustufulltrúanum fyrir ótakmarkað umburðarlyndi í þakkarræðunni en fannst svo ekki viðeigandi að markaðssetja bankann við þetta tækifæri,“ segir Auður einlæg og kát.

Hún segist ekki vita af hverju „Fólkið í kjallaranum“ vann, en tvisvar áður hefur Auður verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna; fyrst fyrir skáldsöguna „Stjórnlausa lukku“ og seinna fyrir barnabókina „Skrýtnastur er maður sjálfur“.

„Það er erfitt að segja með bækur. Maður skrifar og svo getur farið á alla kanta, en í sumum bókum liggur galdur sem nær til fólks.“

### Farvegur tilfinninga

Auður var barnung þegar hún hóf að skrifa fyrir skúffuna.

„Í upphafi var strembið að byrja skrifin því ég þurfti að verja mig og sýna fram á að það væri ekki gert af tilgerð eða vegna þess að ég væri svo upp með mér af afa. Ég fékk ung þessa dillu, en lítið mark var tekið á mér; fjörugum og óráðnum unglingnum. Skriftir voru eina stóra áhugamálið mitt; nokkuð sem mér leið vel með að gera. Sem barn skrifaði ég um stelpuna Filipínu og ljóð um hundinn sem dó þegar ég var ellefu ára; heilmikinn kvæðabálk. Fyrsta erindið var svona:

*Nú ertu farinn, Sámur minn,*
*syrgi þig sáran, lubbalingur minn.*
*Okkur lékum saman um móa og grund,*
*það var nú mikil gleði um stund.*

Þarna fann ég tilfinningum farveg og þannig laðast menn gjarnan að skáldskap. En maður skrifar ekki til að fá verðlaun, þótt það geri mann glaðan að verkið nái til fólks.“

### Glöð þegar fólk grætur

„Fólkið í kjallaranum“ átti sér margra ára gerjun í kolli Auðar og hún segir skrif bókarinnar hafa breytt sér á lúmskan en góðan hátt.

„Ég er hreinlega afslappaðri. Náði að skrifa mig frá íþyngjandi vangaveltum. Sagan er um vanmátt nútímakonu sem lifir í því hversdagslega neysluumhverfi sem við hrærumst í og er að krebera á því, þjáist af vanmætti og hræðslu. Kannski langaði mig að vekja fólk til umhugsunar.

Ég heyrði af konu sem leið virkilega illa eftir lesturinn og ég var ánægð með það. Mér er sama hvort fólki líði vel eða illa, þykir bara vænt um að það sýni einhver viðbrögð. Þá gleður mig þegar fólk grætur yfir bókunum mínum, en geri enga kröfu um að fólk stokki upp líf sitt eða endurmeti hlutina upp á nýtt. Það er til of mikils ætlast.“

### Frelsi hvítu arkarinnar

Það skemmtilegasta sem Auður gerir er að skrifa.

„Skrifunum fylgir frelsi; þessi hvíta örk sem maður getur gert hvað sem er við. Ég vann áður sem blaðamaður og fannst frábærlega gaman. Stundum hefur verið sagt að blaðamennska fari illa með skáldgáfuna en mér finnst útrýma þeirri kenningu að Gabriel Garcia Lorca var blaðamaður. Blaðamennskan kenndi mér að vinna hnitmiðað og í afköstum; ramminn er þröngur, sem og tíminn og hraðinn, auk þess sem maður verður víðsýnni en ella. Þetta var góður skóli sem gaf mér sjálfsaga og sjálfsöryggi.“

Hún segir undarlegt hve fáar ungar konur taki af skarið og skrifi skáldsögur.

„Konur eru helmingur mannkyns og eiga jafnt erindi á við karla. Rödd þeirra verður að hafa sama vægi.

Hræðsla við gagnrýni er svo eldskírn sem allir rithöfundar lenda í, en maður verður að hafa kjark til að taka vondum dómum á sama hátt og verðlaunum. Ég hef fengið svo vonda gagnrýni að ég var í uppnámi vikum saman, en er fegin í dag og ekki lengur hrædd því misjafn er smekkur manna og þannig á það að vera. Þannig er ég sjálf.“

### Olía fyrir heilann

Auður er næturhrafn. Skrifar mest um nætur. Nema þegar hún les yfir sköpunarverk sitt í lokafrágangi þess. Og hún skrifar heima.

„Ég hef alltaf búið þröngt og orðin vön að hafa páfagauka, manninn minn og dóttur hans yfir mér með fullt af húsgögnum og drasli í kringum mig. Leigði skrifstofu í sumar en var orðin svo vön hinu að mér fannst það betra. Líka vegna þess að ég hef unnið sem blaðamaður í þröngu rými fullu af fólki. Ég get ekki skrifað nema með tónlist í eyrum, en tónlist er eins og olía á heilann. Þegar ég skrifaði fyrstu bókina í uppsveitum Svíþjóðar, ein með skóginum og vatninu, fékk ég mér stundum kaffi og Baileys til að örva skáldagyðjuna, en núna er það bara músíkin.“

Hún segist rólegheitamanneskja og stundum afar löt. Býst við að lífsreynslan sé besta veganestið til að skrifa.

„Maður þarf örugglega að vera óhræddur við að vera til og þannig hef ég alltaf verið. Hef oft átt erfitt með að hemja mig. Flosnaði ung úr skóla og var óviðráðanleg, full af hormónum. Ég er rétt þrítug en tvígift og hef alltaf gert það sem mig langar að gera. Hvatvísin er stundum fullmikið ráðandi,“ segir hún og skellir upp úr. „En rithöfundar eru eins og rauðvín. Verða betri með hærri aldri og meiri lífsreynslu.“

### Laxness ekki fyrir börn

Henni finnst líklegt að Nóbelskáldið hefði verið ánægður með verðlaun afabarnsins, en segir mestu hvatninguna koma frá eiginmanninum og myndskreytinum Þórarni Leifssyni, sem og sálufélaganum Guðrúnu Evu Mínervudóttur rithöfundi.

„Svo getur vel verið að afi hefði orðið hundfúll út í mínar bækur og tekið mig á beinið, því hann skóf ekki utan af hlutunum. Hann var góður afi en óvæginn í skoðunum eins og fólk á að vera. Var á þeirri skoðun að hættulegast íslenskum skáldskap væri öll þessi vinatengsl og vinahygl.“

Auður hefur lesið bróðurpartinn af skáldverkum afa síns og segist hafa verið bókaormur frá barnsaldri. „Ég var með líkamlega verki því ég hreyfði mig ekki nógu mikið heldur las og las og át kökur. Var þá send í djassballett til að koma blóðinu á hreyfingu. En afi var lítt hrifinn af því að ég læsi bækurnar hans sem barn og eitt sinn er ég veifaði montin Íslandsklukkunni framan í hann varð hann bálvondur og spurði hvað barnið væri að gera með þetta! Vildi ekki að börn læsu fullorðinsbækur fyrr en þau skildu þær sem var auðvitað rétt hjá honum.“

### Rithöfundur en ekki skáld

Kaffibollinn góði á Mokka er tæmdur. Tími til kominn að kveðja.

„Ritstörfin eru einmanaleg þegar maður er að koma sér í gang, en um leið og tónlistin er komin í eyrun finnst mér vinnan vera besti vinur minn. Svo finnst mér gaman að hjóla, lesa bækur og horfa á bíómyndir. Einnig að vera úti og gefa fuglunum. Vera með ástinni minni, en frá því við kynntumst fyrir fimm árum höfum við verið saman upp á dag. Það er ómetanlegt að búa með listamanni enda Þórarinn harðsvíraður yfirlesari og uppbyggjandi í gagnrýni sinni.

Og nú er ég að leggja drögin að nýrri bók, þótt ég sé enn hálfvönkuð eftir þá síðustu. Mér finnst ekki raunhæft að koma með eina bók á ári og hvort hún verður góð eða slæm verður að koma í ljós. Það er eitthvað gott í öllum bókum.

Mér hefur þótt skrýtið að kalla mig rithöfund, en því lengur sem maður vinnur við þetta verður það afslappaðra. Svo lengi sem ég þarf ekki að kalla mig skáld, því það er svo þungt að bera,“ segir Auður brosandi og borgar fyrir kaffið. Með verðlaunafénu. ■

# Opið í dag

**BT Kringlunni,**
**BT Egilsstöðum, BT Selfossi**
**kl. 13 til 17**
**BT Smáralind**
**kl. 12 til 18**
**BT Skeifan**
**lokað vegna talningar**






## HP Media Bay

Allir helstu tengimöguleikar eru að framanverðu. Þetta veitir þér aukin þægindi. Einnig eru raufar fyrir öll minniskort.

*4.992

## HP Pavilion Jagúar

HP Pavilion er vél fyrir þá sem vilja allt það nýjasta í margmiðlun og leikjum en um leið njóta gæða og áræðanleika HP.

Margmiðlun og tölvuleikir krefjast krafts og áræðanleika ekki síður en tölvur í viðskiptalífinu.

Fyrirtækin treysta HP
- þú getur treyst HP!

### PAVILION JAGUAR

- Intel® Pentium®4 515
- Intel® 915P móðurborð
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
- ATI Radeon X300 256MB skjákort
- DVD Skrifari "Dual Layer"
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Media bay að framan
- IEEE 1394 FireWire® interface
- 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og mús

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 4.992* | 14.999** | 179.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

### PAVILION JAGUAR 2

- Intel® Pentium®4 540
- Intel® 915P móðurborð
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
- ATI Radeon X600Pro 256MB skjákort
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- DVD drif • DVD Skrifari "Dual Layer"
- Media bay að framan
- Innbyggt þráðlaust netkort 54MPbs
- IEEE 1394 FireWire® interface
- 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og mús

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 5.613* | 16.999** | 203.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

### UPPFÆRSLUTILBOÐ - 19" FLATUR SKJÁR

**Uppfærðu í 19" TFT skjá með harman/kardon hátölurum.**



*999 VIÐBÓT Á MÁNUÐI

**Meðalgreiðsla í 48 mánuði á tölvukaupaláni VÍS (fullt verð er 69.999)**

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

# PlayStation®2

*Nýtt útlit sami kraftur!*



**Vinsælasta leikjavél í heimi er komin aftur. Nýtt útlit - sami kraftur**

**Playstation 2 spilar líka DVD myndir og geisladiska**

**Playstation 2 er fyrir alla fjölskylduna**

17.999



Upplifaðu þig sem einn af óvinum James Bond. Frábær skotleikur!

FYLGIR 5.999




Takmarkað magn

# BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# Ekki heppilegt að rugga skipinu

**Össur Skarphéðinsson segir Samfylkinguna á góðri siglingu og því ekki heppilegt að rugga skipinu með því að skipta um skipstjóra. Hann segir kosningabaráttuna mælikvarða á flokkinn en að sín barátta verði einungis háð á málefnalegum grunni.**

„Það er allt í lagi að menn ólmist í kosningabaráttu og láti gamminn geysa en það eru ákveðin mörk sem menn fara ekki yfir. Menn beita ekki ósæmilegum málflutningi sem meiðir persónu frambjóðenda. Það gera menn almennt ekki í stjórnmálum og það eiga menn ekki heldur að gera innan okkar flokks. Þessi kosningabarátta er mælikvarði á flokkinn. Ef hún fer úr böndunum og verður með þeim hætti að hún verði okkur til vansa verður einfaldlega miklu erfiðara fyrir flokkinn að halda þeim trúverðugleika í framtíðinni sem við höfum náð núna," segir Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sem hefur boðið sig fram til áframhaldandi formennsku í kosningum sem fram fara í vor. Mótframbjóðandi hans er núverandi varaformaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.



**FRÉTTAVIÐTAL**
ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

„Ég nálgast verkefni sem formaður flokksins af auðmýkt og þetta hefur verið eitt gjöfulasta tímabil ævi minnar. Auðvitað ber maður tilfinningar til þessarar hreyfingar og þess vegna hef ég brugðist illa við þegar óstýrilátir og kappsfullir menn hafa í þessari kosningabaráttu talað um það að flokkurinn standi illa," segir Össur. „Ég bregst öndvert við slíku og hart, mér finnst það rangt og menn mega ekki leyfa sér að tala niður flokkinn í þessari baráttu."

### Samfylkingin á góðri leið

Spurður hvað hafi valdið því að hann ákvað að bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku segir Össur að það sé mikið til vegna utanaðkomandi hvatningar. „Úr hópi forystumanna og óbreyttra liðsmanna í Samfylkingunni hafa mér borist mjög eindregnar hvatningar til þess að halda áfram formennsku. Mörgum finnst sem Samfylkingin sé á ákaflega góðri leið núna. Við erum hinn stóri flokkurinn í landinu, við höfum verið með 30 til 35 prósenta fylgi í skoðanakönnunum, málefnastaða flokksins er mjög góð og inn á við hefur okkur miðað afar vel áfram," bendir hann á.

Össur segir að það hafi tekist að byggja flokkinn ákaflega vel upp. „Samfylkingin er orðin ein heildstæð hreyfing með sameiginlegu átaki mjög margra víðsvegar um landið með stofnun nýrra félaga og innri uppbyggingu. Það sem við erum stoltust af er að hafa tekist að eyða öllum flokkadráttum milli karla og kvenna sem koma úr mismunandi flokkum. Þetta er mikill árangur," segir hann.

„Flokkurinn er því á ákaflega góðri siglingu og því telja margir ekki heppilegt að rugga skipinu með því að skipta um skipstjóra. Við viljum halda áfram að byggja upp þessa samfylkingu um breiðan og öflugan flokk og auðvitað er það næsta verkefni inn á við að treysta enn frekar stefnumótun, opið starf og lýðræðisleg áhrif félaganna. Lýðræðið er af hinu góða og kosningar innan flokka heyra til þess. Mér finnst sjálfum ekki ástæða til þess að skipta um karlinn í brúnni ef hann er að fiska," segir Össur.




**ÖSSUR HEFUR VERIÐ ATKVÆÐAMIKILL Á ÞINGI** „Ég nálgast verkefni sem formaður flokksins af auðmýkt og þetta hefur verið eitt gjöfulasta tímabil ævi minnar. Auðvitað ber maður tilfinningar til þessarar hreyfingar og þess vegna hef ég brugðist illa við þegar óstýrilátir og kappsfullir menn hafa í þessari kosningabaráttu talað um það að flokkurinn standi illa."

Hann segir að það sé auðvitað lýðræðislegur réttur að bjóða sig fram. „Okkar hreyfing er þroskuð stjórnmálahreyfing og þess vegna er ég ekki hræddur við þessi átök um forystuna. Í okkar hreyfingu á fólkið að ráða. 14 þúsund manns hafa tækifæri til þess. Allir í stjórnmálum verða einfaldlega að taka slíkum dómi, ég eins og aðrir."

### Össur formaður frá upphafi

Samfylkingin varð til sem kosningabandalag fyrir kosningarnar 1999 og var Össur kjörinn fyrsti formaður flokksins á stofnfundi hans ári síðar. „Mér fannst kosningarnar ganga vel, við fengum 26,9 prósent. Það var flott upphaf," segir Össur um fyrstu alþingiskosningar Samfylkingarinnar. Spurður hvernig það hefði komið til að hann tók að sér formennsku flokksins fyrstur alla segir hann: „Það var Margrét Frímannsdóttir sem hafði forgöngu um að stilla mér upp sem formanni sem og Sighvatur Björgvinsson en Margrét hafði leitt okkur í gegnum frumraunina með miklum ágætum."

Hann segir að Samfylkingin hafi farið að rísa upp úr öldudalnum þegar flokkurinn tókst á við mjög erfiða stefnumótun varðandi velferðarmál og Evrópumál á landsfundinum 2001. „Ég held að fólk hafi virt það við okkur, hvort sem það var með okkur eða á móti, að við tókumst á við mjög erfið vandamál og leystum þau. Við fórum nýjar leiðir, tókum til dæmis lýðræðislega ákvörðun varðandi stefnu okkar í Evrópumálum þar sem hún var lögð fyrir kosningu allra flokksmanna. Sá landsfundur varð algjör vendipunktur í okkar sögu. Við vorum í um 15 til 16 prósentum en fórum eftir það að klifra jafnt og þétt þangað til við komumst í 32 prósent þar sem við erum núna," segir Össur.

### Nátengdur andstæðingnum

Össur og Ingibjörg eru gift systkinum. Spurður hvernig það sé að heyja kosningabaráttu við manneskju sem er jafntengd honum og raun ber vitni segir hann: „Í hreinskilni sagt þá er það mjög erfitt. Það er óneitanlega erfitt líka fyrir þá sem næst mér standa í lífinu. Svona er bara lífið. Ég hannaði ekki þetta mynstur, það gerðist bara og hvorugt okkar getur neitt gert í því."

„Hugsanlegt er að við séum þrátt fyrir allt það líkum eðliskostum búin að við höfum laðast að sömu einkennum í fari maka okkar – þau eru mjög lík systkinin Hjörleifur og Árný. Við reynum bæði að haga okkar stjórnmálalífi þannig að blanda fjölskyldutengslunum sem minnst inn í það. Íslensk pólitík er hins vegar slungin saman af mjög nánum og stundum erfiðum fjölskyldutengslum. Þetta er ekki einsdæmi – og þarf ekkert að fara til Sturlungaaldar til að finna hliðstæð dæmi um tengt fólk sem etur kappi í pólitík," bendir Össur á.

„Ingibjörg Sólrún er vinur minn hvað sem aðrir segja. Við höfum átt áratuga samfylgd í stjórnmálum, við erum saman í fjölskyldu og mín barátta verður einungis háð á málefnalegum grunni. Ég tel að Ingibjörg Sólrún sé sterk stjórnmálakona og hún hefur sótt mikla reynslu til dæmis í kvennahreyfinguna, alveg eins og ég hef sótt mikla reynslu í starf mitt í atvinnulífinu áður en ég gerðist stjórnmálamaður. Það eiga allir sama rétt til þess að keppa um sama markmið og ég. Það er ekkert sæti frátekið, hvorki fyrir mig né Ingibjörgu Sólrúnu," segir hann.

Össur leggur á það áherslu að ef fólkið í flokknum feli honum þetta trúnaðarstarf muni hann að sjálfsögðu reyna að fá Ingibjörgu Sólrúnu til að vera áfram í forystusveit og gegna trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna. „Ég tel að það sé mikið rúm fyrir hana í forystu flokksins og það er alveg ljóst að hún er manneskja sem myndi gera flokknum gagn í ráðherrasæti. Þess vegna mun ég reyna að skapa þær aðstæður að hún fallist á að halda áfram í forystusveit flokksins þó svo að úrslitin verði henni ekki í vil," segir hann.

Spurður hvað hann muni gera fari svo að hann tapi kosningunum segir hann: „Ég hef alltaf litið svo á að ég væri í þjónustu fólksins, bæði kjósenda sem og flokksmanna minna. Ef þær aðstæður koma upp mun ég hugsa það út frá hagsmunum flokksins, út frá því grundvallarsjónarmiði að fara að vilja fólksins."

### Ekki hægt að skilja Ingibjörgu eftir á berangri

Það vakti mikla athygli og umtal í alþingiskosningunum 2003 að Ingibjörg Sólrún, þáverandi borgarstjóri, var útnefnd forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar. Spurður hvort ekki hefði verið eðlilegra að hann sem formaður flokksins hefði verið útnefndur forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar svarar Össur: „Það hefði verið fullkomlega eðlilegt að ég sem formaður flokks í mjög góðri stöðu hefði verið forsætisráðherraefni. Hins vegar var um mjög flókna og erfiða atburðarás að ræða í aðdraganda kosninganna sem leiddi til þess að Ingibjörg Sólrún varð að yfirgefa borgarstjórastólinn. Þá fannst mér sem formanni, að flokki okkar væri fyrir bestu að hlutverkum yrði þannig skipt með forystumönnum sem þá voru í eldlínunni, okkur tveimur, að hún yrði forsætisráðherraefni en ég áfram formaður."

„Það voru ekki allir jafnhrifnir af minni ákvörðun," heldur hann áfram. „En ég barðist fyrir henni og þetta varð niðurstaðan. Þegar ég skoða þetta eftir á finnst mér,



hvað sem menn segja, að þetta hafi verið rétt ákvörðun í þeirri erfiðu stöðu sem kom upp. Flokkurinn gat ekki skilið Ingibjörgu Sólrúnu eftir á berangri. Ég er ósammála þeim sem segja að þetta hafi verið rangt – á þessum tíma,“ segir Össur.

Þegar hann er spurður hvort hann telji ekki að þetta fyrirkomulag hafi skaðað flokkinn í kosningunum, svarar hann: „Flokksmenn lögðust allir á eitt og við náðum sögulegum árangri, árangri sem flokkurinn hefur haldið fram á þennan dag samkvæmt skoðanakönnunum.“

### Samfylkinguna í ríkisstjórn

Össur segir að verkefni hreyfingarinnar sé að leiða flokkinn til meiri áhrifa í landsmálum og mynda nýja ríkisstjórn með áherslum jafnaðar og nýrrar sóknar í menntamálum og efnahagsmálum.

„Við Íslendingar getum átt bjarta framtíð fyrir höndum. Það er spurning hvort við séum ekki komin of langt í stóriðjustefnu og eitt af stóru málum framtíðarinnar eru umhverfismál. Við þurfum til dæmis að taka frá ósnortin víðerni og leggja undir þjóðgarða þó að þar séu virkjunarmöguleikar. Seigustu dráttarklárar atvinnulífsins eru hins vegar litlu fyrirtækin, smáfyrirtækin og einyrkjarnir og við í Samfylkingunni erum stolt af því að við lítum á okkur sem stuðningsflokk þeirra bæði til sóknar og varnar. Þetta verður burðarvirkið í atvinnustefnu nýrrar ríkisstjórnar sem Samfylkingin leiðir,“ segir hann.

Össur bendir á að þetta tengist jafnframt áherslum og fjárfestingum í menntakerfinu. „Heimurinn er að breytast þannig að þeir sem ekki hafa tækifæri á að öðlast nýja færni og þjálfun munu í tekjulegu tilliti færast út á jaðar samfélagsins. Hið flókna samfélag sem við erum að sigla inn í krefst símenntunar. Menntakerfið verður jöfnunartæki framtíðarinnar. Það eru fimmtíu þúsund manns sem hafa grunnskólapróf eða minna og bíða tækifæris til frekari menntunar. Og þjóðfélagið þarfnast þessa fólks til starfa,“ segir hann.

### Opið samfélag og lýðræði

Spurður hvað hafi mótað stjórnmálasannfæringu hans segir Össur að bakgrunnur hans sem stjórnmálamanns standi föstum fótum í lýðræðisbyltingu 68-kynslóðarinnar. „Ég var leiðtogi í stúdentapólitíkinni sem byggðist á því að auka lýðræðisleg áhrif. Það varð líka hlutskipti okkar í A-flokkunum að vinna að lýðræðismálum og að uppstokkun flokkakerfisins, meðal annars að sameina vinstri flokkana í einn stóran. Og það tókst,“ bendir hann á.

„Það sem hefur einkennt þetta ferli og Samfylkinguna er lýðræði og möguleikar einstaklinganna. Þróunin úr stúdentapólitíkinni lá til dæmis í gegnum lýðræðiskynslóðina í Alþýðubandalaginu sem ég var partur af. Lýðræðisáherslur Vilmundar Gylfasonar í Bandalagi jafnaðarmanna ófust saman við gamlar hugmyndir í Alþýðuflokknum frá fyrstu tíð hans, frá tímum Héðins Valdimarssonar og Jóns Baldvinssonar sem lögðu mikla áherslu á jafnan atkvæðisrétt. Þetta speglast í því að þessi kynslóð sem býr til Samfylkinguna hefur lagt langmesta áherslu á opið samfélag og lýðræði,“ segir Össur.

Hann segir hins vegar dapurlegt að sjá hvernig lýðræðinu hefur hnignað. „Það hefur gerst undir forystu eins flokks, því Sjálfstæðisflokkurinn hefur auðvitað öll tök Framsóknar í hendi sér. Úr því hefur þróast svokallað ráðherraræði, en ekki þingræði, þar sem örfáir menn geta þröngvað vilja sínum í gegnum þingið. Það er okkar erindi í pólitík, að verja rétt þeirra sem lakar eru settir og auka möguleika einstaklingsins og koma á auknu frelsi,“ segir Össur.

Hann bendir á að hægrimenn hafi fengið að stela frá jafnaðarmönnum hugtakinu „frelsi“ í sinn áróður. „Það hugtak fer jafnaðarmönnum betur sem bjuggu það til í tengslum við rétt einstaklingsins. Við eigum að hefja aftur til vegs frelsi einstaklingsins, ekki bara til þess að búa til verðmæti með frelsi í viðskiptalífinu, heldur ekki síður frelsi til þess að lifa með reisn hver sem efnahagsleg staða manns er. Það er erindi okkar í pólitík,“ segir hann.

### Vill spreyta sig við landstjórn

Össur er sannfærður um það að Samfylkingin sé komin á það stig að hún þurfi að spreyta sig við landstjórn. „Hún er fullþroskuð til þess að mynda ríkisstjórn og það er meginhlutverk okkar í dag. Þjóðin ákveður það í næstu kosningum og hvort Samfylkingin fær nægilegt fylgi til þess að leiða landstjórnina. Sú ríkisstjórn mun hafa að leiðarljósi okkar gullna þríhyrning, að ýta undir öflugt, frjálst atvinnulíf til þess að skapa verðmæti sem standa undir skynsamlegu velferðarkerfi. Hvorugt verður að veruleika nema okkur takist að búa til öflugt menntakerfi og fjárfesta í því. Þjóðin hefur beðið lengi eftir ríkisstjórn jafnaðarmanna, okkar tími mun koma,“ segir Össur. ■



**ÞEKKTUR FYRIR ÁHUGA SINN Á SKÁK** „Samfylkingin er orðin ein heildstæð hreyfing með sameiginlegu átaki mjög margra víðsvegar um landið, með stofnun nýrra félaga og innri uppbyggingu. Það sem við erum stoltust af er að hafa tekist að eyða öllum flokkadráttum milli karla og kvenna sem koma úr mismunandi flokkum. Þetta er mikill árangur.“


Opið í dag sunnudag



Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 9.900 | 4.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Úlpakápur | 22.900 | 11.500 |
| Dúnúlpur | 12.900 | 6.500 |

Mörg góð tilboð

ToppHÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag sunnudag 12-16

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2004

VEÐBANKI

GISKAÐU RÉTT Á ÚRSLITIN OG ÞÚ GÆTIR SÉÐ U2 Í KÖBEN

Í VINNING ER FERÐ TIL KAUPMANNAHAFNAR MEÐ ICELANDAIR ÁSAMT GISTINGU FYRIR TVO, MIÐA Á TÓNLEIKA MEÐ U2 Á PARKEN OG 2000 KR DANSKAR Í GJALDEYRI FRÁ LANDSBANKANUM



VINSÆLASTI FLYTJANDINN

VELDU ÞINN UPPÁHALDS FLYTJANDA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO MIÐA Á VERÐLAUNAHÁTÍÐINA

TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

ICELANDAIR vísir Landsbankinn

28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40

Létt & laggott - í góðum málum



# Hlýtt á Íslandi en frost í Flórída

Mikil hlýindi hafa verið hér á landi undanfarna daga, mörgum til mikillar gleði. Snjóinn er farinn af götum og flestum gangstéttum og í staðinn hefur hálfgert vorveður verið ríkjandi með frekar háu hitastigi.

Á sama tíma hafa mikil kuldaköst gengið yfir Bandaríkin og víða um Evrópu, þar á meðal Ítalíu, Þýskaland, Frakkland og Pólland. Þó svo að einna mestur kuldi og snjókoma hafi verið á austurströnd Bandaríkjanna náði kuldinn einnig til Flórída, þar sem frostið var á bilinu 2-7 gráður um síðustu helgi.

Til að leita skýringa á því hvort samhengi sé á milli hlýinda hér og kulda annars staðar ræddi Fréttablaðið við Harald Ólafsson veðurfræðing. „Það fara stundum saman mikil hlýindi hér og kuldar í Evrópu,“ segir Haraldur Ólafsson. „Straumarnir í vestanvindabeltinu okkar taka á sig lykkju. Ef einhvers staðar er óvenjuhlýtt er oftar en ekki óvenjukalt annars staðar á norðurhveli á svipuðum breiddargráðum. Þegar það er hlýtt á Íslandi á veturna er ekki óalgengt að í Mið- og Austur-Evrópu sé kuldatíð,“ segir hann.

Ástæðan fyrir þessum lykkjum á straumunum er sú að yfirborð jarðarinnar gefur mismunandi varma frá sér. Á veturna eru meginlöndin köld og sjórinn frekar hlýr auk þess sem stórir fjallgarðar senda frá sér öflugar truflanir í straumana.

Að sögn Haraldar er það fremur óvenjulegt að svona kalt sé í Flórída. Til að mynda sé talað um að appelsínurnar þar þoli ekki frost því þær hafi svo þunnan börk. Í meginatriðum er útlit fyrir hlýindi næstu daga hér á landi og því ljóst að landsmenn þurfa ekki að kvíða fyrir frosti eða snjóþyngslum alveg strax.

freyr@frettabladid.is



**ALLT FROSIÐ FAST** Mikið frost hefur verið í Sviss. Hér sést hvernig frostið hefur læst sig í bíl, símalínu og allt þar á milli við strönd Genfarvatns skammt frá Versoix.



**SYNT Í KULDA** Mjög kalt hefur verið í Flórída undanfarið. Sundmenn létu frostið samt ekki á sig fá og busluðu í lauginni eins og ekkert væri. Vegna kuldans myndaðist mikil gufa í lauginni.



**FASTUR Í SKAFLI** Karl og kona reyna að losa bíl úr skafli í borginni Chieti á Ítalíu. Mikið hefur snjóað í landinu undanfarið.



**AUÐ JÖRÐ** Hér á landi hefur veðurfar verið gott undanfarið og hafa hlýindin fært mörgum aukna gleði í hjarta.



**Á SKÍÐUM** Fólk á gönguskíðum skíðar framhjá minnismerki landgönguliða í Washington. Fólkið ákvað að nýta tækifærið því þetta var í fyrsta sinn í langan tíma sem svo mikið snjóaði þar í borg.



**Á KAFI Í SNJÓ** Íbúi í borginni Hull í Massachusetts í Bandaríkjunum á gangi við heimili sitt. Mikill snjór hefur verið þar undanfarið og muna menn vart annað eins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10.13 | 13.41 | 17.10 |
| AKUREYRI | 10.11 | 13.26 | 16.41 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

**Í dag er sunnudagurinn 30. jan, 30. dagur ársins 2005.**

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

## STÖRF Í BOÐI


- Sálfræðingur
- Framleiðslustjóri
- Vefstjóri
- Aðstoðardeildarstjóri
- Sérfræðingar
- Sölumenn
- Deildarstjóri
- Eftirlitsmaður
- Umsjónarmaður
- Hjúkrunarfræðingar
- Kranamaður
- Stuðningsfulltrúi
- Kennarar
- Stuðningsfulltrúi
- Rafvirki
- Prentari
- Þroskaþjálfar
- Sjóntækjafræðingur
- Sjúkraliðar


## SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 24

**Flokkar & fjöldi**


- **Bílar & farartæki** 58 stk.
- **Keypt & selt** 18 stk.
- **Þjónusta** 15 stk.
- **Heilsa** 5 stk.
- **Skólar & námskeið** 5 stk.
- **Heimilið** 3 stk.
- **Tómstundir & ferðir** 5 stk.
- **Húsnæði** 23 stk.
- **Atvinna** 21 stk.
- **Tilkynningar** 2 stk.




Þórunn bjóst ekki við að enda í fjármálaráðgjöf, áhugamálin tengdust meira listum þegar hún lauk stúdentsprófi. Nú nýtur hún hverrar mínútu í starfi.

# Jafnoki karlanna og vel það

**Þórunn Þórarinsdóttir er forstöðumaður fasteignaþjónustu KB banka. Hún tók við starfinu fyrir tæpu ári.**

„Ég hef menntun sem löggiltur fasteignasali og þar að auki viðskipta- og rekstrarmenntun,“ segir Þórunn. „Þá hef ég líka langa starfsreynslu í bankageiranum og fasteignageiranum.“

Þórunn lauk stúdentsprófi af félagsfræðibraut Menntaskólans á Akureyri árið 1996, en segist ekki hafa haft nokkurn áhuga á viðskiptum á þeim tímapunkti. „Ég bjóst frekar við að fara í framhaldsnám tengt listum, en byrjaði samt á að fara suður að vinna og í framhaldi af því ákvað ég að skoða heiminn. Svo vann ég í átta ár á fasteignasölum áður en ég tók nám til löggildingar fasteignasala. Þaðan lá leiðin í Íslandsbanka, í þjónustumiðstöð fasteignaviðskipta, og nú er ég hér,“ segir Þórunn og brosir geislandi brosi.

Starf Þórunnar snýst um fasteignaþjónustu fyrir KB banka, sem stendur reyndar öllum opin. „Við sjáum um útlán, lánaráðgjöf, uppgreiðslumál og fjármálaþjónustu tengda fasteignaviðskiptum almennt og sinnum því daglega. Við erum með sérfræðinga sem vita allt um þessi mál. Samskipti mín eru mikil við yfirmenn mína, útibúin og fasteignasalana. Í þessum málum er ör þróun og við þurfum að fylgjast vel með því sem er að gerast á markaðnum. Það sem mér finnst skemmtilegast við þetta starf er hvað það er fjölbreytt. Ég þarf að vera í miklu sambandi við fólk, bæði við viðskiptavini og fólk innan bankans. Svo gefur það mér mikið að geta veitt öðrum innsýn í það sem ég hef þekkingu á.“

Þórunni finnst ekki erfitt að vera kona í stjórnunarstöðu og hún segist njóta virðingar karlanna. „Þetta byggist auðvitað á því að hafa gott sjálfstraust og trúa á það sem maður er að gera. Þá er maður jafnoki karlanna og vel það,“ segir hún hlæjandi.

Áhugamál Þórunnar eru fjölmörg og frítímann notar hún meðal annars til að stunda útivist og líkamsrækt. „Svo hef ég gaman af að lesa og vera með góðu fólki og bæði teikna og mála. Eiginlega hef ég of mörg áhugamál til að geta sinnt þeim öllum. En mér hefur tekist ágætlega að koma saman vinnu, heimili og áhugamálum. Maður verður bara að skipuleggja sig vel og njóta hvers dags.“ ■

# Kynferðisleg áreitni á vinnustað

**Vaxandi fjöldi unglinga kærir.**

Árið 2001 komu fram sjö kærur frá unglingum um kynferðislega áreitni á vinnustað. Á síðustu tveimur árum hafa þrjátíu kærur verið meðhöndlaðar hvort árið og enn bíða 37 kærur meðhöndlunar.



Fórnarlömb kynferðislegrar áreitni á vinnustað verða oft fyrir miklu áfalli sem erfitt er að jafna sig á.

Tæplega fimm milljónir unglinga í Bandaríkjunum eru á vinnumarkaðnum og sérfræðingar segja að því fleiri unglingar á vinnumarkaðnum því fleiri tilfelli séu um áreitni á vinnustað. Enn fremur segja þeir að kynferðisleg áreitni sé ekki ný af nálinni heldur hafi unglingar ekki þorað að tala um þessi mál hingað til. Áfall við slíka áreitni er gífurlegt og þurfa margir langan tíma til að jafna sig áður en þeir snúa aftur á vinnumarkaðinn. ■

## LIGGUR Í LOFTINU *í atvinnu*

**Unglingum og háskólanemum** gefst kostur á að sækja um starf hjá Landsvirkjun sumarið 2005. Einkum er um útivinnu að ræða, svo sem við garðyrkju og fegrun svæða kringum virkjanir og vinnusvæði en einnig við gestamóttöku í stöðvarhúsum. Háskólanemar geta fengið ýmis afleysingarstörf og verkfræðinemum, til dæmis, bjóðast störf sem tengjast þeirra námi. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Landsvirkjunar www.lv.is og frestur til að skila umsóknum er til og með 28. febrúar.



**Kaupmáttur launa** jókst að jafnaði um 1,5% á síðasta ári, samkvæmt nýútkomnum tölum frá Hagstofu Íslands og er það heldur minni aukning en árið 2003. Laun hækkuðu um 4,7% að meðaltali á síðasta ári. Þar af hækkuðu laun á almennum markaði um 4,5% en um 5% á opinbera markaðnum. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 3,2%. Kaupmáttur fólks á almennum vinnumarkaðinum jókst samkvæmt því um 1,2% en um 1,8% á opinbera markaðnum.

**Útboðsþing 2005** var haldið á Grand Hótel síðastliðinn föstudag. Það voru Samtök iðnaðarins og Félag vinnuveitenda sem stóðu að því og kynntu þar opinberar framkvæmdir ársins enda mættu þar fulltrúar frá ríki og stærstu sveitarfélögum landsins, og einnig byggingarverktakar og vinnuvélaeigendur og aðrir sem áhuga höfðu. Þarna voru línurnar lagðar í því helsta sem framundan er af verklegum framkvæmdum á landinu.

*atvinna@frettabladid.is*

# SAMSKIPTI

**Vilt þú slást í hópinn? - Okkur vantar góðan liðsauka!**

Samskipti leitar eftir reyndum prentara sem hefur góða tölvuþekkingu, til að vinna við Heidelberg Quickmaster DI Pro prentvél.

Samskipti ehf. hefur verið starfandi í prentþjónustu í 26 ár og starfar í dag á flestum sviðum prentunar. Fyrirtækið er í örum vexti enda starfa hjá fyrirtækinu á fjórða tug starfsfólks. Fyrirtækið rekur starfsemi á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu; á Hverfisgötu, í Síðumúla og í Hæðasmára í Kópavogi.

Samskipti er **þjónustufyrirtæki** sem veitir einstaklingum, ásamt fyrirtækjum og stofnunum í öllum greinum íslensks atvinnulífs **alhliða prentþjónustu** og þjónustu henni tengdri. Auk prentþjónustu rekur Samskipti öfluga merkingadeild, þjónustu við vörusýningar hverskonar og hraðsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd hvað varðar þjónustu og liðsanda og leggjum áherslu á frumkvæði og nýsköpun til að öðlast og viðhalda samkeppnisforskoti á öllum sviðum prentþjónustu.

Frekari upplýsingar um Heidelberg Quickmaster DI Pro:
www.heidelberg.com/www/pages/content.jsp?contentID=2673

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ragnar á tölvupóstfangið
ragnar@samskipti.is

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í mars eða apríl.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Samskipta, Síðumúla 4 eða á tölvupóstfangið starf@samskipti.is eigi síðar en 11. febrúar.



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

| Síðumúli 4 | Hverfisgata 33 | Hæðasmári 4 |
|---|---|---|
| sími 580 7800 | sími 580 7860 | sími 580 7880 |

**Skilaboð** Láttu fólkið sem sér um símsvörun vita ef þú verður ekki við í vinnunni og hvort hægt verði að ná í þig annars staðar. Þannig getur sá sem svarar í símann fyrir þig tekið niður í skilaboð í stað þess að láta símann þinn hringja og hringja. Auk þess er góð regla að láta fólkið sem sér um símsvörun vita af ferðum þínum.



# Breskir karlar fastir í fortíðinni

*Konur snúa á þá með því að stofna eigin fyrirtæki.*

Samkvæmt skýrslu sem borgarstjórinn í London kynnti fyrir skemmstu eru konur að meðaltali með 25% lægri laun en karlar í borginni. Í Bretlandi öllu eru þær með 18% lægri laun. Þá kom fram í könnun sem London Business School birti í vikunni að 177.000 konur stofnuðu fyrirtæki á síðasta ári, sem er mikil fjölgun og skref í þá átt að brúa bilið sem hefur verið milli karla og kvenna í atvinnurekstri.



Konur í London eru með 25% lægri laun en karlar.

Dianah Worman, ráðgjafi hjá Chartered Institute of Personnel and Development, segir það standa atvinnulífi í Bretlandi fyrir þrifum að stjórnarmenn fyrirtækja séu enn ekki komnir inn í 21. öldina og ríghaldi í gömlu „karlaklúbbaímyndina“. Konur í Bretlandi hafi tekið til sinna ráða og séu þess vegna að stofna sín eigin fyrirtæki þar sem þær eru sjálfar við stjórnvölinn. Þar að auki gefi þær körlunum langt nef með því að stofna sína eigin kvennaklúbba.

„Það að launamunur karla og kvenna sé enn svona mikill er ekkert minna en hneyksli,“ segir Worman. „Konur í fyrirtækjarekstri eru góð þróun, en því miður held ég að enn sé langt í land að konur fái þau laun sem þær eiga skilið.“ ■

# Stúdentar hættir að mótmæla

*Eru of uppteknir við að afla fjár.*

Stúdentar í Bandaríkjunum hafa ekki tíma til að taka þátt í stúdentapólitík og mótmælaaðgerðum vegna annríkis við að afla fjár. Þetta kom fram í könnun sem UNITE-stofnunin gerði á högum stúdenta. Fjórir af hverjum tíu stúdentum vinna að minnsta kosti fjórtán og hálfan tíma á viku og 70% þeirra eru að vinna sér inn fyrir daglegum nauðsynjum. Skuldir nemenda jukust að meðaltali um 525 dollara á síðasta ári, en þeir skulda að meðaltali 5.285 dollara. Peningaáhyggjur voru efstar á lista yfir áhyggjuefni stúdentanna.



Íslenskir stúdentar kunna ennþá að mótmæla ef gert er á þeirra rétt.

Helene Symons hjá Þjóðarsamtökum háskólastúdenta segir þetta áhyggjuefni. „Félagslíf og pólitík eiga að vera mikilvægir þættir í lífi háskólanema og fjárhagsáhyggjur ættu ekki að koma í veg fyrir að þeir njóti skólaáranna.“ ■



Mikil þörf er á fólki með reynslu af umönnunarstörfum bæði í Svíþjóð og Danmörku.

# Sumarstörf á Norðurlöndunum

***Ýmis störf fyrir 18-28 ára eru í boði hjá Norddjobb nú í sumar og vert að skoða heimasíðuna www.nordjobb.net.***

Fólki á aldrinum 18 til 28 ára býðst eins og undanfarin ár að sækja um sumarstarf á Norðurlöndunum á vegum Nordjobb verkefnisins. Núna er meðal annars leitað að nemum í tannlækningum til starfa í sænskumælandi hluta Finnlands, fólki með reynslu af ummönnun og hjúkrunarstörfum til Svíþjóðar og Danmerkur og fólki til byggingarvinnu í Suður-Svíþjóð. Að sögn Virpi Jokinen, verkefnisstjóra Norddjobb á Íslandi, er áberandi vöntun á fólki í umönnunarstörf og hjúkrun og hún telur meiri möguleika á að komast að í Svíþjóð en Danmörku. Einnig segir hún það nýmæli að beðið sé um fólk í byggingarvinnu hjá Norddjobb. Læknanemar á síðari stigum námsins eru gjarnan teknir sem afleysingalæknar í Finnlandi og Svíþjóð. Hún segir einn hafa farið héðan til Álandseyja í fyrra og verið afar ánægðan.

Annars eru margbreytileg störf í boði og fyrir þau er greitt samkvæmt gildandi launatöxtum. „Nordjobbarar njóta sömu kjara og innlendir vinnufélagar þeirra,“ tekur Virpi fram og segir kaup og kjör liggja fyrir áður en umsækjandi ákveði að þiggja eða hafna starfinu.

Á hverju ári sækja fleiri þúsund ungmenni frá öllum Norðurlöndunum um Nordjobb, en í boði eru tæplega þúsund störf. Virpi segir því mikilvægt að vanda vel til verks þegar umsóknareyðublaðið er fyllt út og gæta þess að fullnægjandi upplýsingar komi þar fram. Frekari upplýsingar og leiðbeiningar er að finna á heimasíðunni www.nordjobb.net og á skrifstofu Norræna félagsins, Óðinsgötu 7 í Reykjavík, sími: 551 0165. Á heimasíðunni er hægt er að fylgjast með hvaða störf eru í boði hverju sinni. Umsóknarfrestur er frá 1. janúar til 31. maí. ■

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Grunnskólar Reykjavíkur



## Staða skólastjóra Breiðholtsskóla

Laus er staða skólastjóra við Breiðholtsskóla í Reykjavík sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Nemendur skólans eru um 570 að tölu.

Í Breiðholtsskóla er lögð áhersla á að allir nemendur nái sem bestum árangri miðað við eigin áhuga, hæfileika og getu. Markvisst er unnið í skólanum í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda. Einkunnarorð skólans eru „árangur fyrir alla“.

Skólinn hefur verið móðurskóli í foreldrasamstarfi og er í góðu samstarfi við foreldra, hverfisbúa og aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu.

Í skólanum er móttökudeild fyrir nýbúa. Kannanir hafa sýnt að nemendur og foreldrar eru ánægðir með skólann og meðal starfsmanna ríkir mjög góður starfsandi.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

**Leitað er að umsækjanda sem:**

- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur kennaramenntun, en framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

**Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.**

Staðan er laus frá 1. mars nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2005. Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, netfang: ingunn.gisladottir@reykjavik.is sími 535 5000.

Reykjavíkurborg

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

## Framleiðslustjóri

Fiskiðnaðarfyrirtæki á Akranesi óskar eftir að ráða framleiðslustjóra.

Leitað er að samviskusömum starfsmanni með grunnþekkingu á tölvur, geti talað og skrifað ensku auk þekkingar á HACCP. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Upplýsingar í síma 431-4501 og 893-5763.**

## Árskóli á Sauðárkróki

## Kennara vantar á Krókinn!

Vegna barnsburðarleyfa getum við bætt við okkur áhugasömum kennurum sem eru tilbúnir að taka þátt í því metnaðarfulla skólastarfi sem fram fer hjá okkur. Um er að ræða handmennt, ensku og umsjónarkennslu á yngsta stigi frá 15. febrúar nk.

**Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur í símum: 4551100/8221141/8221142**

Sjá einnig heimasíðu skólans: http://www.arskoli.is

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

**Staða umferðareftirlitsmanns hjá lögfræðideild, umferðareftirliti í Reykjavík er laus til umsóknar.**

# Umferðar-eftirlitsmaður

VEGAGERÐIN

**Starfssvið:**
- Eftirlit með umferð vega
- Skráning gagna
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvu- og málakunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

**Umsjón með starfinu hafa Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) og Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

---

# Fjarðabyggð auglýsir lausar tvær stöður tæknimanna hjá umhverfissviði sveitarfélagsins.

FJARÐABYGGÐ

## Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar

### Verksvið:

Stjórn, skipulag og eftirlit með verklegum framkvæmdum
Áætlunargerð, verkáætlanir, kostnaðaráætlanir, framkvæmdaáætlanir.
Yfirstjórn Þjónustumiðstöðvar (vélamiðstöð, áhaldahús).
Verkefnastjórn, hönnunarstjórn og minni háttar hönnun.
Gerð verksamninga, umsjón og eftirlit með útboðsverkum.
Samskipti við og eftirlit með verktökum og verkefnum á vegum Fjarðabyggðar

### Kröfur:

Tæknimenntun á sviði bygginga eða framkvæmda.
Reynsla af mannahaldi og stjórnun.
Hæfni á sviði mannlegra samskipta og góð þjónustulund.
Þarf að geta unnið sjálfstætt.
Góð tölvukunnátta og grunnþekking á teiknikerfum (Microstation) nauðsynleg.

## Starfsmaður á byggingardeild umhverfissviðs.

### Verksvið:

Yfirferð teikninga byggingarfulltrúaembættisins.
Úttektir og eftirlit fyrir byggingarfulltrúa.
Mælingar og útsetningar lóða og mannvirkja.

### Kröfur:

Tæknimenntun á sviði bygginga eða framkvæmda.
Hæfni á sviði mannlegra samskipta og góð þjónustulund.
Þarf að geta unnið sjálfstætt.
Góð tölvukunnátta og grunnþekking á teiknikerfum (Microstation) nauðsynleg.
Reynsla af lestri teikninga eða af hönnun bygginga.

Launakjör skv. kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og félaga opinberra starfsmanna skv. Kjarna eða Tæknifræðinga/verkfræðingafélags Íslands.

**Umsóknarfrestur er til 13. febrúar nk. og viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.**

Upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Helgi Sigfússon forstöðumaður umhverfissviðs Fjarðabyggðar í s. 470 9000 eða á *mummi@fjardabyggd.is.*

**Sjá einnig upplýsingar á www.fjardabyggd.is**

---

# Fyrirtæki í ferðaiðnaði leitar að vefstjóra

**í fullt starf til að hafa umsjón með öflugri starfsemi fyrirtækisins á Internetinu. Um er að ræða mjög þekkt fyrirtæki í örum vexti sem er leiðandi á sínu sviði og er Internetið ein aðalsöluleið þess. Fyrirtækið rekur einn best sótta vef landsins og er leiðandi í rafrænum viðskiptum. Starfið krefst mikilla samskipta við erlenda aðila og kallar á nokkur ferðalög erlendis.**

**Starfslýsing:**
- Umsjón með öllum vefjum félagsins.
- Utanumhald á tengisölu og ábyrgð á hámörkun tekna af Internetinu.
- Samskipti við samstarfsaðila um sölu á Internetinu.
- Samskipti við erlendar sölusíður.
- Alþjóðleg auglýsingamál á Internetinu.
- Utanumhald um aðkeypta tækni, hönnunar- og forritunarvinnu.
- Ritstjórn og textavinnsla á síður félagsins.
- Hönnun á vefborðum og önnur einföld grafísk vinna.
- Umsjón með Netklúbbi félagsins.

**Menntun og reynsla:**
- Gott vald á ensku og íslensku í rituðu og töluðu máli.
- Hæfni til að skrifa texta.
- Þekking á helstu vefstjórnunarkerfum.
- Góð þekking á html og helstu tækniatriðum tengdum Internetinu.
- Mentun á sviði netmála er kostur.

**Umsóknir sendist til Fréttablaðsins merktar „Vefstjóri“ á box@frettabladid.is. Umsóknarfrestur rennur út 01. 02. 2005.**

---

REIKNISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

## STARFSMAÐUR Í NOTENDAÞJÓNUSTU

**Reiknistofnun óskar eftir að ráða starfsmann í notendaþjónustu.**

**STARFIÐ**
Starfið felst aðallega í notendaþjónustu innan Háskóla Íslands, ráðgjöf og leiðbeiningum í gegnum síma, tölvupóst og heimasíðu. Auk þess viðhald á heimasíðu stofnunarinnar og móttaka á tölvubúnaði starfsmanna. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Reiknistofnun er vel staðsett þjónustustofnun í mjög fjölbreyttu rekstrarumhverfi. Hugbúnaðarumhverfi eru Windows, Unix, Linux og MacOS. Áhersla er lögð á hátækni og símenntun í starfi.

**HÆFNISKRÖFUR**
Leitað er að áhugasömum einstaklingum með menntun eða reynsla á sviði tölvuþjónustu. Grunnþekking á hugbúnaði og vélbúnaði er tengist notendaumhverfi. Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og hópvinnu. Góð íslenskukunnátta og stúdentspróf eða sambærilegt próf er áskilið. Starfið hentar konum ekki síður en körlum og eru konur hvattar til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2005.**

Nánari upplýsingar veitir: Albert Jakobsson, deildarstjóri RHÍ (aj@hi.is).
Sjá nánar á http://www.hi.is/page/storf

---

# Sölumaður/sérfræðingur

## í byggingadeild Sindra

SINDRI

**Sindra-Stál hf óskar eftir dugmiklum og drífandi einstaklingum í eftirfarandi störf:**

### Starfssvið
- Tæknileg sala til fagaðila og hönnuða í byggingaiðnaði.
- Annast kynningar á byggingavörum Sindra
- Áætlana- og samningagerð
- Umsjón með markaðsgreiningu og vöruþróun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og þekking á byggingaiðnaði
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð og faglegur metnaður
- Frumkvæði í starfi
- Góð enskukunnátta

### Sölumaður/sérfræðingur í véla- og tækjadeild Sindra

**Starfssvið**
- Tæknisala til fagaðila í verktakastarfsemi og iðnaði
- Kynning á vélum og tækjum fyrir verktaka og iðnað
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Áætlana- og samningagerð
- Markaðsgreining og vöruþróun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla úr verktakastarfsemi nauðsynleg
- Þekking á vélum og tækjum
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Kunnátta í Norðurlandamáli kostur
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður í starfi

### Starfsmaður í iðnaðarmannaverslun

**Starfssvið**
- Almenn afgreiðsla í iðnaðarmannaverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun og/eða reynsla úr málmiðnaði eða verktakastarfsemi
- Reynsla af afgreiðslustörfum
- Snyrtimennska
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður í starfi
- Frumkvæði í starfi

Skriflegar umsóknir ásamt upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu sendist á *jeh@sindri.is* og *og@sindri.is*.

Nánari upplýsingar veitir Jón Emil Halldórsson, markaðsstjóri í síma 575 0000

Markmið Sindra-Stáls hf er að þjóna íslenskum fyrirtækjum með fjölbreytt vöruval af stáli og málmum og byggingarvörum og bjóða upp á úrval af vélum og tækjum í hæsta gæðaflokki. Skrifstofur félagsins eru í Klettagörðum 12 í Sundahöfn, en þar er einnig stálbirgðastöð og þjónustuverkstæði.

Sindri rekur iðnaðarmannaverslanir í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

# Sjóntækjafræðingur

**Óska eftir sjóntækjafræðingi.**

Umsóknir merktar „sjóntækjafræðingur" berist Fréttablaðinu fyrir 2. febrúar.

# Góð störf í boði



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf m.a. í boði við ræstingar og mötuneytisumsjón:

**Sérverkefni - vinnuhlutfall 100%.**
Við leitum að starfsfólki til að vinna við sérverkefni. Sérverkefni eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting. Um er að ræða t.d. bónleysingu, bónun, hreingerningar o.s.fr. Við leitum eftir fólki sem líkar vel við hópvinnu og getur unnið breytilegan vinnutíma.

Starf **flokkstjóra á svæði 200**, þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00 fimm daga vikunnar. Starf flokkstjóra fellst m.a. í eftirfarandi:
-umsjón með ræstingu hússins
-samskiptum við verkkaupa
-ræsting ákveðinna svæða hússins
-kennslu og þjálfun starfsmanna.
Áhersla er lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.

**Dagvinna á svæði 104 - vinnuhlutfall 37,5%.**
Starf við mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 11:00 - 14:00. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 80 - 100%.**
Dagvinna og seinniparts vinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

**Fagmennska í fasteignaumsjón**

*Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 23 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 600 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.*

TYLKYNNINGAR

FÍR

## Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 föstudaginn 11. febrúar 2005 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skriflegt meðmæli minnst 148 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 29. janúar 2005.

# Samkeppni

## Landspítali-háskólasjúkrahús

**Samkeppni um skipulag – forval nr. 13765**

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Landspítala- háskólasjúkrahúss, auglýsir eftir teymum sérfræðinga til að taka þátt í samkeppni um gerð deiliskipulags og nánari útfærslu spítalastarfseminnar ásamt starfsemislýsingu bygginga og innri tengslum þeirra fyrir Landspítala- háskólasjúkrahús við Hringbraut í Reykjavík.
Til samkeppninnar verða valin allt að 7 teymi og fá þau samkeppnisgögn afhent að loknu forvali þessu.
Það teymi sérfræðinga sem verður hlutskarpast í samkeppninni mun, auk vinnu við útfærslu á deiliskipulagi svæðisins, vinna áfram með verkkaupa sem ráðgjafi við nánari útfærslu spítalasvæðisins.
Forvalsgögn verða einungis fáanleg á vefsíðu Ríkiskaupa (www. rikiskaup.is) og verða fyrirspurnir og svör birt á sama stað.

**Lykildagsetningar:**
- Forvalsgögn aðgengileg frá 02.02.2005
- Umsóknum skilað inn 08.03.2005, kl. 16:00 til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Rvk.
- Samkeppnisgögn afhent 07.04.2005
- Skil samkeppnistillagna 20.08.2005, kl. 16:00 til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Rvk.
- Samningur undirritaður 01.11.2005
- Skipulag svæðisfullgert 01.04.2006

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB

# Eldri borgarar

**Nokkur sæti eru laus í 10 daga ferð FEB til Færeyja. Lagt verður af stað frá Reykjavík 24. maí nk. og komið heim 2. júní. Siglt verður með Norrænu frá Seyðisfirði, ekið um eyjarnar sem státa af mikilli náttúrufegurð, þverhníptum björgum og grösugum dölum, og komið á söguslaði. Gist verður á Hótel Klaksvik á Borðey og á Hótel Hafnia í Þórshöfn. Verð um kr. 89.000.**

**Áhugasamir tilkynni þátttöku sína fyrir 10. febrúar til skrifstofu Félags eldri borgara í Reykjavík, Faxafeni 12, sími 588-2111.**

**Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.**

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKUR**
Fríkirkjuvegi 3 – 101 Reykjavík
Sími 570 5800 – Fax 561 11 20 – Netfang: isr@rhus.rvk.is

## Viðskiptavinir Innkaupastofnunar Reykjavíkur athugið!

Innkaupastofnun Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 3, hættir starfsemi 31. janúar n.k.

Frá 1. febrúar 2005 verður innkaupa- og útboðsmálum Reykjavíkurborgar sinnt í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

- Ný símanúmer útboðsdeildar: 563-2115 og 563-2116.
- Nýtt faxnúmer: 563- 2111.
- Nýtt netfang: utbod@reykjavik.is

Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar: http://www.reykjavik.is

# Viltu syngja með okkur?



**Óskum eftir söng glöðu og lagvissu fólki, konum sem körlum í hópinn okkar í Fríkirkjuna við tjörnina.**

Áhugasamir hafi samband við Önnu Siggu Helgadóttur söngstjóra í síma 8613843.

**Fríkirkjan í Reykjavík**

STYRKIR

# Styrkir til lista- og menningarstarfsemi

**Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar** auglýsir eftir styrkumsóknum og geta allir sem áætla að standa fyrir viðburðum í Hafnarfirði sótt um.

1. Listamenn, félagasamtök, stofnanir eða menningar viðburðir verða að tengjast Hafnarfirði.
2. Skilgreina þarf verkefnið í umsókn. Kostnaðaráætlun fylgi og ósk um styrkupphæð.
3. Ekki er styrkt til náms eða rekstrar (t.d. húsaleigu).
4. Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja, komi ekki til verkefna sem sótt er til.




Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu bæjarins **www.hafnarfjordur.is** (sjá menning) og í **Þjónustuveri Hafnarfjarðar**, Strandgötu 6. Nánari upplýsingar veitir menningar- og ferðamálafulltrúi í síma: 585-5776.

**Umsóknir skal merkja:**
Styrkir til menningarstarfsemi 2005.
Skrifstofa menningar- og ferðamála,
Vesturgötu 8.

**Skilafrestur er til 28. febrúar.**

Í Hafnarfirði búa um 22 þúsund manns. Bærinn stendur í fallegu umhverfi hrauns og kletta. Hafnarfjörður hefur þá bæjarsál sem einkennir búsetu við sjó og státar um leið af hagkvæmni stærðarinnar og staðsetningar í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.

# Menningarsjóður

## Umsóknir um styrki

**Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði skv. 1. gr. reglugerðar um sjóðinn nr. 707/1994.**

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita útgefendum og/eða höfundum fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu, sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt getur sjóðurinn veitt fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi s.s. vegna hljóðbókagerðar.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást í afgreiðslu menntamálaráðuneytisins. Einnig eru umsóknareyðublöð á heimasíðu Menningarsjóðs, www.mmedia.is/menningarsj
Umsóknafrestur rennur út **1. mars 2005** og skal umsóknum skilað til Menningarsjóðs, Mnntamálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík.

**28. janúar 2005**
**Stjórn Menningarsjóðs**
www.mmedia.is/menningarsj



Svana Ingvaldsdóttir
GSM 8669512
svana@remax.is

RE/MAX FASTEIGNASALAN BÚI

Guðrún K. Ástvaldsdóttir
GSM 8219209
runa@remax.is



FASTEIGNASALAN RE/MAX BÚI -Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sigurður Guðmundsson hdl. löggiltur fasteignasali

## Neðstaberg - einbýli 111- Reykjavík - Opið hús.

30,9 millj.

Heimilisfang: Neðstaberg
Stærð eignar: 211 fm
Fjöldi herb.: 7
Byggingarár: 1981
Brunab.mat: 23,8 millj.
Bílskúr: 30 fm



Opið hús í dag, kl. 15-16. Gott einbýli innst í botnlanga, húsið er 181 fm og bílskúrinn 30 fm. Skemmtilega hannaður garður með suðurverönd, heitum potti og tjörn með brú yfir. Merbue parket á stofu, borðstofu og gangi. Hol með flísum, Efri hæð með beykiparketi á holi og þaðan er útgengt á svalir.

RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson Hdl, lögg. fasteignasali

## Hvað gerum við?

Við sýnum alltaf eignina þína!

Við gerum sölumöppu um þína eign!

Við höfum tíma fyrir þig!

Vönduð og traust þjónusta.

Verðleggjum samdægurs!!



www.fasteignastofan.is
Ingi H. Sigurðsson löggiltur fasteigna- og skipasali

FASTEIGNASTOFAN
Reykjavíkurvegi 60 • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 5522 • Fax 565 5572 • Allar eignir á mbl.is

OPIÐ mán-fim 09-18 fös 09-17

LÖGMENN HAFNARFIRÐI ÖRUGG SKJALAGERÐ

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 13.00 – 15.00
GARÐAVEGUR 15 –
TVÆR SAMÞYKKTAR ÍBÚÐIR





Erum með í einkasölu tvílyft einbýli á góðum stað í Hafnarfirði. Í húsinu eru **tvær samþykktar íbúðir**, neðri íbúðin er 3ja herb. íbúð ca. 80 fm. með sérinngangi. Efri íbúðin er ca. 110 fm., 4ra herb. íbúð. Tvær hliðar klæddar að utan á húsinu. **Húsið er laust.** Ívar og Guðjón taka á móti fólki. Teikningar af húsinu verða á staðnum.



HÓLL

Opið hús

Franz Jezorski lögg.fasteignasali

## Álfheimar 44 - frá klukkan tvö til þrjú



Björt og vel skipulögð 4ra herb. íbúð við Álfheima í Reykjavík. Íbúðin er á 2 hæð í 4ra hæða, góðu og snyrtilegu fjölbýlishúsi.

Sérlega björt stofa með suðursvölum. Hjónaherbergi með svölum til austurs og fataherbergi. Tvö góð barnaherbergi. Rúmgott baðherbergi og gott þvottahús í sameign.

Hér er um að ræða einstaklega vel skipulagða eign á góðum og fjölskylduvænum stað í hjarta borgarinnar. Útivistarparadísin í Laugardalnum í göngufæri og öll þjónusta innan seilingar.

Guðmundur Andri, fasteignaráðgjafi
Hóls tekur á móti gestum á milli klukkan
14:00 - 15:00 í dag.



Guðmundur Andri Skúlason | Fasteignaráðgjafi | gandri@holl.is | beinn sími 595 9034 | gsm: 8 200 215


## FUNDIR

Reykjavíkurborg VEGAGERÐIN

# Kynningarfundur

### vegna breytinga á gatnamótum Kringlumýrarbrautar /Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar/Listabrautar

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðin boða til kynningarfundar vegna breytinga á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar / Listabrautar.

Kynningin fer fram fimmtudaginn 3. febrúar kl. 17:00 í Álftamýrarskóla

Kynntar verða úrbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar sem fyrirhugaðar eru á þessu ári og matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar / Listabrautar.

Fundurinn er boðaður í samvinnu við Hverfisráð Háaleitis en er öllum opinn.

## ÚTBOÐ

# Útboð-Ferjuleið

**Vigur-Æðey 2005 – 2010**
05-001

VEGAGERÐIN

**Vegagerðin óskar eftir tilboðum í rekstur á ferjuleiðinni Ísafjörður-Vigur-Æðey, þ.e. að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju. Verktaki skal leggja til skip í samræmi við útboðsgögn.**

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. janúar.
Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. febrúar og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Ístak Íslandstrygging hf.

### Íslandstrygging hf óskar eftir tilboðum í ökutæki sem skemmst hafa í tjónum.

Alla bíla má skoða á heimasíðu útboðsins
www.tjonabilar.is

Ökutækin eru til sýnis nýjum sýningarsal félagsins að Reykjavíkurvegi 64 í Hafnafirði, baka til, milli 9 og 17:00 mánudaginn 31.janúar nk.

Tilboðum er hægt að skila á heimasíðu útboðsin eða á staðnum.

Mikið af áhugaverðum bílum.

Íslandstrygging hf, Sætúni 8, 105 Reykjavík.
Sími vegna tjónaútboðsins er 5141057 eða 5141050 • Fax 5141001 • www.tjonabilar.is

Enginn í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Sölufulltrúi • **Sími: 863 0402**

RE/MAX Mjódd

## 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð

# Opið hús í Álfaborgum 9 112 Rvk, í dag kl. 14:00–15:00

**Húsið er nýmálað að utan**



**Íbúð:** 2ja herbergja íbúð, parket á flestum gólfum. Eldhús og stofa er opið rými og útgengt frá stofu á svalir. Íbúðin er nýmáluð og getur verið laus strax. **Stærð íbúðar með geymslu 67,0 m²**
*Verð: 12.900.000.-*

**Baðherbergi er flísalagt**



**Baðherbergi:** Ljósar flísar á gólfi og hluta til á veggjum.

**Eldhús og stofa er opið rými**



**Eldhús og stofa:** Eldhús er með ljósri innréttingu, efri skápar að hluta.

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 14:00 – 15:00*

## Raðhús á tveimur hæðum + kjallari

# Opið hús á Tunguvegi 40, 108 Rvk, í dag kl. 15:30–16:30

**Raðhús á tveimur hæðum + kjallari**




**Íbúð:** Á 1. hæð er eldhús og stofa, útgengt í garð, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara eru geymslur, þvottahús og verið að útbúa snyrtingu. **Stærð raðhúss: 110,2 m²**
*Verð: 20.800.000.-*

**Eldhús með ljósri innréttingu**



**Eldhús:** Er nýlega endurnýjað, efri og neðri skápar, flísalagt á milli og parkett

**Nýjar innréttingar á baði**



**Baðherbergi:** Er með flísum á gólfi og að vegg að hluta, nýjar innréttingar og handklæðaofn.

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 15:30 – 16:30*

## 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi í fjórbýli

# Opið hús í Blásölum 17, 201 Kópav., í dag kl. 17:00–18:00

**4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbýli**



**Íbúð:** 3 svefnherbergi, öll með parketi, eldhús og stofa er eitt opið rými með góðri lofthæð, þvottahús innan íbúðar.
**Stærð íbúðar með geymslu 112,4 m²**
*Verð: 22.800.000.-*

**Eldhús með fallegri innréttingu**



**Eldhús:** Er með innréttingu á einum vegg, efri og neðri skápar, og einnig eyja með eldunartækjum.

**Baðherbergi allt flísalagt**



**Baðherbergi:** Er flísalagt í hólf og gólf, innrétting við vask og aukaskápur. Bæði baðkar og sturtuklefi.

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 17:00 – 18:00*

**Ef þú þarft að selja þína fasteign, hafðu þá samband við mig og við munum sjá um að selja hana fyrir þig**

- Frítt verðmat vegna íbúðasölu
- Fagljósmyndari tekur myndir af eigninni
- Ítarleg eignamappa fyrir hverja eign
- Ég held opið hús í upphafi sölumeðferðar
- Ég sýni allar eignir
- Enginn kostnaður nema eignin seljist
- Virk eftirfylgni vegna allra fyrirspurna varðandi eignina
- Fullur aðgangur að kaupendaþjónustunni

*Ásdís Ósk er styrktaraðili SOS barnaþorpa www.sos.is*



**Ásdís Ósk Valsdóttir** • Sölufulltrúi Remax í Mjódd • **Sími: 863 0402 • Netfang: asdis@remax.is**
**Guðmundur Þórðarson**, löggiltur fasteignasali • RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551

# nýtt fasteignasala opin hús í dag

hamraborg 10 | 200 kópavogur

viggó jörgensson og hans pétur jónsson lögg. fasteignasalar
www.nytt.is | nytt@nytt.is | sími: 414 6600 | fax: 414 6601

# 414 6600

opið 16-18



## Skógarás 17

Mjög falleg 110,5 fm íbúð við Skógarás í Árbæjarhverfi. Íbúðin var upphafleg 4 svefnherbergi en er í dag 3 svefnherbergi og tvær stofur. Búið er að laga blokkina að utan og verður hún máluð í sumar. Eign sem vert er að skoða.
Sigríður tekur á móti gestum á milli fjögur og sex.

## Nýbýlavagur 62

opið 16-18



Góð 2ja herb 55,1 fm íbúð í 5-íbúða nýlegu húsi við Nýbýlaveg í Kópavogi. Falleg eign á góðum stað. Eldhús með mahony innréttingu, góðum tækjum og rúmgóðum borðkrók. Baðherbergi er flísalagt með sturtu.
Ingibjörg og Eysteinn taka á móti gestum á milli fjögur og sex í dag.

opið 16-18



## Ólafsgeisli 59 - 113 Grafarholt

Glæsilegt 204,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Grafarholti.
Allt fyrsta flokks. Paradís golfarans.
Ólafur og Hólmfríður taka á móti gestum milli fjögur og sex.

© gandri - Guðmundur Andri Skúlason

opið 16-18



## Suðurhólar 4

Ágæt 105,4 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í fjölbýli á góðum stað í Breiðholtinu. Nýtt, glæsilegt eldhús, stórt baðherbergi með kari og sturtu og ágætri innréttingu. Húsið er nýviðgert að utan og málað. Skipt hefur verið um glugga og gler á suðurhliðinni. Þórunn og Sigurþór taka á móti gestum á milli fjögur og sex.

## Víðiteigur 8D

opið 16-18



Endaraðhús við Víðiteig í Mosfellsbæ. Andyri með flísum á gólfi og fatahengi. Eldhús með nýrri eikarinnréttingu og flísum á gólfi. Bjartar stofur og hellulögð verönd. Í heild sinni fallegt raðhús á góðum stað í Mosfellsbæ.
Margrét og Axel taka á móti gestum á milli fjögur og sex.



# EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali kt. 260744-2679

## DEILDARÁS





Vorum að fá í sölu glæsilegt 330 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið stendur á einstökum útsýnisstað í Selásnum, niður við Elliðaár. Húsið skiptist í stofu með arni, borðstofu, arinstofu og 4-5 herb. Á jarðhæð er 2ja herb. íbúð með sér inngangi (einnig innangengt). Húsinu hefur verið vel viðhaldið. Garðurinn er hannaður af Pétri Jónssyni. Göngufæri í Elliðaárdalinn og Árbæjarlaugina. Verð 49 millj. 4718

## VIÐJUGERÐI





Svandað um 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Viðjugerði í Reykjavík. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og byggt árið 1973. Húsið skiptist þannig. Efri hæð: stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús/búr, 2-3 herbergi og baðherbergi. Neðri hæð: forstofa, hol, geymsla/snyrting, gangur, 3-4 herbergi og baðherbergi. Möguleiki er að hafa 3ja herb. íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins. Innbyggður bílskúr. Húsinu hefur verið mjög vel viðhaldið og hefur nýlega verið málað. Falleg gróin lóð. Tvennar stórar svalir. Glæsilegt útsýni er úr húsinu. Verð 48,5 millj. 4566

## FROSTASKJÓL





Vorum að fá í sölu mjög fallegt 184 fm raðhús á tveimur hæðum í Vesturbænum. Húsið var byggt árið 1982. Húsið skiptist m.a. í stofu, arinstofu, borðstofu og þrjú herbergi. Mjög fallega sérhönuð lóð með timburverönd. Innbyggður bílskúr (innangengt). Verð 38 millj. 4723

## STÝRIMANNASTÍGUR





Höfum fengið í einkasölu eitt af virðulegustu einbýlishúsum í gamla Vesturbænum. Húsið sem er um 240 fm er teiknað af Einari Erlendssyni og byggt af Jóni Eyvindarsyni árið 1906 og stendur það á 408,5 fm fallegri hornlóð. Húsið var gert upp af Leifi Blumenstein fyrir ca 10 árum og er í mjög góðu ástandi. Húsið skiptist þannig 1.hæð anddyri, húsbóndaherbergi, eldhús og tvær stofur. Í kjallara eru þrjú herbergi, baðherbergi, snyrting, þvottahús/geymsla, góð lofthæð og auðvelt að útbúa sér íbúð. Í risi eru fjögur herbergi, baðherbergi og eldhús. Í efra risi er opið alrými með þakgluggum og fallegu útsýni. Verð 59 millj. 4691



# OPIÐ HÚS KL. 14.00 - 15.00
## BREIÐVANGUR 18

Heimilisfang: Breiðvangur
Stærð eignar: 142,2 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1976
Brunab.mat: 14,5 millj.

**Verð: 19,4 millj.**



RE/MAX Mjódd kynnir 4 herb. íbúð við Breiðvang í Hafnarfirði.Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, stofa, baðherbergi og eldhús . Þvottahús er inni íbúðinni. Í kjallara er geymsla og aukaherbergi með glugga. Íbúðinni fylgir 24 fm. bílskúr. Blokkin hefur verið klædd að utan og er tiltölulega viðhaldsfrí.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 16:00 - 17:00



**Stefán Páll Jónsson,**
821-7337, 520-9554, stefanp@remax.is

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðason lögg. fasteignasali



# OPIÐ HÚS KL. 16.00 - 17.00
## LAUFRIMI 8

Heimilisfang: Laufrimi
Stærð eignar: 91,5 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1994
Brunab.mat: 11,6 millj.

**Verð: 16,4 millj.**



RE/MAX Mjódd kynnir 4 herb. íbúð með sérinngangi á þessum vinsæla stað í Grafarvogi. Íbúðin er í mjög góðu standi, teppi á gólfum í stofu og herbergjum en parketi á eldhúsi. Þvottahús er í inni íbúðinni og stórt geymsluloft er yfir allri íbúðinni. Góð eign sem vert er að skoða.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 16:00 - 17:00



**Stefán Páll Jónsson,**
821-7337, 520-9554, stefanp@remax.is

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðason lögg. fasteignasali



# EIGNAVAL

Sigurður Óskarsson
Lögg. fasteignasali

Suðurlandsbraut 16 · 108 Reykjavík
Sími 585 9999 · Fax 585 9998

## Sími 585 9999



Til sölu grillsöluturn / bakarí í Mosfellsbæ,
4 bílalúgur lottó, grill, bakkelsi selt úr bílalúgu,
mjög góð velta og miklir möguleikar fyrir hendi.
**Tilboð óskast**
Nánari uppl eru gefnar á skrifstofu Eignavals
í síma 585-9999, eða 664-6992 Þórir.

**Við komum og verðmetum samdægurs**

**FAGMENN Á SÍNU SVIÐI**



# OPIÐ HÚS Í DAG
# KL. 14:00 TIL 15:00

## VALLARHÚS 18 - GRAFARVOGI

Stærð eignar: 120,2 fm
Fjöldi herb.: 5
Byggingarár: 1990
Brunab.mat: 13,2 millj.



**Tryggvi Þór Tryggvason**
GSM: 820-0589
E-mail: tryggvi@remax.is



2já hæða íbúð með sérinngangi, gestasalerni, 3 svefnherbergi með góðum skápum, inréttað lítið herbergi á háloftinu. Mjög vel staðsett hús, stutt í skóla, sundlaug, íþróttahús, búðir og aðra þjónstu

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

# Sælureitur við lækinn

TJARNARBYGGÐ og HÚSAKAUP bjóða til kynningarfundar í dag 30. janúar kl: 14:00

**LÆKJARGATA 26 - 32 HAFNARFIRÐI *(Rafha reiturinn)***



## Opinn kynningarfundur

á þessum glæsilegu nýju húsum verður haldinn

í dag kl:14:00 í Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu.

**LYFTUHÚS 3 - 5 HÆÐIR • 2 - 4 HERBERGJA ÍBÚÐIR • 20 BÍLSKÚRAR**

*Fyrstu íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í sumar!*

TJARNARBYGGÐ

15 ára HÚSAKAUP.is – Farsæl miðlun fasteigna

Sölu annast Húsakaup, fasteignasala, Suðurlandsbraut 52, Sími 530 1500, husakaup@husakaup.is

# RE/MAX Kópavogi

Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga





## Kötlufell 3

### Sölusýning

REMAX Kópavogi kynnir notalega 3ja herb. (skráð skv. FMR 2ja herb.) íbúð sem hefur verið töluvert endurnýjuð, búið er að klæða fjölbýlið með álklæðningu. Anddyri og eldhús er með nýjum dökkum flísum á gólfi, eldhúsinnréttingin er hvít. Stofan er með kókosteppi á gólfi, búið er að byggja sólskála, útg. á verönd sem er séreign íbúðarinnar. Hjónaherbergið er rúmgott með endurnýjuðum skápum. Búið er að útbúa auka herbergi. Baðherbergið er með flísum á gólfi, nýr glerskápur yfir vaskinum. Allar uppl. gefa Gunnar í síma 862 2001 og Þórunn í síma 695 0448.

Verð 11.200.000

opið hús á milli 14.00 og 15.00

Björg Rúnarsdóttir Lögg. fasteignasali

## Kríuás 17a

### Sölusýning

REMAX Kópavogi kynnir mjög fallega, opna og bjarta 2ja herb. íbúð á fyrstu hæð með sérverönd, fjölbýlið er mjög vandað og klætt að utan með álkæðningu. Í anddyri er góður skápur. Eldhúsinnréttingin er hvít með viðar köntum og hliðum, opið í stofu, parkett á gólfum útg. út í garð. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf, hornbaðkari, vegghengt salerni, hvít innrétting með vaski í borði. Geymsla og þvottahús innan íbúðar. Allar nánari upplýsingar veita Gunnar í síma 862 2001 og Þórunn í síma 695 0448.

Verð 14.900.000

opið hús á milli 14.00 og 15.00

Björg Rúnarsdóttir Lögg. fasteignasali







## Drekavogur 4

### Sölusýning

REMAX Kópavogi kynnir 3ja herb. björt og falleg íbúð á annari hæð með sérinngangi af svölum í nýbyggðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Reykjavík. Í eldhúsinu eru fallegar viðarinnréttingar með dökkum borðplötum og ljósu parketi á gólfi. Stofan er rúmgóð og björt með ljósu parketi á gólfi, útg. á svalir sem snúa í suð-austur. Baðherbergið er flísalag, þvottahús innaf baði. Herbergin eru rúmgóð með ljósu parketi á gólfi, fataskápar. Sérgeymsla í kjallara. Allar upplýsingar gefur Gunnar í síma 862 2001 og Þórunn í síma 695 0448.

Verð 17.600.000

opið hús á milli 16.00 og 17.00

Björg Rúnarsdóttir Lögg. fasteignasali

Þórunn
Sölufulltrúi
695 0448
thorunn@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



www.remax.is

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvernig stækka vöðvar?

*Vöðvar eru úr sérhæfðum vöðvafrumum sem heita vöðvaþræðir og liggja endilangir í vöðvanum. Hver vöðvaþráður er gerður úr mörgum vöðvatrefjum.*

**Ofvöxtur**

Venjulegur vöxtur í líkamsvef felur í sér tvennt, annars vegar fjölgun frumna sem vefurinn er gerður úr og hins vegar stækkun þessara frumna. Þegar vöðvar stækka við þjálfun á sér ekki stað venjulegur vöxtur eins og þegar við stækkum, heldur er í raun um ofvöxt (e. hypertrophy) að ræða þar sem rúmmál vöðvans eykst fyrst og fremst vegna frumustækkunar en ekki frumufjölgunar.

**Aukin taugaörvun**

Það sem gerist þegar vöðvi er þjálfaður er flókið ferli. Fyrstu mælanlegu áhrifin eru þau að hann fær meiri taugaörvun, það er taugaboð til hans aukast, sem leiðir til meiri samdráttar vöðvans. Eftir aðeins fárra daga þjálfun getur óþjálfaður einstaklingur orðið var við aukinn kraft vegna þess að hann er að „læra“ að nota vöðvann.



**VÖÐVABÚNT** Leikarinn og ríkisstjórinn Arnold Schwarzenegger er sennilega eitt þekktasta vöðvabúnt heims.

**Myndun vöðvaprótína**

Þegar gerðar eru meiri kröfur til vöðvans eru nýmyndunarferli hans stillt á ný. Nýmyndunarferlin eru þau ferli efnaskipta í frumunum sem fela í sér myndun nýrra efna, í þessu tilfelli vöðvaprótína. Þegar talað er um að stilla á ný er átt við að virkja þau gen sem geyma upplýsingar eða „uppskrift“ um myndun efnanna en „slökkva“ ef til vill á einhverjum öðrum genum sem geyma uppskriftir að efnum sem ekki er þörf fyrir á þeirri stundu. Í sameindaerfðafræði er í þessu sambandi talað um að kveikja á tjáningu (e. expression) tiltekinna gena en slökkva á tjáningu annarra.

**Örvun gena**

Ekki er vitað nákvæmlega hvernig skrefin eru í þessu ferli en ljóst er að stilling virðist hefjast á kerfi seinni boðbera (e. second messengers) frumnanna (þar með talið fosfólípasa, prótínkinasa C, týrósínkínasa og fleiri efna) sem í kjölfarið örva gen sem virðast stýra myndun samdráttarprótína. Seinni eða annar boðberi er efni sem tekur við skilaboðum frá fyrsta boðbera sem er taugaboðefni, hormón eða annað boðefni og kemur þeim til skila til markfrumnanna en það eru þær frumur sem boðefni hafa áhrif á. Með skilaboðum er í raun átt við að fyrsti boðberi binst viðtaka á eða í markfrumu en sú tenging kemur af stað keðjuverkun sem endar með myndun eða virkjun annars boðbera.

**Viðbótarprótín innlimuð í vöðvatrefjar**

Boðin komast síðan áleiðis þannig að prótínmyndun í vöðvanum breytist. Allt að tveir mánuðir geta liðið áður en eiginlegur ofvöxtur hefst. Viðbótarsamdráttarprótínin sem myndast eru innlimuð í vöðvatrefjarnar. Takmörk virðast þó vera fyrir því hversu stórar þær geta orðið og þá kemur að því að þær klofna eftir endilöngu. Þetta gerist innan hvers vöðvaþráðar og veldur því að rúmmál vöðvans eykst. Vöðvastækkunin er því fyrst og fremst afleiðing vaxtar hverrar vöðvafrumu en ekki frumufjölgunar.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á ofvexti vöðva. Meðal þess sem hefur komið í ljós er að hann eykst með þungalyftingum. Þar koma togviðbrögð vöðvans við sögu. Eins og teygja sem er strekkt verður krafturinn í samdrætti vöðvans meiri eftir því sem álagið er meira.

**Sjálfstýrandi vöxtur vöðvans**

Ennfremur hefur komið í ljós að þessi vöðvastækkun er óháð ýmsum hormónum sem eru nauðsynleg fyrir venjulegan vöxt, það er vaxtarhormóni frá heiladingli, insúlíni og skjaldkirtilshormóni. Svo virðist sem vöðvinn sem er þjálfaður myndi sjálfstýrandi (e. autocrine) vaxtarþætti sem hafa áhrif á innri stoðgrind vöðvafrumnanna sjálfra. Þetta styðst við þá staðreynd að við þjálfun verður eingöngu þjálfaði vöðvinn fyrir ofvexti, ekki allir vöðvarnir til dæmis í útlimnum sem þjálfaði vöðvinn er í.

**Upphitun er mikilvæg**

Þeir sem vilja stækka vöðva sína með þjálfun verða að fara varlega og átta sig á því að alltaf er hætta á slysum. Mikilvægt er að hita ætíð vel upp áður en átök hefjast og fara eftir æfingaáætlun frá aðila með þekkingu á þessu sviði. Einnig er mikilvægt að nota skynsemina og taka alltaf tillit til meiðsla og verkja ef slíkt er fyrir hendi.

**Þuríður Þorbjarnardóttir, líffræðingur**

Vísindavefur Háskóla Íslands er orðinn fimm ára. Á síðasta ári voru gestir tæplega 500.000 og flettu síðum vefsins rúmlega tveimur og hálfri milljón sinnum. Til samanburðar má nefna að árið 2002 flettu um 150.000 notendur einni og hálfri milljón síðna. 78% notenda vefsins á síðasta ári komu frá tölvum á Íslandi, um 5% kom frá Bandaríkjunum og síðan fylgja á eftir: Danmörk, Spánn, Þýskaland, Bretland, Holland, Kanada, Frakkland og Svíþjóð, með um 1% notenda. Á fimm ára afmælinu ætlar Vísindavefurinn að færa út kvíarnar og hefja birtingu á svörum á ensku um íslensk efni. Slóð vefsins er www.visindavefur.hi.is.

# Saga af... blaðamanni

Boðað var til blaðamannafundar þar sem sagt frá stofnun SÁÁ. Fundarboðendur voru flestir þjóðþekktir menn sem með þessu stigu fram og sögðu frá mikilli baráttu sinni við ofdrykkju. Sá þeirra sem leiddi hópinn var Hilmar heitinn Helgason. Sagan segir að forvígismennirnir hafi tekið vel á móti blaðamönnunum, boðið þeim sæti og auk þess að tilkynna stofnun SÁÁ sögðu þeim frá reynslu sinni. Tveir blaðamenn voru á hvern fundarboðanda.

Þeir blaðamenn sem settust niður með Hilmari göptu af undrun þegar hann sagði frá baráttu sinni við Bakkus, sem oftast tapaðist. Hann sagði frá mistökum, vonbrigðum og aðstæðum sem lítið reynt fólk á eflaust ekki svo gott með að skilja. Annar blaðamannanna var ung kona, hófsöm í flestu og þar á meðal í drykkju. Af svip hennar mátti ráða að hún átti í vandræðum með að meðtaka boðskap Hilmars, varð greinilega um og ó. Hann lauk orðum sínum með því að segja að í áraraðir hafi hann drukkið hvern dag, sagan segir í átján ár, og unga konan sem vissulega hafði vaknað illa fyrirkölluð eftir rauðvínsdrykkju varð undrandi við þessi orð, drukkið daglega í átján ár, augun galopnuðust og munnurinn. Loks náði hún að bera fram fyrstu og einu spurninguna: „Varstu ekki timbraður?“



NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR
*með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is


Golfferðir

Aukasæti um páskana!



Nær allar golfferðir okkar eru uppseldar en nú höfum við fengið nokkur aukasæti um páskana, 17.-29. og 19.-31. mars.

Í boði eru fjórir frábærir staðir á Spáni á mjög hagstæðu verði og ótakmarkað golf innifalið í öllum ferðum.





- Matalascanas
- Islantilla
- El Rompido
- Valle Del Este

Matalascanas:
139.800 kr.
á mann í tvíbýli. (17.-29. mars)

Innifalið: Flug, akstur milli flugvallar og hótels erlendis, gisting með sjávarsýn á 4 stjörnu Tierra Mar-hóteli í 12 nætur, morgun- og kvöldverðarhlaðborð, ótakmarkað golf alla daga nema komu- og brottfarardag, fararstjórn og flugvallarskattur.

ATH!! Golfdeildin flytur á aðalskrifstofu Úrvals-Útsýnar að Lágmúla 4 mánudaginn 31. janúar.

Ótakmarkað golf í Spánarferðum!

Skoðið og bókið strax á www.urvalutsyn.is

Lágmúla 4 • 585 4000
585 4117 (peter@uu.is)
585 4116 (signhild@uu.is)
Fax: 585 4120

ÚRVAL ÚTSÝN GOLF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 27188 01/2005



**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Eivör syngur af gleði og innileika og Halldór og Auður hlýða á.



**STUNGIÐ SAMAN NEFJUM** Skáldjöfrarnir Thor Vilhjálmsson og Guðrún Helgadóttir. Guðrún var tilnefnd til verðlaunanna að þessu sinni en Thor hlaut þau 1998.

# Laxnesshátíð á Bessastöðum

**Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum síðdegis á fimmtudag. Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður blandaði sér í hóp rithöfunda, útgefenda, forystumanna í listalífinu og annarra menningarvita til að sjá og heyra hvernig svona lagað fer fram. Hann varð ekki fyrir vonbrigðum, athöfnin var hin besta skemmtun.**

Bessastaðir stóðu undir regnboga skömmu áður en athöfnin hófst og forsetinn hafði orð á því í ávarpi sínu að veðrið væri gott og fallegt, líkt og svo oft áður þegar bókmenntaverðlaunin eru afhent.

Áður en athöfnin hófst tók Ólafur Ragnar Grímsson í höndina á öllum viðstöddum, það er að segja þeim sem voru stundvísir. Rjóminn af íslensku bókmenntakökunni var á staðnum, höfundar jafnt sem útgefendur, og meðal gesta voru í það minnsta fimm sem áður hafa hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin.

Létt stemning var í hópnum og fólk skiptist á kurteisislegum orðum áður en boðið var til stofu. Allir þekktust. Spáð var og spekúlerað í hverjir færu heim með verðlaunin að þessu sinni og reyndust sumir sannspáir. Einn sagðist hafa þetta alveg á hreinu og byggði sínar niðurstöður á að telja hve mörg skyldmenni fylgdu hverjum og einum tilnefndum. Þau vísindi virkuðu, hann hafði rétt fyrir sér.

### Ekki hlustað á hann

Ólafur Ragnar sló á létta strengi í ávarpi sínu. Hann ræddi um fyrirkomulag bókmenntaverðlaunanna og sagðist löngum hafa lagt til við útgefendur að þeir hefðu reglurnar um verðlaunin sveigjanlegri en nú er. Hins vegar væri ekki hlustað á aðfinnslur hans, eins og raunar á fleiri bæjum. Að þessu var hlegið.

Íslensku bókmenntaverðlaunin máttu þola harða gagnrýni fyrir jólin. Ólafur Ragnar vék að þeim efnum og beindi sjónum að gagnrýninni á valið á dómnefndarmönnum. Gaf hann lítið fyrir hana og sagði lög- og hagfræðinga geta haft gott vit á bókmenntum. Og í tilefni af heimastjórnarafmælinu á síðasta ári minnti hann viðstadda á að Hannes Hafstein hefði jú verið lögfræðingur.

Eivör Pálsdóttir hefur fyrir löngu heillað landsmenn með undurfögrum söng sínum og einlægri framkomu. Berfætt söng hún tvö lög með þeim hætti að gestir hlýddu agndofa á. Tár sáust falla á hvarma, svo falleg var tónlistin.

### Auður og Halldór

Spennan í salnum magnaðist þegar ljóst varð að sjálf verðlaunaafhendingin var í vændum. Menn fylgdust með hvort einhverjir úr röðum tilnefndra fikruðu sig framar í salinn en allir stóðu þeir sem fastast. Reynt var að lesa í látbragð, sjá hvort einhver seildist í innanávasa eða tösku eftir ræðu, en engir slíkir tilburðir voru uppi.

Ólafur Ragnar byrjaði á fræðiritunum og frá fyrstu orðum hans var ljóst að verðlaunin væru Halldórs Guðmundssonar fyrir ævisögu hans um Halldór Laxness. Í kjölfarið mátti svo lesa það af svip forsetans hver hlyti hin verðlaunin. Brosandi tengdi hann viðfangsefni Halldórs við verðlaunahafann í flokki fagurbókmennta og allra augu voru á Auði Jónsdóttur.

Bæði þökkuðu fyrir sig með stuttum og skemmtilegum ræðum og talaði Auður í eina mínútu og 39 sekúndur en Halldór tvær mínútur og 48 sekúndur.

Ólafur Ragnar sleit svo formlegu samkomuhaldi og bauð upp á léttar veitingar; smárétti, vín og vatn.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**FORVERI OG EFTIRMAÐUR** Ólafur Ragnar og Ragnar Arnalds á skrafi. Báðir voru þeir formenn Alþýðubandalagsins á sínum pólitíska ferli og báðir fjármálaráðherrar.

### 23 Laxnessverk í bókhlöðunni

Í stuttu spjalli við blaðamann í bókhlöðu Bessastaða sagði Auður gaman að fá verðlaun og ekki væri síður ánægjulegt að bókin hennar, Fólkið í kjallaranum, hefði ratað til fólks.

Halldór Guðmundsson sagði það efla þrótt og sjálfstraust að fá viðurkenningar, hvort sem þær kæmu frá lesendum eða dómnefndum.

Í hillum bókhlöðunnar mátti í fljótheitum finna 23 bækur eftir Halldór Laxness.

Sigríði Halldórsdóttur, dóttur Laxness og móður Auðar, leið vitaskuld vel þennan dag. Hana grunaði að Halldór fengi verðlaunin en það hvarflaði ekki að henni að Auður yrði líka verðlaunuð.

„Þetta er svolítill Halldórsdagur,“ varð Halldóri Guðmundssyni að orði. ■

Ólafur Ragnar Grímsson um bókmenntaverðlaunin:

## Báðar bækurnar sóma sér vel

„Mér fannst þetta val vera ágætt, báðar þessar bækur sóma sér vel. Ég tel að verk Halldórs Guðmundssonar sé tímamótaverk í íslenskri ævisagnagerð og held að það sé í stíl við það sem að við sjáum hvað best gert erlendis. Og mér fannst verk Auðar bæði skemmtilegt og athyglisvert og gaman að því hvernig hún varpar ljósi á þann tíma sem ég þekki nú vel og kannski mína kynslóð og tvinnar það saman með hennar eigin samtíð. Hún gerir það á mjög skemmtilegan og nýstárlegan hátt.

Mér finnst valið á henni ekki aðeins vera heiður fyrir hana heldur líka ákveðin skilaboð til þessara mörgu ungu höfunda sem hafa komið fram á síðustu árum. Þeir eru teknir alvarlega og orðnir gjaldgengir í sveit íslenskra meiginskálda og rithöfunda. Mér fannst mjög gaman að því hve margar skemmtilegar bækur eftir nýrri höfunda, höfunda sem ekki voru á vettvangi fyrir fimm til tíu árum síðan, komu út fyrir síðustu jól og hve margar þeirra vörpuðu nýstárlegu ljósi á íslenskt þjóðfélag og menningu. Það er mikið lífsmark.“



Halldór Guðmundsson tekur við verðlaunum sínum, einbeittur á svip.



Auður Jónsdóttir tekur við verðlaunum sínum, með bros á vör.




Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá 19.950 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun

19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100




HLJÓMSVEITIN MÍNUS TEKUR VIÐ VERÐLAUNUM FYRIR HLJÓMPLÖTU ÁRSINS FYRIR ÁRIÐ 2003

ICELANDAIR · VÍSIR · Landsbankinn

# ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU 2. FEBRÚAR KL. 20:00

Í BEINNI ÚTSENDINGU Í SJÓNVARPINU

TÓNLIST.IS · HLJÓÐKERFI · CONCERT · EXTON KASTLJÓS

VEITA ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM TÆKNILEGT BRAUTARGENGI - HEIMASÍÐA ITV ER TÓNLIST.IS

# Verðlauna krossgátan

Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið miða á hinn frábæra dávald




**Broadway 17. & 18. apríl**

Miðasala er í verslunum Skífunnar og á www.event.is

BTnet event FM 957 VAS

VARÚÐ • ÓRITSKOÐAÐUR • BANNAÐ INNAN 18 ÁRA •

**Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!**
**Þú sendir SMS skeytið**
**JA LAUSN "Lausnarorðið" á númerið 1900!**

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |



# Verðlauna myndagátan

Leystu myndgátuna!
Þú gætir unnið geisladiskinn
*GRAMMY NOMINEES 2005*



**Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!**
**Þú sendir SMS skeytið**
**JA MYND "Lausnarorðið" á númerið 1900!**




## Hvernig sendi ég inn lausnarorðin?

**Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svar er Jón.**
**Þá sendir þú SMS-ið JA MYND JON.**

JA MYND JON SEND

**Vinningshafi myndagátunnar í síðustu viku var: Elín Sigurborg Harðardóttir, Erla Sif Hannsen, Guðrún Einarsdóttir.**
**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var: Birna Steingrímsdóttir**

**Dregið verður næskomandi fimmtudag kl. 12.**
**SMS skeytið kostar 99 krónur.**

VAS

TÓNLEIKAR

# Veisla tónskáldanna hefst í dag

„Við höfum í nokkur ár verið með opnunartónleika Myrkra músíkdaga, og það er mjög skemmtilegt,“ segir Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og leiðtogi Kammersveitar Reykjavíkur.

Kammersveitin verður með tónleika í Listasafni Íslands í kvöld og með þessum tónleikum hefjast Myrkir músíkdagar, hin árlega tónlistarhátíð Tónskáldafélags Íslands.

Tónverk íslenskra tónskálda eru jafnan í hávegum höfð á þessari hátíð. Á opnunartónleikunum flytur Kammersveitin verk eftir Pál P. Pálsson, Karólínu Eiríksdóttur, Gunnar Andreas Kristinsson, Jón Nordal og Tryggva M. Baldvinsson.

„Núna erum við að flytja verk sem hafa verið samin fyrir okkur sérstaklega, bæði fyrir þó nokkru síðan og eins verk sem eru alveg ný.“

Elsta verkið er Brot eftir Karólínu Eiríksdóttur. Það er samið árið 1979 og frumflutt á Myrkum músíkdögum árið 1980.

„Breiddin í aldri tónskáldanna finnst mér líka skemmtileg. Jón er elstur, hann er fæddur árið 1926, en Gunnar Andreas er yngstur, fæddur 1976. Það eru því 50 ár á milli þeirra og ég vona að þeir verði báðir viðstaddir á tónleikunum.“

Tónleikar Kammersveitarinnar hefjast klukkan 20, en þeir verða reyndar ekki fyrsti viðburðurinn á dagskrá Myrkra músíkdaga í ár, því barnaóperan Undir drekavæng verður frumflutt í menningarmiðstöðinni Gerðubergi klukkan 14. Óperan er eftir þær Mist Þorkelsdóttur og Messíönu Tómasdóttur og fjallar á skemmtilegan hátt um rétt náttúrunnar og þeirra sem minna mega sín.

Aðrir fastir liðir verða á sínum stað á Myrkum músíkdögum þetta árið, svo sem stórir tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudaginn, og hátíðinni lýkur á tónleikum Caput hópsins 6. febrúar. Einnig verða raftónleikar, blásaratónleikar, kórtónleikar og flaututónleikar, svo nokkuð sé nefnt af fjölskrúðugri dagskrá þessarar árvissu tónlistarveislu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**BERNHARÐUR WILKINSSON, RÚNAR ÓSKARSSON OG GUNNAR ANDREAS KRISTINSSON** Bernharður er stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur á tónleikunum í kvöld, Rúnar er einleikari á bassaklarinett og Gunnar eitt tónskáldanna sem flutt verða verk eftir.

# Ógeðsleg og falleg

„Hún er svolítið ógeðsleg, og líka alveg ógeðslega falleg,“ segir Bjargey Ólafsdóttir um stuttmynd sína Ég missti næstum vitið, sem er meginuppistaðan í sýningu Bjargeyjar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, sem opnuð var um síðustu helgi.



**BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR**

„Mér finnst líka fyndið að fólk skynjar söguþráðinn á mjög ólíkan hátt. Ég hef fengið að heyra svo margar útgáfur á því hvernig fólk skynjar þetta, og það finnst mér æðislegt.“

Í dag verður Bjargey með listamannsspjall í tengslum við sýninguna þar sem hún sýnir þrjár stuttmyndir sínar og ræðir við áheyrendur um gerð þeirra. Auk myndarinnar Ég missti næstum vitið verða sýndar myndirnar Falskar tennur og Jean.

Sýning Bjargeyjar í Hafnarhúsinu er innsetning með ljósmyndum, sem hún tók meðan á gerð myndarinnar stóð. Myndin er sýnd í sama herberginu og hún var tekin upp í.

Leikarar í Ég missti næstum vitið eru Kristján Franklín Magnús og Þrúður Vilhjálmsdóttir.

Bjargey heldur brátt utan til Berlínar þar sem henni var boðið að taka þátt í samstarfi ungra kvikmyndagerðarmanna í tengslum við kvikmyndahátíðina þar í borg. ■

FJÖLLEIKAR



**FJÖLLEIKAHÚS Í LEIKHÚSINU**
Tveggja manna sirkusinn Oki Haiku Dan sýnir í Borgarleikhúsinu.

# Tveggja manna sirkus

Sébastien Dault og Keisuke Kanai eru tveggja manna sirkusinn Oki Haiku Dan. Uppselt var á sýningu þeirra í Borgarleikhúsinu í gær og því var ákveðið að þeir héldu eina aukasýningu í dag.

Sýningu sína nefna þeir „Bougez pas bouger“, eða „Hreyfa ekki hreyfa“.

Þetta er einlæg sýning fyrir alla fjölskylduna þar sem fimleikjum, leikjum með hluti, látbragðsleik, leiklist og dansi er blandað saman á nýstárlegan og skemmtilegan hátt.

Annar kastar hlutum í loft upp og dansar, hinn dansar og flýgur. Á miðju sviðinu sveiflast svifróla. ■


Reykjavíkurborg

VEGAGERÐIN

# Kynningarfundur

## vegna breytinga á gatnamótum Kringlumýrarbrautar /Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar/Listabrautar

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðin boða til kynningarfundar vegna breytinga á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar / Listabrautar.

Kynningin fer fram fimmtudaginn 3. febrúar kl. 17:00 í Álftamýrarskóla

Kynntar verða úrbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar sem fyrirhugaðar eru á þessu ári og matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar / Listabrautar.

Fundurinn er boðaður í samvinnu við Hverfisráð Háaleitis en er öllum opinn.

# sport

sport@frettabladid.is

**Við fögnum því ...**

... að strákarnir í íslenska landsliðinu mættu fullir einbeitingar í lokaleikinn gegn Alsír á HM í Túnis og kláruðu mótið með sæmd. Margir framtíðarmenn liðsins fengu eldskírnina í þessu norðurríki Afríku og með þessum níu marka sigri sýndu þeir að það býr margt í liðinu.



**Við hrósum ...**

... Jóhönnu Eyvindsdóttur Christiansen sem var í sviðsljósinu á Íslandsmeistaramótinu í bekkpressu í Valsheimilinu í gær. Jóhanna gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmetið í sínum flokki í bekkpressu um 37,5 kíló þegar hún lyfti 120 kílóum með glæsibrag.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*HM í handbolta í Túnis*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ANGÓLA–KANADA | 27–26 |
| **TÚNIS–GRIKKLAND** | **27–27** |
| DANMÖRK–FRAKKLAND | 26–32 |

**LOKASTAÐAN Í A-RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **TÚNIS** | **5** | **3** | **2** | **0** | **159–118** | **8** |
| FRAKKLAND | 5 | 3 | 1 | 1 | 161–106 | 7 |
| **GRIKKLAND** | **5** | **3** | **1** | **1** | **132–117** | **7** |
| DANMÖRK | 5 | 3 | 0 | 2 | 174–117 | 6 |
| **ANGÓLA** | **5** | **1** | **0** | **4** | **108–178** | **2** |
| KANADA | 5 | 0 | 0 | 5 | 103–201 | 0 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ÍSLAND–ALSÍR | 34–25 |
| **TÉKKLAND–KÚVEIT** | **33–22** |
| SLÓVENÍA–RÚSSLAND | 27–31 |

**LOKASTAÐAN Í B-RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **RÚSSLAND** | **5** | **5** | **0** | **0** | **151–103** | **10** |
| SLÓVENÍA | 5 | 3 | 0 | 2 | 154–137 | 6 |
| **TÉKKLAND** | **5** | **2** | **2** | **1** | **145–136** | **6** |
| ÍSLAND | 5 | 2 | 1 | 2 | 154–144 | 5 |
| **ALSÍR** | **5** | **1** | **1** | **3** | **138–153** | **3** |
| KÚVEIT | 5 | 0 | 0 | 5 | 101–170 | 0 |

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| JAPAN–ÁSTRALÍA | 29–19 |
| **SPÁNN–ARGENTÍNA** | **35–28** |
| KRÓATÍA–SVÍÞJÓÐ | 28–27 |

**LOKASTAÐAN Í C-RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KRÓATÍA** | **5** | **5** | **0** | **0** | **169–124** | **10** |
| SPÁNN | 5 | 4 | 0 | 1 | 191–128 | 8 |
| **SVÍÞJÓÐ** | **5** | **3** | **0** | **2** | **164–118** | **6** |
| JAPAN | 5 | 2 | 0 | 3 | 121–151 | 4 |
| **ARGENTÍNA** | **5** | **1** | **0** | **4** | **133–141** | **2** |
| ÁSTRALÍA | 5 | 0 | 0 | 5 | 85–201 | 0 |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND–SERBÍA/SVARTFJ. | 24–25 |
| **BRASÍLA–KATAR** | **30–25** |
| NOREGUR–EGYPTALAND | 24–19 |

**LOKASTAÐAN Í D-RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SERBÍA-SVART.** | **5** | **4** | **0** | **1** | **139–117** | **8** |
| NOREGUR | 5 | 3 | 1 | 1 | 142–105 | 7 |
| **ÞÝSKALAND** | **5** | **3** | **1** | **1** | **149–115** | **7** |
| EGYPTALAND | 5 | 3 | 0 | 2 | 123–123 | 6 |
| **BRASILÍA** | **5** | **1** | **0** | **4** | **104–146** | **2** |
| KATAR | 5 | 0 | 0 | 5 | 117–168 | 0 |

**STAÐAN Í MILLIRIÐLI 1**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **RÚSSLAND** | **2** | **2** | **0** | **0** | **56–48** | **4** |
| GRIKKLAND | 2 | 1 | 1 | 0 | 47–46 | 3 |
| **TÚNIS** | **2** | **0** | **2** | **0** | **53–53** | **2** |
| TÉKKLAND | 2 | 1 | 0 | 1 | 49–51 | 2 |
| **FRAKKLAND** | **2** | **0** | **1** | **1** | **45–46** | **1** |
| SLÓVENÍA | 2 | 0 | 0 | 2 | 53–59 | 0 |

**STAÐAN Í MILLIRIÐLI 2**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KRÓATÍA** | **2** | **2** | **0** | **0** | **61–58** | **4** |
| SERBÍA/SVART. | 2 | 2 | 0 | 0 | 50–48 | 4 |
| **SPÁNN** | **2** | **1** | **0** | **1** | **64–59** | **2** |
| NOREGUR | 2 | 0 | 1 | 1 | 51–52 | 1 |
| **ÞÝSKALAND** | **2** | **0** | **1** | **1** | **51–52** | **1** |
| SVÍÞJÓÐ | 2 | 0 | 0 | 2 | 53–61 | 0 |



**FRAKKAR SENDU DANI HEIM** Frakkar unnu Dani 32–26 og sendu þá þar með heim þar sem Grikkir náðu jafntefli við Túnisbúa og komust í milliriðil.

Riðlakeppni HM í Túnis:

## Danir úr leik

**HM Í HANDBOLTA** Danska handboltalandsliðið er eins og það íslenska úr leik á HM í Túnis eftir 26–32 tap fyrir Frökkum í lokaleik liðsins á HM í Túnis.

Danir unnu þrjá fyrstu leikina á mótinu og virtust vera í góðum málum en tap fyrir Túnis á föstudaginn breytti öllu þar um og Danir urðu því að ná í stig gegn Frökkum í lokaleiknum eftir að Grikkir náðu stigi gegn Túnis. Það tókst ekki og danska liðið er því á heimleið en Grikkir fara með flest stig í milliriðil eða 3. Túnis tekur með sér tvö stig og Frakkar hafa eitt. ■

# Strákarnir kláruðu mótið með sæmd

Íslenska landsliðið í handknattleik lauk keppni á HM í Túnis í gær með miklum sóma þegar þeir mættu Alsír og pökkuðu þeim saman.

HM Í HANDBOLTA 2005 TÚNIS



SKRIFAR UM HM Í HANDBOLTA FRÁ TÚNIS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

**HM Í HANDBOLTA** Fyrir leikinn voru margir óttaslegnir að leikurinn yrði mikið basl enda ekki að neinu að keppa fyrir strákana. Hugarfar þeirra var hins vegar í góðu lagi og ljóst að strákarnir vildu ljúka keppni með sæmd.

Það gerðu þeir svo sannarlega því strákarnir hreinlega völtuðu yfir Alsírbúana og unnu að lokum öruggan níu marka sigur, 34-25, eftir að hafa leitt með átta mörkum í leikhléi, 19-11.

Léttleiki og leikgleði einkenndi leik íslenska liðsins sem kaffærði Alsír strax í byrjun með fínum varnarleik, góðri markvörslu og vel útfærðum hraðaupphlaupum sem Alsír átti ekkert svar við. Leiknum var því í raun lokið í leikhléi en strákarnir héldu samt ágætri einbeitingu í síðari hálfleik og sáu til þess að forystan var aldrei í hættu.

**Birkir Ívar varði vel**

Birkir Ívar fékk loksins að spila heilan leik og hann varði mjög vel. Guðjón Valur kórónaði gott mót hjá sér með tíu fínum mörkum og Róbert Gunnarsson var einnig mjög öflugur. Alexander Petterson var síðan mjög góður í vörninni. Aðrir leikmenn áttu ágæta spretti en leikurinn hefði getað unnist mun stærra ef strákarnir hefðu nýtt dauðafærin betur en fjöldi þeirra fór forgörðum eins og oft áður á þessu móti.

Þó að niðurstaðan mótsins hafi valdið miklum vonbrigðum er ljóst að þetta lið á framtíðina fyrir sér. Viggó mætti til leiks með tíu nýja leikmenn sem enga reynslu höfðu af stórmótum en þeir öðluðust mikla reynslu á þessu móti. Það mun koma liðinu vel í framtíðinni því flestir sýndu þeir fram á að þeir eiga fullt erindi í alþjóðabolta og einhverjir hefðu jafn vel átt að fá tækifæri með liðinu fyrr en núna.

Það er ár í næsta stórmót sem er EM í Sviss og það ár verður Viggó Sigurðsson að nýta vel til þess að laga varnarleik liðsins.

Hann er langt frá því að vera viðunandi og liðið nær engum árangri á næsta móti ef hann batnar ekki. Stöðugleiki er annar höfuðverkur en hinum fræga slæmu köflum verður að fækka hið fyrsta.

**Frábærar fréttir**

Sóknarleikurinn er ágætur og það eru frábærar fréttir fyrir liðið að Ólafur Stefánsson ætli að spila áfram því þessir ungu drengir þurfa á leiðsögn hans og reynslu að halda til þess að bæta sig. Það verður áhugavert að sjá hvernig þetta lið spjarar sig á næsta móti.

henry@frettabladid.is



**STRÁKARNIR RIFU SIG UPP** Guðjón Valur Sigurðsson og félagar hans í íslenska landsliðinu rifu sig upp eftir vonbrigði föstudagsins og unnu glæsilegan sigur á Alsíringum í síðasta leik íslenska liðsins á HM í Túnis. Fréttablaðið/Uros Hocevar

# Góður endir hjá strákunum



**SPÁÐ Í SPILIN**
ÍSLAND MÆTTI ALSÍR Á HM Í HANDKNATTLEIK Í TÚNIS Í GÆR

**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Þessi leikur var fínn endir á annars misjöfnu móti. Hann bar þess eilítið merki að líkurnar á að liðið kæmi áfram voru nánast engar. En samt sem áður var ég ánægður með hvernig menn lögðu sig fram í leiknum og einbeitingin var til staðar meira eða minna í 60 mínútur sem er í rauninni þveröfugt við leikinn við Kúveit. Það er það sem stendur einna helst upp úr.

Birkir Ívar fékk loksins að byrja leikinn og skilaði ágætis vinnu. Það var margt ágætt í þessum leik sem segir okkur að það býr mikið í þessu liði. En niðurstaðan að komast ekki áfram er náttúrulega ekkert annað en vonbrigði.

Hvernig liðið spilaði gegn Alsír, hvernig mannskapnum var stillt upp eða hvernig liðið var að breyta varnarleiknum skipti í rauninni ekki máli. Það eina sem þurfti að nást út úr leiknum var sigur til þess að skila sem bestu verki og svo var náttúrlega mikilvægt að enda mótið vel. Menn hafa augljóslega verið mjög svekktir með að liðið kæmist ekki áfram og því var þetta upplagður endir.

Það er alveg ljóst að pressan var að hrjá mannskapinn í fyrsta leik og það var í rauninni ekki fyrr en að fyrsti leikurinn var nánast tapaður að það losnaði svolítið um hömlur liðsins og menn svona settu í fluggírinn og náðu að jafna þann leik. Slóvenaleikurinn hafði allt annað yfirbragð og var að mínu mati alveg pressulaus. Þar sofnuðu menn á verðinum og ætluðu að landa sigrinum á seiglunni. Síðan voru menn hreinlega komnir upp við vegg með því að þurfa að leggja Rússa, best skipulagða lið riðilsins, af velli.

Ég er þó ánægður með það, að þrátt fyrir vonbrigðin og þá sérstaklega hjá leikmönnunum sjálfum, þá sýndu menn ákveðinn karakter að leggja sig vel fram í dag og innbyrða sigur og þeir gerðu það virkilega vel.

**34-25**

**ÍSLAND** **ALSÍR**

**STÖÐUR ÚR LEIKNUM**

**Fyrri:** 0–1, 3–1 (5 mín), 3–2, 4–3, 8–3 (12 mín), 8–5, 13–5 (18 mín), 13–7, 17–7 (24 mín), 17–10, 18–11, **19–11**.
**Seinni:** 19-12, 20–12, 21–13, 21–14, 23–14, 24–16 (38 mín), 27–16, 27–17, 29–17 (42 mín), 29–18, 31–18, 31–21 (52 mín), 33–22, 34–23, **34–25**.

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skotnýting | 54%–47% |
| Tapaðir boltar | 8–15 |
| Hraðaupphlaupsmörk | 12–3 |
| Brottvísanir (mínútur) | 12–16 |
| Varin skot/víti | 20/0–22/1 |
| Varin skot í vörn | 6–2 |
| Víti fengin (nýting) | 4 (75%)–6 (100%) |

**MÖRK–SKOT ÍSLANDS**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 9–12 (75%) |
| Róbert Gunnarsson | 7/1–9/1 (78%) |
| Ólafur Stefánsson | 5/2–10/3 (50%) |
| Alexander Petersson | 3–9 (33%) |
| Arnór Atlason | 2–4 (50%) |
| Vilhjálmur Halldórsson | 2–5 (40%) |
| Einar Hólmgeirsson | 2–7 (29%) |
| Vignir Svavarsson | 1–1 (100%) |
| Markús Máni Michaelsson | 1–1 (100%) |
| Dagur Sigurðsson | 1–1 (100%) |
| Logi Geirsson | 1–3 (33%) |
| Birkir Ívar Guðmundsson | 0–1 (0%) |

**VARIN SKOT ÍSLANDS**

| | |
|---|---|
| Birkir Í. Guðmundsson | 20 af 44/5 (45%) |
| Roland Valur Eradze | 0 af 1/1 (0%) |

**STOÐSENDINGAR ÍSLANDS**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 7 (2 inn á línu) |
| Vilhjálmur Halldórsson | 4 (2) |
| Alexander Petersson | 4 (2) |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 3 (2) |
| Dagur Sigurðsson | 3 (2) |
| Markús Máni Michaelsson | 2 (0) |
| Róbert Gunnarsson | 2 (0) |
| Einar Hólmgeirsson | 1 (0) |

**FISKUÐ VÍTI ÍSLANDS**

| | |
|---|---|
| Róbert Gunnarsson | 2 |
| Einar Hólmgeirsson | 1 |
| Alexander Petersson | 1 |

**HRAÐAUPPHLAUPSMÖRKIN**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 4 |
| Arnór Atlason | 2 |
| Ólafur Stefánsson | 2 |
| Einar Hólmgeirsson | 2 |
| Róbert Gunnarsson | 2 |



**7 MÖRK Í TÚNIS** Dagur Sigurðsson skoraði samtals 7 mörk í leikjunum fimm.

Framtíð fyrirliðans:

## Dagur hugsar sinn gang

**HM Í HANDBOLTA** Svo getur farið að landsliðsfyrirliðinn Dagur Sigurðsson leggi landsliðsskóna á hilluna eftir þetta mót.

„Dagur sagði að þetta væri þriðja mótið í röð sem hann yrði fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Hann bað um umhugsunartíma núna og framtíð hans með landsliðinu er óljós eins og staðan er í dag,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari.

Viggó sagðist ætla að rífa Dag upp á þessu móti eftir tvö slök mót á undan. Var hann ánægður með frammistöðu Dags á mótinu?

„Ef menn horfa á sóknina þá stjórnar Dagur honum og við spilum á köflum glimrandi sóknarleik. Menn sjá oft ekki hans verk því hann skorar oft ekki mikið sjálfur. Hann stjórnar aftur á móti sókninni mjög vel og skilaði því sem ég ætlaðist til af honum. Ég er mjög sáttur við hans frammistöðu á þessu móti,“ sagði Viggó Sigurðsson. -HBG

# Vörnin var hörmuleg

## Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska landsliðsins, saknaði öflugra varnarmanna í landsliðshópnum.

**HM Í HANDBOLTA** „Ég er að meta þetta mót þannig að við munum halda áfram okkar vinnu. Það þarf að gera einhverjar smá breytingar á hópnum. Við söknum öflugra varnarmanna úr hópnum og svo er Óli langt frá að skila því sem maður bjóst við af honum, bæði í vörn og sókn. Hann olli sérstaklega miklum vonbrigðum í vörninni þar sem honum hefur hreinlega farið aftur,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari eftir leikinn gegn Alsír en hann sá ekki eftir því að hafa skilið mann eins og Rúnar Sigtryggsson eftir heima.

**Kynslóðaskipti í liðinu**

„Það eru komin kynslóðaskipti og það var engin ástæða til að halda áfram í sömu sporum eftir vonbrigði tveggja síðustu móta. Það er betra að halda áfram og tapa þessu móti og byggja ofan á það,“ sagði Viggó sem stefndi á eitt af sex efstu sætunum fyrir mótið. Sér hann eftir því?

„Ég stend fullkomlega við það sem ég sagði. Ef við hefðum ekki haft nein markmið fyrir þetta mót þá hefðum við ekki haft að neinu að keppa. Það hefði verið voða þægilegt að vera hér sem túristi en ég hafði ekki áhuga á því.“

Viggó sér ljósa punkta á mörgum stöðum og hann veit líka hvað verður að bæta.

**Sóknin gekk vel**

„Sóknin gekk vel á mótinu og hraðaupphlaupin voru líka fín. Varnarleikurinn var síðan á köflum hörmung og það stendur upp úr. Það er ljóst að okkur vantar varnarleiðtoga. Vignir er efnilegur en hann á kannski tvö ár í að verða virkilega góður. Það munaði litlu að við kæmumst áfram en stöðugleikann vantaði og því fór sem fór,“ sagði Viggó en hvað fannst honum um frammistöðu einstakra leikmanna?

„Ég var ánægður með flesta leikmenn en frammistaða Peterson stendur upp úr. Hann var frábær í þessu móti bæði í vörn og sókn. Markús, Arnór og Robbi líka mjög góðir og ég er mjög ánægður með andann og liðsheildina. Okkur vantar bara öflugri varnarmenn,“ sagði Viggó. -HBG



HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ GERA Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari ber saman bækurnar með aðstoðarþjálfaranum Bergsveini Bergsveinssyni. Fréttablaðið/Andreas Walz



GUÐJÓN GÓÐUR Guðjón Valur Sigurðsson varð markahæstur í íslenska liðinu.

## Guðjón Valur Sigurðsson: Vildum klára mótið

**HM Í HANDBOLTA** „Við urðum fyrir miklu áfalli þegar við fréttum að Tékkarnir hefðu unnið Slóvena en menn vildu alltaf klára mótið með sóma og ég held að við höfum gert það,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson sem fór mikinn í leiknum gegn Alsír og stóð sig vel á mótinu.

„Við erum mjög nálægt því að komast áfram og það er ekki eins og við höfum gert í brækurnar hér í Túnis. Ég vil meina að við höfum spilað mjög vel á köflum en slæmu kaflarnir voru líka til staðar. Stöðugleikann hefur algjörlega vantað en þegar við horfum á leikina gegn Tékkum og Slóvenum þá er niðurstaðan ekki eins slæm og hún lítur út fyrir að vera. Það vantaði mjög lítið upp á gegn þessum þjóðum. Engu að síður er það gríðarlegt áfall að komast ekki áfram. -HBG

## Ólafur Stefánsson átti ekki gott heimsmeistaramót:

# Spila áfram ef Viggó velur mig

**HM Í HANDBOLTA** „Það var kannski við þessu að búast með öllum þessum nýju strákum og menn eru að slípa sig saman,“ sagði Ólafur Stefánsson frekar kátur eftir leikinn gegn Alsír þótt hann hafi verið óánægður með niðurstöðuna í mótinu. Hann býst fastlega við því að gefa áfram kost á sér í landsliðið.

„Ég ætla að spara yfirlýsingarnar að þessu sinni,“ sagði Ólafur og hló. „Ætli ég reyni ekki að halda þessu áfram svo lengi sem ég er valinn og Viggó hefur áhuga á að nota mig. Ég er til í að gera það sem ég er beðinn um að gera.“

Það gekk á ýmsu hjá landsliðinu í Túnis en hvaða lærdóm getur landsliðið dregið af þessu móti að mati Ólafs.

„Að við verðum að vinna Rússa til að gera eitthvað á svona mótum. Ég lærði mikið á ÓL í sumar en minna af þessu móti. Ungu strákarnir hafa samt eflaust lært mikið,“ sagði Ólafur en hann var ánægður með frammistöðu þeirra.



FANN SIG EKKI Ólafur Stefánsson skoraði 17 mörk utan af velli á HM í Túnis, mun minna en á síðustu stórmótum. Fréttablaðið/Uros Hocevar

„Mér líst mjög vel á Alexander enda góður bæði í vörn og sókn. Mér líst líka vel á Arnór og Einar sem er einhver skotfastasti maður sem ég hef séð. Markús er líka búinn að vera mjög góður en þessir strákar verða að vinna aðeins í löppunum á sér. Þeir eru svolítið staðir og þá vantar aðeins meiri mýkt og snerpu.“ - HBG




Úrval-Útsýn
í Hlíðasmára flytur að
Lágmúla 4
Sími: 585 4000
Verið velkomin!
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
www.urvalutsyn.is




Aukið forskot í samkeppni
Stuðningur til vöruþróunar

Verkefnið Vöruþróun hefur það markmið að styðja fyrirtæki, á landsbyggðinni, í öllum atvinnugreinum til að þróa samkeppnishæfa vöru fyrir innanlandsmarkað eða til útflutnings.

Tilgangur verkefnisins er:
- Að aðstoða fyrirtæki við stjórnun vöruþróunarverkefnis
- Að vinna að faglegum úrlausnum við þróun vöru og markaðsmála
- Að koma vöru á markað innan 18. mánaða

Stuðningur til fyrirtækja sem verða fyrir valinu getur numið að hámarki 1.500.000 kr. eftir eðli og umfangi verkefnis og gegn a.m.k. jafn háu framlagi styrkþega. Verkefnið er unnið í samstarfi við AVS og hvatt er til umsókna sem miða að auknu virði sjávarafurða.

Umsóknarfrestur er til 16. febrúar 2005.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á netslóð þess: www.impra.is, eða hjá Sigurði Steingrímssyni, verkefnisstjóra Impru nýsköpunarmiðstöð, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri.

impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460 7972
Netfang: sigurdurs@iti.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

27 28 29 **30** 31 1 2

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 12.00 **Fylkir** og **HK/Víkingur** mætast í Egilshöll í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 12.00 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast á Stjörnuvelli í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 13.15 **Fjarðabyggð** og **Þór** mætast í Boganum í Powerade-móti karla í fótbolta.
- 13.15 **KS** og **Tindastóll** mætast í Boganum í Powerade-móti karla í fótbolta.
- 14.00 **Valur** og **Fjölnir** mætast í Egilshöll í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 16.00 **Valur** og **Höttur** mætast á Hlíðarenda í 1. deild karla í körfuknattleik.
- 12.00 **ÍR** og **KR** mætast í Egilshöll í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 19.00 **Valur** og **Fjölnir** mætast í Egilshöll í B-riðli Reykjavíkurmóts karla í fótbolta.
- 19.15 **KR** og **Tindastóll** mætast í DHL-Höllinni í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **ÍR** og **Keflavík** mætast í Seljaskóla í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **Grindavík** og **Fjölnir** mætast í Grindavík í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Njarðvík** mætast í Hveragerði í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **Snæfell** og **Skallagrímur** mætast í Stykkishólmi í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **KFÍ** og **Haukar** mætast á Ísafirði í Intersportdeild karla í körfu.
- 19.15 **Haukar** og **Njarðvík** mætast á Ásvöllum í 1. deild kvenna í körfu.
- 21.00 **ÍR** og **Fylkir** mætast í Egilshöll í B-riðli Reykjavíkurmóts karla í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 09.15 **Hnefaleikar** á Sýn. Sýnt frá bardaga Arturo Gatti og Jesse James Leija.
- 11.15 **NFL-Tilþrif** á Sýn.
- 11.45 **Bandaríska mótaröðin í golf** á Sýn. Buick Invitational-mótið.
- 12.40 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Fallegustu mörk í sögu enska bikarsins.
- 13.35 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá **Oldham** og **Bolton**.
- 15.35 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá **Chelsea** og **Birmingham**.
- 16.00 **Alþjóðlegt sundmót Ægis** á RÚV. Bein útsending frá mótinu sem fram fer í nýju keppnislauginni í Laugardal.
- 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Numancia** og **Real Madrid**.



- 19.50 **NBA-körfuboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Miami** og **Houston**.
- 22.05 **Helgarsportið** á RÚV.
- 20.25 **Ítalski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Palermo** og **Inter**.

# Tvö flottustu mörkin mín

Enska bikarkeppnin hélt áfram í gær. Wayne Rooney gerði allt brjálað á Old Trafford með tveimur af flottustu mörkum sínum á ferlinum. Arsenal fór létt með Wolves þar sem Glenn Hoddle kvartaði sáran undan dómgæslu leiksins.

**FÓTBOLTI** Fjórða umferð ensku bikarkeppninnar hófst í gær með fjórtán leikjum. Það bar einna hæst að Wayne Rooney skoraði tvö stórfengleg mörk þegar Manchester United, núverandi bikarhafi, lagði Middlesbrough af velli, 3-0. Í viðtali eftir leikinn virtist Rooney vera í skýjunum með eigin frammistöðu. „Þetta eru tvö af flottustu mörkum sem ég hef skorað á ferlinum," sagði Rooney.

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, tók í sama streng og var stoltið uppmálað með piltinn. „Frábær mörk, sérstaklega hið seinna. Það fyrsta var hárnákvæmt, ótrúlegt mark," sagði Ferguson. „Þetta var erfið viðureign þar sem Middlesbrough hefur oft náð að krækja sér í stig á okkar heimavelli. Leikmennirnir voru tilbúnir í slaginn í dag og héldu hraðanum vel uppi."

### Stórkostlegur leikmaður

John O'Shea skoraði fyrsta mark leiksins á 10. mínútu en stórsýning Rooney hófst um miðjan síðari hálfleik. Steve McClaren, knattspyrnustjóri Middlesbrough, sparaði ekki stóru orðin þegar hann lýsti aðdáun sinni á frammistöðu Rooney.

„Hann er stórkostlegur leikmaður og það sást vel í þessum leik," sagði McClaren.

„Við vissum að við ættum erfiðan leik fyrir höndum og við lentum á mjög vel stemmdu Manchester-liði sem er afar erfitt. Við hefðum þurft að vera fyrri til að skora því þá hefur okkur yfirleitt vegnað vel hér. Svo náðum við ekki að jafna leikinn, þrátt fyrir gott tækifæri, og okkur var refsað fyrir það."

Arsenal er komið áfram í fimmtu umferð bikarkeppninnar eftir sigur á Wolves, 2-0. Patrik Vieira skoraði fyrra markið úr vítaspyrnu í byrjun seinni hálfleiks eftir að Thierry Henry var felldur af markverði Wolves, Michael Oakes. Freddie Ljungberg innsiglaði sigur Arsenal 8 mínútum fyrir leikslok.

„Miðverðir Wolves áttu frábæran leik í dag," sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal. „Þetta var mjög góð æfing fyrir komandi átök á þriðjudaginn þegar við mætum Manchester United. Áræðni liðsins sem og skipulag komu mér skemmtilega á óvart."



**GULL AF MÖRKUM** Wayne Rooney skoraði tvö glæsimörk í 3–0 sigri Manchester United á Middlesbrough í ensku bikarkeppninni í gær. Hér fagnar Rooney.

### Hoddle sótillur

Glenn Hoddle, knattspyrnustjóri Wolves, var sótillur út í dómarann. „Ég veit ekki hvernig menn velja dómara en það þarf að endurskoða það, það er alveg ljóst," sagði Hoddle.

„Við fengum dæmt á okkur vafasamt víti en þeir sluppu með skrekkinn þegar dómarinn hefði getað gefið okkur víti sem var borðleggjandi."

Harry Redknapp stjórnaði síðan Southampton til sigurs gegn sínum gömlu lærisveinum í Portsmouth en sigurmarkið kom úr víti á lokamínútum leiksins.

Engin óvænt úrslit urðu í gær en úrvalsdeildarlið Charlton vann þó nauman 3–2 sigur á 3. deildarliði Yeovil, Fulham gerði 1–1 jafntefli við Derby og Tottenham náði aðeins jafntefli gegn botnliði West Brom.

**smari@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska bikarkeppnin*

SOUTHAMPTON–PORTSMOUTH 2–1
1–0 Oakley (54.), 1–1 Yakubu, víti (57.), 2–1 Crouch, víti (90.).

ARSENAL–WOLVES 2–0
1-0 Vieira, víti (53.), 2-0 Ljungberg (82.).

BLACKBURN–COLCHESTER 3–0
1-0 Watson, sjálfsm. (21.), 2-0 Johnson (27.), 3-0 Matteo (51.).

BRENTFORD–HARTLEPOL 0–0

BURNLEY–BOURNEMOUTH 2–0
Moore 1-0 (17.), 2-0 Moore (90.).

CHARLTON–YEOVIL 3–2
1-0 Hughes (37.), 1-1 Terry (44.), 2-1 Jeffers (51.), 3-1 Bartlett (57.), 3-2 Davies (66.).

DERBY–FULHAM 1–1
1-0 Tudgay (56.), 1-1 John (71.).

EVERTON–SUNDERLAND 3–0
1-0 McFadden (9.), 2-0 Beattie (27.), 3-0 Cahill (80.).

NEWCASTLE–COVENTRY 3–1
1-0 Shearer (37.), 2-0 Ameobi (42.), 2-1 Adebola (45.), 3-1 Babayaro (52.).

NOTT. FOR.–PETERBOROUGH 1–0
1-0 King (10.).

READING–LEICESTER 1–2
1-0 Forster (10.), 1-1 Williams (32.), 1-2 Scowcroct (90.).

WEST BROM–TOTTENHAM 1–1
1-0 Earnshaw (17.), 1-1 Defoe, víti (31.).

WEST HAM–SHEFF UTD. 1–1
1-0 Harewood (39.), 1-1 Jagielka (57.).

MAN UTD–MIDDLESBROUGH 3–0
1-0 O'Shea (10.), 2-0 Rooney (67.), 3-0 Rooney (82.).

### *Þýska Bundesligan*

BIELEFELD–HANNOVER 0–1
0-1 Stendel (30.)

LEVERKUSEN–BOCHUM 4–0
1-0 Krzynowek (28.), 2-0 Voronin (31.), 3-0 Ponte (70.), 4-0 Freier (78.).

**DORTMUND**–GLADBACH 1–1
1-0 Koller (29.), 1-1 Kluge (49.).

KAISERSLAUTERN–SCHALKE 2–0
1-0 Amanatidis (57.), 2-0 Blank, víti. (75.).

HAMBURG–MAINZ 2–1
1-0 Barbarez (32.), 1-1 Auer (40.), 2-1 Lauth (80.).

FREIBURG–WOLFSBURG 1–0
1-0 Bajramovic (57.).

STUTTGART–NURNBERG 2–4
0-1 Muller (7.), 0-2 Schroth (11.), 1-2 Meira (51.), 2-2 Szabics (70.), 2-3 Mintal (85.), 2-4 Schroth (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BAYERN | 18 | 11 | 4 | 3 | 36–20 | 37 |
| **SCHALKE** | **19** | **12** | **1** | **6** | **28–24** | **37** |
| STUTTGART | 19 | 10 | 4 | 5 | 37–25 | 34 |
| **B. LEVERK.** | **19** | **9** | **5** | **5** | **35–25** | **32** |
| HANNOVER | 19 | 9 | 4 | 6 | 25–19 | 31 |
| **WOLFSB.** | **19** | **10** | **0** | **9** | **33–29** | **30** |
| HERTHA | 18 | 7 | 8 | 3 | 30–17 | 29 |
| **W.BREMEN** | **18** | **8** | **4** | **6** | **37–21** | **28** |

### *Ítalska A-deildin*

CHIEVO–LIVORNO 1–0
1–0 Tiribocchi (31.).

PARMA–UDINESE 1–0
1–0 Gilardino (34.)

Hið unga lið Hauka sló Íslands- og bikarmeistara Keflavíkur út úr bikarnum:

# Sögulegur og sannfærandi stórsigur

**KÖRFUBOLTI** Það urðu mjög óvænt úrslit í undanúrslitaleik bikarkeppni kvenna í körfubolta á föstudagskvöldið þegar nýliðar Hauka slógu út Íslands- og bikarmeistara Keflavíkur með 100-72 sigri á Ásvöllum.

Það voru þó ekki bara úrslitin sem voru óvænt (Keflavík hafði unnið þrjár fyrri viðureignir liðanna í vetur með samtals 75 stigum) heldur hversu illa Haukaliðið fór með handhafa allra bikara sem keppt er um í kvennakörfunni hér á landi.

Haukaliðið náði mest 36 stiga forustu, vann leikinn með 28 stigum og varð fyrsta liðið í sögunni sem skorar 100 stig gegn kvennaliði Keflavíkur í deild, bikar, úrslitakeppni eða fyrirtækjabikar. Breiðablik hafði komist næst hundraðinu með því að skora 98 stig í úrslitakeppninni 1995 en það var fyrrverandi leikmaður Keflavíkur, hin 16 ára gamla Ragnheiður Theódórsdóttir, sem skoraði stigið sögulega af vítalínunni 28 sekúndum fyrir leikslok.

Haukaliðið hefur tekið stöðugum framförum í allan vetur undir dyggri stjórn þjálfarans Ágústs Björgvinssonar og erlendi leikmaðurinn Ebony Shaw hefur vaxið með hverjum leik.

Fyrr í vikunni hafði Haukaliðið náð aðalmarkmiði vetrarins sem því að tryggja sæti sitt í deildinni á næsta ári og haldi liðið áfram þessum stíganda kemur liðið til með að blanda sér í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn.

Ebony var með 36 stig og 10 fráköst í sigrinum á Keflavík, Helena Sverrisdóttir náði þrefaldri tvennu (17 stig, 21 frákast, 11 stoðsendingar) og þá má ekki gleyma þeim Hönnu Hálfdanardóttur (16 stig) og Pálínu Gunnlaugsdóttur (8 stig, 6 fráköst, 6 stoðsendingar) sem lögðu sitt af mörkunum í vörn sem sókn.

**ooj@frettabladid.is**

**FLEST STIG SKORUÐ GEGN KVENNALIÐI KEFLAVÍKUR:**

| | |
|---|---|
| 100 | Haukar, bikarkeppni 2005 |
| 98 | Breiðablik, úrslitakeppni 1995 |
| 90 | KR, úrslitakeppni 1999 |
| 87 | KR, deildin 2001 |
| 84 | ÍS, deildin 2002 |
| 83 | KR, deildin 2002** |
| 82 | Grindavík, fyrirtækjabikar 2001 |
| 82 | Grindavík, deildin 2001* |
| | ***= fjöldi framlenginga** |



**ÞREFÖLD TVENNA** Helena Sverrisdóttir hjá Haukum var með þrefalda tvennu í sögulegum stórsigri á Íslands- og bikarmeisturum Keflavíkur. Helena skoraði 17 stig, tók 21 frákast og gaf 11 stoðsendingar á félaga sína en hún var búin að ná þrennunni fyrir lok þriðja leikhluta.

FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI BYRJAÐU NÚNA!
WWW.MENNTAVEFURINN.IS
ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS
OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

# Kommarnir sigra Berlusconi

*– Einar Logi skrifar um boltann í Suður-Evrópu*

Í landi þar sem forsætisráðherrann á eitt besta fótboltaliðið og stjórnar nær öllum helstu fjölmiðlunum er óhjákvæmilegt að stjórnmál þvælist inn í orðræðu knattspyrnuáhugamanna.



EINAR LOGI VIGNISSON

Þessi samtvinning pólitíkur og fótbolta er svosem eldri en signor Berlusconi enda verið tíska meðal umdeildra auðmanna að eiga eitt stykki fótboltalið allar götur síðan Agnelli fjölskyldan keypti Juventus fyrir 80 árum. En hún hefur sjaldan lifað jafn góðu lífi og eftir að Berlusconi settist í stól forsætisráðherra í annað sinn.

**Dómararnir á spena**

Mestri leikni hafa knattspyrnuáhugamenn náð í að tengja dómara við valdhafanna og hefur t.a.m. Juventus þótt njóta óeðlilegrar fyrirgreiðslu þennan veturinn. Þetta er rætt af þrótti í knattspyrnublöðunum á Ítalíu og slæðist líka inn í heimspressuna eins og sjá má á skrifum James Richardson í The Guardian en hann er helsti útbreiðandi ítalska boltans á Englandi. Richardson fjallar ævinlega um þetta á gamansaman hátt en Ítölum sem láta málið sig varða er full alvara. Hvað sem er til í þessum ásökunum eru þær hinsvegar svo yfirdrifnar og samsæriskenningarnar flóknar að það er býsna erfitt að ræða þær af viti við Ítali, þeir verða hálfpartinn eins og gangandi grínfígúrur af sjálfum sér þegar þeir taka mesta flugið. AC Milan og Juventus eru slík yfirburðalið á Ítalíu þessa leiktíðina að þau þurfa litla hjálp frá dómurunum. En það eru auðvitað nægar aðrar ástæður fyrir aðdáendur allra annarra liða að hata þau eins og pestina. Ekki síst eignarhald Berlusconi á Milan enda hefur ítalska þjóðin ekki verið eins klofin í stjórnmálum síðan á dögum Mussolini. Ekki tilviljun að þeim fyrrnefnda gjarnan líkt við hinn síðarnefnda af andstæðingum.

**Kauptu múrarann!**

Hörðustu aðdáendur liðanna á Ítalíu nefnast „ultras“ og er algengt að þær halli sér að öfgastefnum í stjórnmálum, svona til að fylla upp í tómarúmið sem myndast þegar ekki er lengur hægt að segja neitt meira um síðasta leik! Það hvort bullurnar hneigjast til hægri eða vinstri hefur svsosum ekki mikið með liðin að gera, ræðst meira af pólitískri sögu borganna. Frægustu hægribullurnar eru stuðningsmenn Lazio en af vinstribullunum eru stuðningsmenn Livorno fremstar í flokki. Livorno er þriðja stærsta hafnarborg Ítalíu og þar hafa vinstri menn ráðið málum áratugum saman. Aðdáendurnir mæta með kommúnistafána á völlinn og klæðast bolum af Che Guevara. Leikmenn margir ósparir á pólitískar yfirlýsingar, sérstaklega um samsæri hægri sinnaðra dómara um að koma þessu liði litla mannsins beinustu leið niður í Serie B. Um síðustu helgi mætti Livorno liði Berlusconi og var að sjálfsögðu uppselt á völlinn og mikill hiti í mönnum. Alla vikuna höfðu aðdáendurnir undirbúið sig og útbúið risastóran fána með áletrunninni „Spinelli kauptu Dal Bosco“ en kappi sá er ekki knattspyrnumaður heldur múrari og hafði unnið sér það til frægðar að slasa Berlusconi með því að henda í hann þrífæti undan ljósmyndavél fyrir skömmu. Leikurinn vakti gríðarlega athygli fyrir þessi pólitísku átök og einnig að gamla Milan-hetjan Roberto Donadoni mætti þarna sínu gamla liði í fyrsta sinn en hann tók við Livorno fyrir mánuði. Hatursmönnum Milan og Berlusconi til óblandinnar gleði sigraði smáliðið ríkisbubbana með einu marki gegn engu. „Stærsti sigurinn í 63 ára sögu félagsins,“ sagði eigandinn Aldo Spinelli. „Verst að Fiatklíkan [Juventus] græðir á þessu“ bætti hann hnugginn við.



Breytingar á kvennaliði Keflvíkinga í körfuboltanum:

# Rose látin fara eftir 2 leiki

**KÖRFUBOLTI** Stjórn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur hefur ákveðið að segja upp samningnum við Latoya Rose hjá kvennaliði Keflvíkinga sem kom í stað Reshea Bristol í síðustu viku.

„Hún stóð ekki undir þeim væntingum sem til hennar voru gerðar, alveg langt í frá,“ sagði Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur.

„Hún hjálpaði okkur ekki neitt og það gæti í rauninni hver sem er af bekknum gert það sama og hún var að gera. Við væntum náttúrlega meira af atvinnumönnunum og ætlumst til að þeir leggi sig manna mest fram á vellinum.“

Að sögn Sverris eru frekari útlendingamál í athugun hjá Keflvíkingum.

„Það er auðvitað mjög slæmt að þurfa að skipta aftur um erlendan leikmann og við urðum af einum titli út af þessu. Við erum þó með fína stöðu í deildinni og þurfum bara að koma okkur á sporið aftur,“ sagði Sverrir Þór. Rose lék tvo leiki með Keflavík og töpuðust báðir.

Rose skoraði 17 stig í fyrri leiknum en 4 í þeim seinni og hitti aðeins úr 9 skotum af 34 í leikjunum tveimur auk þess sem hún gaf aðeins þrjár stoðsendingar á sama tíma og hún tapaði 10 boltum til mótherjanna.

smari@frettabladid.is



**SÁRT SAKNAÐ** Keflavík vann alla 17 leikina með Reasheu Bristol innanborðs en hefur tapað báðum leikjunum án hennar.

Landskeppni í karate:

# Unnu Noreg

**KARATE** Ísland og Noregur áttust við í landskeppni í karate fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu í gær. Keppnin var glæsileg í alla staði og mátti sjá fremsta karatefólk landsins sýna hæfni sína í baráttu sinni við frændur sína og frænkur frá Noregi.

Íslendingar báru sigur úr býtum með sjö vinningum gegn fjórum í þessari vináttuviðureign landanna.

Edda Blöndal, margfaldur Íslandsmeistari, sigraði báðar sínar viðureignir í keppninni. Þá er einnig vert að minnast á þegar nokkrir íslenskir keppendur sýndu snilli sína í kata sem var sérlega tilkomumikið. ■



**GÓÐUR ÁRANGUR** Það var mikil stemning í Valsheimilinu í gær þegar Íslandsmeistaramótið í bekkpressu fór þar fram. Góður árangur náðist á mótinu. Fréttablaðið/xx

# 300 kílóa múrinn hélt á Hlíðarenda

**Góður árangur náðist á Íslandsmótinu í bekkpressu 2005 sem fram fór í Valsheimilinu í gær.**

**LYFTINGAR** Íslandsmótið í bekkpressu var haldið í Valsheimilinu að Hlíðarenda í gær og var fjöldi áhorfenda mættur til að verða vitni að hrikalegum átökum keppenda. Mótið heppnaðist prýðilega og mörg met féllu, eins og Hjalti „Úrsus“ Árnason, kynnir keppninnar, var búinn að lofa. Frábær stemning var á keppninni eins og endranær, þar sem tröllin hnykluðu vöðvana og létu vel í sér heyra undir harðri rokktónlist og fagnaðarópum áhorfenda.

Konurnar voru fyrstar á svið og þar var árangurinn frábær. María Guðsteinsdóttir bætti Íslandsmetið í 67,5 kg flokki, lyfti 100 kílóum og hlaut þar að auki stigaverðlaunin í kvennaflokki. Jóhanna Eyvindsdóttir Christiansen gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmetið í +90 kg flokki um nærri 40 kíló þegar hún lyfti 120 kílóum, sannkölluð tímamótalyfta hjá henni.

Héraðsmaðurinn sterki, Ísleifur Árnason, sigraði örugglega í 90 kg flokki og bætti Íslandsmet Jóns Gunnarssonar um hálft kíló þegar hann lyfti 210,5 kílóum í annarri tilraun.

Hermann Hermannsson sigraði í hundrað kílóa flokki og setti Íslandsmet með því að lyfta 221 kílói við mikinn fögnuð áhorfenda.

Jakob Baldursson varð hlutskarpastur í 110 kg flokknum þegar hann tvíbætti Íslandsmetið og stendur það nú í 250 kílóum sem er frábær árangur.

Keppni í þyngstu flokkunum hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu og var stefnan fyrir mótið sett á að 300 kílóa múrinn yrði brotinn hérlendis í fyrsta sinn. Sú varð ekki raunin í þetta sinn, en þó náðist mjög góður árangur og keppendur náðu að bæta sig talsvert. Magnús Magnússon bætti sig talsvert þegar hann lyfti 270 kílóum en var óheppinn að gera ógilt þegar hann reyndi við 285 kíló. Magnús hefur lofað að hann muni taka 300 kílóin á árinu og miðað við skriðinn sem er á stráknum er hann til alls líklegur, enda ungur maður þar á ferð.

Gamla brýnið Ingvar J. Ingvarsson olli engum vonbrigðum frekar en venjulega, enda mikill keppnismaður og setur jafnan skemmtilegan svip á keppnir hvar sem hann tekur þátt. Ingvar varð stigahæsti maður mótsins í karlaflokki og setti nýtt Norðurlandamet öldunga þegar hann lyfti 280 kílóum sem nægði honum til sigurs í 125 kg flokki. Auðunn Jónsson sigraði í +125 kg flokki með því að lyfta 280 kílóum, en hann átti tvær Íslandsmetstilraunir við 300 kílóin frægu sem ekki vildu upp að þessu sinni. Búast má við að hörð atlaga verði gerð að því á næstunni, því mikill hugur er í mönnum og framfarirnar örar.

baldur@frettabladid.is



REIÐSKÓLINN ÞYRILL

Næsta námskeið hefjast 1. febrúar

Barnaflokkar kl. 16.30
Framhald fullorðna kl: 17.30

Byrjendanámskeið fyrir fullorðna kl: 18.30

Kennt verður á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum.

Upplýsingar og skráning í síma 567 3370 eða 896 1248.

Einnig á email þyrill@isl.is






Rólegir og mjúkir tímar - hentar vel einstaklingum með vefjagigt og síþreytu.

Með fullkominni jógaöndun dýpkar svefninn sem leiðir til bættrar heilsu.

Tímar þriðjud. og fimmtud.
kl. 10.00 – 11.15
Lótus Jógasetur Borgartúni 20 4. hæð

Tímar mánud. og miðvikud.
kl. 16.00 – 17.15 og
kl. 17.25 – 18.40

**Saga Heilsa og Spa**
**Nýbýlavegi 24 Kópavogi**

Upplýsingar í síma 821 7482,
netfang: yogamedmaggy@simnet.is
Heimasíða: lotusjogasetur.is

# Tilboðsdagar hefjast

## 20-60% afsláttur

VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

20% kynningarafsláttur af Lyocell satíni

**Verið – sængurfataverslun – Glæsibæ**









# STUÐ MILLI STRÍÐA : Brostnar vonir

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ÆTLAÐI AÐ GERAST FJÁRMÁLASTOFNUN



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Stóru viðskiptabankarnir þrír settu nýtt Íslandsmet á síðasta ári. Þeir skiluðu fjörutíu milljarða króna hagnaði og afkoman var tvöfalt betri en árið á undan. Fjörutíu milljarðar er ótrúlega há tala. Miklu hærri en fólk gerir sér grein fyrir. Ekki ein milljón og ekki tvær, heldur fjörutíuþúsund milljónir.

Bankarnir hafa bætt afkomu sína með hverju árinu sem líður. Ég, eins og aðrir landsmenn, hef fylgst gríðarlega spenntur með þessum óskabörnum þjóðarinnar, sem láta sér ekki nægja lítinn og takmarkaðan markað hér heima heldur herja á útlönd eins og víkingarnir forðum.

Þegar ég frétti af því fyrir tveimur árum að bankarnir væru farnir að skila mörgum milljörðum í hagnað ár hvert og þegar ég sá hvert stefndi ákvað ég að reyna gera slíkt hið sama. Það er að reka sjálfan mig eins og alvöru fjármálastofnun. Til að það gengi eftir kom ég mér upp alvöru bókfærslukerfi yfir eignir mínar, eigið fé, hlutabréfaeign og svo mætti lengi telja. Allt var samviskusamlega skráð niður og horft í hverja krónu. Ég taldi mig vera á beinu brautinni og þess væri skammt að bíða að ég skilaði miklum hagnaði. Í kjölfarið gæti ég jafnvel farið í samkeppni við bankana.

Þegar kom að uppgjöri mínu, nú í síðustu viku, varð ég fyrir töluverðum vonbrigðum. Bókfærslukerfið sýndi að hlutabréfaeign mín er engin, lánin af íbúðinni minni höfðu hækkað um 100 þúsund krónur, bíllinn hafði fallið í verði og þessir fáu þúsund kallar sem ég taldi mig eiga á bankabókinni höfðu að mestu farið í jólagjafir. Eftir stendur að eignamyndun mín er í mínus og á bankabókinni er einmana þúsund kall.

Stóru viðskiptabankarnir hyggjast nú greiða hlutafjáreigendum sínum arð. Rúma ellefu milljarða. Kjölfestufjárfestirinn ég fæ hins vegar engan arð. Bara meiri skuldir, brostnar vonir og tilgangslaust bókfærslukerfi. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB



# ÓSKARSMYNDIRNAR 2005




**7** Tilnefningar
þ.á.m. besta mynd og leikari í aðalhlutverki




**6** Tilnefningar
þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari í aðalhlutverki




**5** Tilnefningar
þ.á.m. besta mynd og leikstjóri




**11** Tilnefningar
þ.á.m. besta mynd, leikstjóri, leikari í aðalhlutverki, aukaleikarar, handrit og kvikmyndataka




**2** Tilnefningar
Clive Owen besti aukaleikari og Natalie Portman besta aukaleikkona




**2** Tilnefningar
Besta erlenda mynd og besta förðun




**1** Tilnefning
Annette Bening besta leikkona í aðalhlutverki











## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Johnny Depp** ætlar að minnka reykingarnar en segist samt ætla að leyfa sér að reykja að minnsta kosti þrjár sígarettur á dag. Leikarinn tók þessa ákvörðun á dögunum þegar hann varð fertugur. „Ég hef minnkað þetta niður í þrjár sígarettur á góðum degi. Fyrir nikotínfíkil eru þrjár sígarettur nauðsynlegar; fyrsta sígaretta dagsins sem ég reyki eftir hádegismat, önnur eftir kvöldmat og sú þriðja sem má reykja hvenær sem hugurinn girnist. Ég var vanur að reykja mun meira en það."

**Will Smith** segist hafa vitað að **Jada Pinkett Smith** væri hin rétta fyrir sig þegar hann uppgötvaði að þau höfðu bæði áhuga á hiphop tónlist. Það kom Smith skemmtilega á óvart þegar Jada hrópaði upp af hrifningu við að heyra uppáhalds hiphop lagið hans. „Ég var að skipta um lög í geislaspilaranum og lagið Apache með Sugar Hill Gang kom á og hún öskraði. Þá vissi ég að hún væri sú rétta," sagði Smith.



Leikkonan **Portia De Rossi** hefur gefið nýju kærustunni sinni, **Ellen DeGeneres**, giftingarhring. Hún gaf Ellen hringinn á 47 ára afmæli Ellenar í síðustu viku. Einnig keypti hún hring í stíl handa sjálfri sér. „Hringarnir tákna sambandið á milli þeirra," sagði heimildarmaður.









## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Heartbreakers **10.00** Shallow Hal **12.00** Pétur og kötturinn Brandur 2 **14.00** Heartbreakers **16.00** Shallow Hal **18.00** Pétur og kötturinn Brandur 2 **20.00** What Makes a Family **22.00** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **0.00** Blow (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Black Hawk Down (Stranglega bönnuð börnum) **4.20** The Laramie Project (Bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Ping **22.15** Korter

## OMEGA

**18.30** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller **0.00** Gunnar Þorsteinsson (e) **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **17.00** Game TV (e) **20.00** Popworld 2004 (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e) **23.00** Meiri músík

# Í TÆKINU

**KIEFER LEIKUR Í ÞÁTTUNUM 24 SEM HEFJA GÖNGU SÍNA KL. 21.30 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.**

## *Íslandsvinurinn knái*



Kiefer William Frederick Dempsey George Rufus Sutherland fæddist 21. desember árið 1966 í London á Englandi. Það má með sanni segja að hann hafi leiklistina í blóðinu því báðir foreldrar hans, Donald Sutherland og Shirley Douglas, eru leikarar. Foreldrar Kiefer skildu þegar hann var fjögurra ára og hann flutti með móður sinni til Kanada. Kiefer umgekkst pabba sinn ekki mikið og komst ekki að því að hann væri stór stjarna fyrr en hann varð átján ára. Þegar Kiefer var níu ára byrjaði hann að fara í leiklistartíma samhliða skóla. Hann hætti í skóla þegar hann var fimmtán ára því leiklistin fangaði hann. Hann fékk fyrsta hlutverk sitt í myndinni Max Dugan Returns árið 1983 og árið eftir í The Bay Boy þar sem hann fékk tilnefningu til Genie verðlaunanna. Eftir það flutti Kiefer til Los Angeles og fékk hlutverk í sjónvarpi í The Mission árið 1985 og í sjónvarpsmyndinni Trapped in Silence ári seinna. Árið 1992 fékk hann hlutverk í myndinni Article 99 og sama ár lék hann á móti Tom Cruise og Jack Nicholson í A Few Good Men. Síðan þá hefur hann fengið hvert hlutverkið á fætur öðru en nú er hann að slá í gegn í þáttunum 24 en hann hefur fengið Golden Globe verðlaun fyrir frammistöðu sína í þáttunum.

**Þrjár bestu myndir Kiefers:** **The Lost Boys** – 1987. **A Few Good Men** – 1992. **The Vanishing** – 1993.


STARFSNÁM

# Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Þetta nám hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.



**Margrét H. Ásgeirsdóttir vinnur á skrifstofu Matráðs ehf. við almenn bókhalds- og skrifstofustörf.**

**„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi strax að námi loknu. Kennslan var frábær og uppbyggileg. Gef skólanum og kennurunum mín bestu meðmæli.“**

Helstu kennslugreinar:

**Tölvugreinar:**
- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Gagnagrunnskerfi - Access
- Netið og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

**Viðskiptagreinar:**
- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Kennsla hefst 1. febrúar og lýkur 10. maí.
Morgunnámskeið: Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8:30 – 12:00.
Kvöldnámskeið: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00 og laugardaga frá kl. 9:00 – 12:30.
Verð kr. 136.000,- Allt námsefni innifalið.
Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða starfsmenntalán.

## Önnur námskeið að hefjast næstu daga:

- Tölvuökuskírteini
- Vefsmíði með Dreamweaver
- Umbrot með InDesign og QuarkXPress
- FreeHand
- Flash
- FrontPage
- Word I



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




▶ **20.00** *Bíó*

**Mjóddin – Slá í gegn. Heimildarmynd eftir Róbert Douglas um verslunarmiðstöðina Mjóddina þar sem kennir ýmissa grasa.**



▶ **21.30** *Spenna*

**24. Jack er kominn aftur en hann var rekinn frá CTU og fer til starfa í varnarmálaráðuneytinu en leyniþjónustan er ekki langt undan.**



▶ **20:00** *Leikur*

**Bingó. Villi naglbítur dregur tölur og spilar bingó með áhorfendum en hægt er að nálgast spjöld á s1.is.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Kátur **8.27** Fallega húsið mitt **8.34** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.23** Sígildar teiknimyndir **9.30** Líló og Stitch **9.56** Sammi brunavörður **10.07** Ketill **10.20** Hænsnakofinn **10.25** Andarteppa **10.55** Laugardagskvöld með Gísla Marteini **11.45** Spaugstofan

**12.10** Mósaík **12.45** Regnhlífarnar í New York (3:10) **13.25** Í brennidepli **14.10** Útlínur **14.40** Sannleikurinn um vítamín **15.30** Óp **16.00** Alþjóðlegt sundmót Ægis **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Krakkar á ferð og flugi** Í Reykjavík heimsækjum við frískan strák, Tómas Atla Ásgeirsson. Umsjónarmaður er Linda Ásgeirsdóttir.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
▶ **20.00** **Mjóddin – Slá í gegn**
**21.10** **Myrkrahöfðinginn (4:4)** Myndaflokkur í fjórum þáttum byggður á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar. Leikstjóri er Hrafn Gunnlaugsson og í helstu hlutverkum eru Hilmir Snær Guðnason, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Guðrún Kristín Magnúsdóttir, Hallgrímur H. Helgason og Alexandra Rapaport. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.05** **Helgarsportið**
**22.30** **Lilja að eilífu** (Lilya 4 Ever) Sænsk bíómynd frá 2002. Lilja er 16 ára stúlka í fátæku rússnesku þorpi og lætur sig dreyma um betra líf. Hún verður ástfangin af Andrej sem býður henni með sér til Svíþjóðar að hefja nýtt líf. Leikstjóri er Lukas Moodysson og meðal leikenda eru Oksana Akinshina, Artyom Bogutsjarskí, Ljúbov Agapova, Lilja Shinkarjova, Elina Benenson og Pavel Ponomarjov. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.15** Kastljósið **0.35** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kolli káti, Svampur, Pingu, Litlir hnettir, Leirkarlarnir, Vaskir Vagnar, Kýrin Kolla, Vélakrílin, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Batman, Hálendingurinn, Galidor, Shin Chan, Lizzie McGuire, Scooby Doo, Froskafjör) **11.35** Game TV

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **15.15** Summerland (12:13) (e) **16.05** Amazing Race 6 (4:15) (e) **16.55** American Idol 4 **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.15** **Home Improvement** (Handlaginn heimilisfaðir 1) Tim Taylor er hinn pottþétti fjölskyldufaðir.
**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.
**20.05** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.
**20.40** **Cold Case 2 (5:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Rannsóknir hennar snerta marga en hún lætur það ekki á sig fá. Það eitt skiptir máli að leiða sannleikann í ljós. Bönnuð börnum.
▶ **21.30** **Twenty Four 4 (1:24)** (24) Jack Bauer fær kaldar kveðjur þegar nýr yfirmaður er ráðinn til CTU. Bauer er látinn fjúka en fer til starfa hjá varnarmálaráðuneytinu. Leyniþjónustan getur samt ekki verið án hans lengi og kallar strax á kappann þegar hætta steðjar að. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland. Stranglega bönnuð börnum.
**22.15** **Twenty Four 4 (2:24)**

**23.00** 60 Minutes **23.45** Silfur Egils (e) **1.20** The Princess and the Marine **2.45** Fréttir Stöðvar 2 **3.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**8.30** Still Standing (e) **9.00** The Simple Life 2 (e) **9.30** The Bachelorette – tvöfaldur (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.30** Judging Amy (e) **13.25** Yes, Dear (e) **13.50** Octopussy **15.55** Midnight Run **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00** **Fólk – með Sirrý (e)**
▶ **20.00** **Bingó**
**20.35** **According to Jim** Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
**21.00** **Law & Order: SVU** Lögreglan rannsakar mál manns sem var geltur. Þeir komast að því að hann hafði rænt, nauðgað og haldið fjölda kvenna í gíslingu. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir þessa glæpi hefði Olivia trúað fyrsta fórnarlambi hans er hún reyndi að kæra hann.
**21.50** **The Long Firm – lokaþáttur** Þættir gerðir eftir samnefndri skáldsögu rithöfundarins Jake Arnott. Þættirnir fjalla um svindlarann Harry Stark og sögusviðið er London á sjöunda áratug síðustu aldar. Með hlutverk Starks fer Mark Strong og meðal annarra leikara má nefna Sir Derek Jacobi.
**22.40** **Helena af Tróju (e)** Gríska þokkagyðjan Helena varð ástfangin af hinum fagra Paris sem nam hana á brott með sér til Tróju. Eiginmaður Helenu varð ekki hrifinn og virkjaði flota Grikkja til að endurheimta frúna. Flotanum varð lítið ágengt en þegar Ódysseifur kynnti snilldaráætlun sína um Trójuhestinn komst hreyfing á hlutina.

**23.30** The Handler (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**6.00** Sunrise **8.00** Sunrise **10.00** Sunday with Adam Boulton **11.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **2.00** Sunday with Adam Boulton **3.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN

**7.00** World News **7.30** Inside Africa **8.00** World News **8.30** Diplomatic License **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Diplomatic License **17.00** Late Edition **19.00** World News **19.30** Design 360 **20.00** World News **20.30** MainSail **21.00** Global Challenges **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **23.00** CNN Today **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Weekend **3.00** World News **3.30** Diplomatic License **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Bobsleigh: World Cup St Moritz **8.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **10.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **12.15** Bobsleigh: World Cup St Moritz **12.45** Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland **14.30** Figure Skating: European Championship Torino Italy **16.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **18.00** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **18.15** Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland **19.45** Boxing **20.30** Trial: Indoor World Championship Granada **21.30** Sumo: Kyushu Basho Japan **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Ski Jumping: World Cup Zakopane Poland **0.15** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME

**7.00** Big Strong Girls **7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Classic EastEnders **11.30** Classic EastEnders **12.00** EastEnders Omnibus **12.30** EastEnders Omnibus **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Captain Abercromby **15.15** The Story Makers **15.35** Stitch Up **16.00** Sahara **17.00** Keeping up Appearances **17.30** Yes Minister **18.00** Changing Rooms **18.30** Location, Location, Location **19.00** Born and Bred **19.50** We Got a New Life **20.50** Safe as Houses **21.50** Top Gear Xtra **22.50** Hollywood Inc **23.40** A Little Later **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** Old New World **2.00** Japanese Language and People **2.30** Spain On a Plate **3.00** The Money Programme **3.30** The Money Programme **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**14.00** In Which We Serve **16.30** U-boat War **17.00** Reach for the Sky **19.30** Bombing of England **20.00** Frontlines of Construction: Sky Walkers **21.00** Air Crash Investigation: Unlocking Disaster **22.00** Interpol Investigates: Betrayed **23.00** Seconds from Disaster: Meltdown in Chernobyl **0.00** The Volcano That Blew the World Away **1.00** Isabel Ellsen

### ANIMAL PLANET

**16.00** Mad Mike and Mark **17.00** Keepers **17.30** Keepers **18.00** Profiles of Nature **19.00** Animals A-Z **19.30** Animals A-Z **20.00** Animals A-Z **20.30** Animals A-Z **21.00** Natural World **22.00** Pet Powers **22.30** Pet Powers **23.00** The Natural World **0.00** African Bush Rescue **0.30** Escape the Elephants **1.00** Animals A-Z **1.30** Animals A-Z **2.00** Animals A-Z **2.30** Animals A-Z **3.00** O'Shea's Big Adventure **4.00** Mad Mike and Mark

### DISCOVERY

**16.00** Industrial Revelations – The European Story **16.30** Industrial Revelations – The European Story **17.00** Walking With Beasts **17.30** Walking With Beasts **18.00** Blueprint for Disaster **19.00** American Chopper **20.00** Secret Submarine **21.00** Unsolved History **22.00** Unsolved History **23.00** American Casino **0.00** True Horror **1.00** Changing Sexes **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Vanished – The Plane That Disappeared

### MTV

**7.00** Just See MTV **8.00** European Top 20 **9.00** Top 10 at Ten **10.00** The Fabulous Life of **10.30** The Fabulous Life of **11.00** Cribs **11.30** The Fabulous Life of **12.00** Filthy Rich **12.30** The Fabulous Life of **13.00** Cribs **13.30** Filthy Rich **14.00** The Fabulous Life of **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Punk'd **17.00** So '90s **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** MTV Making the Movie **20.30** Wild Boyz **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

### VH1

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Summer Videos Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** MTV at the Movies **12.00** Greatest Hits **12.30** Greatest Hits **13.00** Greatest Hits **19.30** Greatest Hits **20.00** Greatest Hits **21.00** Greatest Hits **21.30** Greatest Hits **22.00** MTV at the Movies **22.30** VH1 Rocks

### CARTOON NETWORK

**7.00** Dexter's Laboratory **7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**LILYA 4 EVER** *Sjónvarpið* **kl. 22.30**

***Einkunn á imdb.com: 8,0.***

### *Gull og grænir skógar*

Lilja er sextán ára stúlka sem býr í fátækt í rússnesku þorpi. Hún stendur sig mjög illa í skólanum og eini vinurinn hennar er ungi strákurinn Volodja. Þau dreymir sífellt um betra líf en horfurnar fyrir Lilju eru ekki góðar þegar mamma hennar yfirgefur hana og frænka hennar er alltaf að stríða henni. Einn daginn hittir Lilja Andrej og verður ástfangin af honum. Andrej er heillandi og segist geta farið með Lilju burt og býður henni með sér til Svíþjóðar þar sem bíða hennar gull og grænir skógar. En þegar Lilja kemur til Svíþjóðar bíða hennar hræðileg örlög. Aðalhlutverk leika Oksana Akinshina, Artyom Bogucharsky og Lyubov Agapova en leikstjóri er Lukas Moodysson sem hefur meðal annars leikstýrt myndunum Tillsammans og Fucking Åmål.



Lilja er seld í vændi við komuna til Svíþjóðar.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„What if the super you meets the super her and the super her rejects the super you?"**

**Svar:** Steve Dunn úr kvikmyndinni Singles frá árinu 1992.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Fornsagnaslóðir **11.00** Guðsþjónusta í Seltjarnaneskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Sesselja Agnes **14.00** Stofutónlist á sunnudegi **15.00** Vísindi og fræði **16.10** Helgarvaktin **17.00** Í tónleikasal

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Seiður og hélog **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Íslenskt mál **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **22.30** Til allra átta

**23.00** Grískar þjóðsögur **23.10** Silungurinn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Sunnudagskaffi **21.15** Popp og ról **22.10** Hljómalind

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.00** Endurflutningur frá liðinni viku. **11.00** Rósa Ingólfsdóttir - endurflutningur.

**13.00** Kolbrún Bergþórsdóttir - endurfl **15.00** Þóra Sigríður Ingólfsdóttir les upp úr bókinni Lóla Rós.

**16.00** Þorgrímur Gestsson - endurfl. **17.00** Ólafur Hannibalsson - endurflutningur. **18.00** Endurflutningur frá liðinni viku.



▶ **15:35** *Íþróttir*

**Bein útsending frá leik Chelsea og Birmingham City í 4. umferð bikarkeppninnar.**

## SÝN

**9.15** Hnefaleikar (Arturo Gatti – Jesse James Leija ) **11.15** NFL-tilþrif **11.45** Bandaríska mótaröðin í golfi

**12.40** Bestu bikarmörkin **13.35** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Oldham Athletic og Bolton Wanderers í 4. umferð bikarkeppninnar.

▶ **15.35** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Chelsea og Birmingham City í 4. umferð bikarkeppninnar.

**17.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá leik Numancia og Real Madrid.

**19.50** **NBA** (Miami – Houston) Útsending frá leik Miami Heat og Houston Rockets. Með liðunum leika tveir af risunum í deildinni, Shaquille O'Neal og Yao Ming, en fróðlegt verður aðfylgjast með baráttu þeirra undir körfunni.

**22.20** **Ítalski boltinn** (Palermo – Inter) Útsending frá leik Palermo og Inter Milan. Aðeins þrjú stig skilja liðin að. Sigur heimamanna myndi fleyta þeim að hlið jafntefliskónganna frá Mílanó.

Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Digimon II **7.40** Pokémon **8.05** Spider-Man **8.30** Medabots **8.55** NASCAR Racers **9.20** Eerie, Indiana **9.45** Black Hole High **10.10** So Little Time **10.35** Princess Sissi **11.05** Braceface **11.30** Lizzie Mcguire **11.55** Totally Spies **12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

**TCM**

**20.00** Poltergeist **21.50** Children of the Damned **23.20** The V.I.P.S **1.20** The Prize **3.30** Rogue Cop

**HALLMARK**

**8.00** A Place For Annie **9.45** The Lost Child **11.30** McLeod's Daughters **12.15** A Time To Remember **13.45** The Magical Legend of the Leprechauns **15.15** A Place For Annie **17.00** The Lost Child **18.45** McLeod's Daughters **19.30** The Mystery Of Natalie Wood **21.00** Free of Eden **22.45** Scarlett

**MGM**

**8.10** The Facts of Life **9.55** Sam Whiskey **11.30** A Rage to Live **13.10** Submarine X – 1 **14.40** The Landlord **16.30** Hard Choices **18.00** Midsummer Night's Sex **19.30** Cycles South **21.00** Marie: a True Story **22.50** Deadly Intent **0.15** Real Men **1.40** Those Lips, Those Eyes **3.25** Alias Jesse James





## HRÓSIÐ

*...fá Sambíóin fyrir að halda stelpudaga dagana 28. janúar - 3. febrúar og rukka aðeins 300 krónur inn á gamanmyndir eins og Bridget Jones og Alfie.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á ÍVARI ERNI SVERRISSYNI LEIKARA**

# Ætlaði að verða Lukku Láki

**Hvernig ertu núna?** Ég hef það bara voða fínt.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Leikari.
**Stjörnumerki:** Vatnsberi.
**Hjúskaparstaða:** Í sambúð.
**Hvaðan ertu?** Ég er úr Langholtshverfinu.
**Helsta afrek:** Að halda velli í samfélaginu og vera ekki farinn á hausinn.
**Helstu veikleikar:** Stundum er ég of skilningsríkur.
**Helstu kostir:** Ég er alltaf til í að leika mér.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Kallakaffi.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég og sonur minn hlustum alltaf saman á rappþáttinn hans Bents og dönsum.
**Uppáhaldsmatur:** Eiginlega allt sem mamma mín býr til.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Shalimar.
**Uppáhaldsborg:** Ég hef komið einu sinni til New York og hún er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég þyrfti að fara þangað aftur.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Á sínum tíma voru það mjög mikil vonbrigði þegar mér tókst ekki að fá jólatréð til að standa í fætinum. Ég var 14 ára og að basla við þetta einn.
**Áhugamál:** Flestar íþróttir, þá aðallega að taka þátt í þeim frekar en að horfa. Svo er ég mikill áhugamaður um kvikmyndir.
**Viltu vinna milljón?** Já, ef það er í boði.
**Jeppi eða sportbíll?:** Notaður sportbíll.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Lukku Láki. Kannski fæ ég að vera hann einhvern tímann.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Jim Carrey.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Yfirleitt konan mín.
**Trúir þú á drauga?** Ég trúi á þá en ég vil ekki trúa því að þeir séu til. Ég er hræddur við þá.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Ég væri til í að vera örn.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Breiðnefur. Það er dýr sem veit ekki hvort það er önd, rotta eða hæna. Það verpir eggjum en er samt spendýr. Aðeins of ruglingslegt fyrir minn smekk.
**Áttu gæludýr?** Nei, því miður. Hef ekki komið því við ennþá.
**Besta kvikmynd í heimi:** 9 1/2 eftir Fellini.
**Besta bók í heimi:** Alkemistinn.
**Næst á dagskrá:** Að leika betur.






**MARGRÉT LÁRA ÞÓRARINSDÓTTIR** Hún féll úr keppni í Idol Stjörnuleit á föstudaginn.

# Margrét Lára úr leik

Margrét Lára Þórarinsdóttir féll úr leik í Idol Stjörnuleit á föstudaginn. Ekki voru allir á því að þessi úrslit væru sanngjörn því margir aðrir keppendur þóttu alls ekki standa sig nógu vel. Þemað í keppninni að þessu sinni var Sálin hans Jóns míns og var Stefán Hilmarsson gestadómari.

Dómarar höfðu orð á því eftir að hafa fylgst með keppendum að sennilega væru Sálarlögin heldur erfið því flestum keppendum virtist ganga frekar illa að tækla þau. Aðalheiður Ólafsdóttir og Hildur Vala Einarsdóttir fengu þó báðar fína dóma frá dómurum og þóttu standa sig með prýði. Margrét Lára var að vonum svekkt að detta út en eins og dómararnir sögðu margoft þá á hún sennilega betur heima annars staðar en í poppbransanum og á vafalaust eftir að láta að sér kveða í tónlistarheiminum. ■

**SIGRÚN SÆMUNDSDÓTTIR:** ER AU PAIR-STÚLKA Í LANDINU HELGA

# Trúin falleg og strákarnir líka

Hún býr í landinu helga. Ákvað að söðla um og gerast au pair á framandi slóðum síðastliðið vor. Var valin til að gæta tveggja barna Jónínu Guðrúnar Árnadóttur og ísraelsks eiginmanns hennar í Shoham, úthverfi Tel Aviv, en Jónína kynntist mannsefni sínu þegar bæði unnu á samyrkjubúi í Ísrael.

„Þetta er ósköp venjuleg fjölskylda; Jónína vinnur hjá hátæknifyrirtæki en maðurinn hennar hjá öryggisþjónustu. Krakkarnir eru fjögurra ára stelpa og átta ára strákur. Þau töluðu nánast enga íslensku þegar ég kom út en mér hefur tekist að kenna þeim nær lýtalausa íslensku,“ segir au pair-stúlkan Sigrún Sæmundsdóttir sem leggur stund á hebreskunám meðfram húsmóðurstarfinu í Shoham.

Sigrún segir öryggisgæslu og vopnaburð vera gífurleg í landinu; jafnvel inni á leikskólum. „Shoham-hverfið er læst á kvöldin og þannig eru vopnaðir verðir um alla borg. Maður skýst ekki út í búð án þess að skoðað sé í tösku manns. Ég hef lært að Ísland er paradís þótt við séum óttalegir trúleysingjar, því við þurfum ekki að hafa áhyggjur af neinu. Íslensk ungmenni eru frjáls, meðan hér þurfa bæði kynin að gegna þriggja ára herþjónustu og ganga um með þungar vélbyssur; vopnuð frá toppi til táar. Það kom þó á óvart að lífið hér er ekki eins og maður sér í sjónvarpsfréttunum heima. Átökin eru bundin við mjög afmarkað svæði og engan veginn daglegt brauð meðal íbúa Ísraels.“



**AU PAIR-STÚLKAN SIGRÚN SÆMUNDSDÓTTIR HEFUR BÚIÐ Í ÚTHVERFI TEL AVIV SÍÐAN Í FYRRA** Segist hafa lært að Ísland er paradís á jörðu og að íslensk ungmenni séu frjáls eins og fuglinn, meðan ísraelsk ungmenni þurfi að gegna herþjónustu og bera þung vopn; stelpur í tvö ár en strákar í þrjú.

Sigrún segir Ísraelsmenn fallegt fólk. Hún hefur haft í nógu að snúast síðan hún fór utan fyrir tæpum átta mánuðum.

„Ég var í sjokki fyrst yfir áhuga gyðingastrákanna; ekki síst þar sem ég er dökkhærð. Ég sker mig úr hópnum og þyki sjálfstæðari og þroskaðri en ísraelskar jafnöldrur mínar. Ég hef farið á mörg stefnumót og þeir hafa uppi verulega hallærislegar pick-uplínur þótt þeir séu upp til hópa yndislegar manneskjur. Það er erfiðara að kynnast ísraelsku kvenfólki en þær öfundast yfir athyglinni sem ég fæ og spá rosalega í útlitið enda fer þriðja hver í brjósta- og nefaðgerð. Þær eru súper grannar; mjög fallegar, en geta verið svolitlar tíkur í sér. Annars eru Ísraelsmenn mikið tískufólk og alltaf í ræktinni. Tel Aviv er strandborg og þar er unga fólkið á línuskautum og sýnir líkamana íklætt bikiníum og sundskýlum.“

Ísrael er fæðingarland Jesú Krists og hefur Sigrún aðeins ferðast um hans slóðir; þar sem öruggt þykir að fara. „Ég varð mjög snortin að fara til Jerúsalem og Nasaret. Þetta er svo heilagt og skrítið að fólk geti verið í stríði þarna. Ég bý hjá gyðingum og þetta er gyðingaland. Skammast mín oft fyrir að vera trúleysingi því trú gyðinga er svo falleg. Heima fer maður í kirkju, sér frelsarann blóðugan á krossinum og fer að hugsa um dauðann. Ég gæti því vel hugsað mér að skipta um trú og búa í landinu helga til frambúðar, þótt ég sé rétt að byrja að skoða heiminn og ferðast sem au pair,“ segir Sigrún glaðlega, spennt að fara utan aftur.

**thordis@frettabladid.is**

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

Grein Kára Stefánssonar:

# Setningar féllu niður

Við vinnslu greinar Kára Stefánssonar, Af flísum og bjálkum, sem birtist í blaðinu í gærdag, féllu niður fjórar setningar á undan síðustu málsgrein en þær skipta sköpum fyrir niðurlag hennar. Lok greinarinnar verða því endurbirt hér að neðan en þar beinir greinarhöfundur orðum sínum að Hallgrími Helgasyni, myndlistarmanni og rithöfundi, sem skrifaði umtalaðan áramótapistil í Fréttablaðið á gamlársdag:



**KÁRI STEFÁNSSON**



**HALLGRÍMUR HELGASON**

Ég ætla hins vegar ekki að halda því fram að Hallgrímur sé geðveikur eins og hann gerði um Davíð, fyrst og fremst vegna þess að ég held ekki að hann sé það. Ég hef því leitað skýringar á þessu vandamáli í áhrifum umhverfis á Hallgrím og hún hljómar svona: Þrátt fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, sem Davíð Oddsson studdi dyggilega sem borgarstjóri, verðum við fyrir töluverðum áhrifum af veðurfari hér á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru svalir tveir síðustu mánuðir ársins 2004 með mörgum frostköldum dögum og þegar maður er búinn til höfuðsins eins og Hallgrímur Helgason er hætt við því að svona tíð skilji eftir sig kalbletti á heilaberkinum sem geta leitt til þess að menn glati allri tilfinningu fyrir því hvað er við hæfi í samfélagi siðaðra manna.

En nú er ég farinn að gera grín að Hallgrími vegna þess að það vantar hár á þennan fína haus sem hann hefur á herðum sér. Haus sem starfar gjarnan hausa best þótt hann sé ekki óskeikull. Hér er ég að láta undan tilhneigingu sem ríður húsum í greininni hans Hallgríms. Ég er að reyna að vera andstyggilegur og fyndinn á kostnað annars manns og ef að líkum lætur tekst mér hið fyrra en mistekst hið síðara.

Þessi grein var ekki skrifuð í reiði út í Hallgrím Helgason heldur til þess að lýsa andúð minni á málflutningi af þeirri gerð sem hann notar í greininni umræddu og markast af persónulegum árásum, tilraunum til þess að meiða, óbilgirni og skorti á virðingu fyrir þeim gildum sem gera íslenskt samfélag að góðum stað. En nú er nóg sagt í bili og finnst sjálfsagt mörgum að bera í bakkafullan lækinn og ætla ég að fara í Þjóðleikhúsið að sjá leikrit sem heitir Þetta er allt að koma í leikstjórn Baltasars sem er snillingur. Þeir vinna svo vel saman félagarnir. Og ég hlakka til. ■


SONY
Rýmingarsala
Allt að
40% afsláttur!
70.000
verðlækkun.
VPL-HS3
Skjávarpi
• 1200 ansi lumin, 1024x768
• HDMI tengi, 1:800 skerpa
• Sideshot 2, 28dB
Verð 199.950 krónur
Verð 129.950 krónur
Ótrúlega nett!
DCR-IP5
Tökuvél
• MicroMW
• Minni en MiniDV
• Stafræn tökuvél með snertiskjá
Verð áður 129.950 krónur
Verð 89.950 krónur
40.000
verðlækkun!
DCR-PC105
Tökuvél
• 1 megapixel, nightshot mode
• Tekur ljósmyndir á minniskubb
• DV/analog inn & út
Verð áður 119.950 krónur
Verð 79.950 krónur
Flott hönnun!
SS-LA500ED/D
Hátalarar
• 120W
• ED línu hátalarar, upp í 70.000hz
• Mjög vandaðir og flottir hátalarar
Verð áður 29.950 krónur stk.
Verð 19.950 krónur stk.
Ótrúlega nett!
CMT-C5
Hljómtækjasamstæða
• Virkilega smart „high-tec"
samstæða með CD, útvarpi
og minidisk.
Verð áður 89.950 krónur
Verð 69.950 krónur
DTC-ZE700
DAT upptökutæki
• Ljósleiðara og kopartenging fyrir
stafrænt hljóð
• Super Bit Mapping tækni
Verð áður 69.950 krónur
Verð 39.950 krónur
25.000
verðlækkun!
MDS-JB980/S
Minidisk borðtæki
• Ljósleiðaratengi
• USB tengi
• Tengi fyrir lyklaborð til að slá inn lagaheiti
Verð áður 59.950 krónur
Verð 34.950 krónur
Kauptu Sony hjá Sony
You make it a Sony
Bőirt me fyrirvara um myndbrengl og prentvillur
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR
TOSCA
Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200
Landsbankinn
ÍSLENSKA ÓPERAN



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

# Besta búbótin

Nýr Hæstaréttardómur í máli gegn Akureyrarbæ um að starf kvenkyns deildarstjóra hjá Félagsmálastofnun skyldi talið jafnverðmætt og starf karlkyns deildartæknifræðings er merkilegur. Konur eru enn að glíma við jafnsjálfsagða hluti og að fá greidd sömu laun og karlmenn fyrir sambærileg störf. Þessi kjarabarátta er enn sem komið er nánast eingöngu háð af konum og virðist álitin einkamál þeirra þrátt fyrir að þessi kynbundna kjaraskerðing bitni með augljósum hætti á fjölskyldum landsins þar sem fyrirvinnur heimilanna eru yfirleitt tvær.

**SÚ HUGSUN** kemst illa til skila að brot gegn jafnréttislögum sé raunverulegt lögbrot. Kynjunum er enn mismunað á atvinnumarkaði, í launum og við stöðuveitingar. Vitneskjan um þennan veruleika liggur fyrir. Þess vegna höfum við jafnréttislög.

**JAFNRÉTTISLÖGIN** gera ekki ráð fyrir jákvæðri mismunun eða kynjakvótum. Af lögunum er hins vegar leidd forgangsregla sem á við ef tveir jafnhæfir einstaklingar hvor af sínu kyni sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er í minnihluta. Lögin banna að auki hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis.

**KONUR** hafa hingað til háð jafnréttisbaráttuna á þeim forsendum að þær vilji jafna möguleika. Tal um að hæfasti einstaklingurinn skuli ráðinn er í hróplegu ósamræmi við raunveruleikann. Staða kvenna væri einfaldlega önnur og betri ef hæfustu einstaklingarnir fengju störfin. Fullyrðingar um að hæfni ráði eingöngu för gefur til kynna að konur séu lakari starfskraftar en karlar. Þar sem völdin eru finnast fáar konur.

**STJÓRNMÁLAFLOKKARNIR** keppast við að „selja" fjölskyldufólki hugmyndir um bætt kjör. Skattalækkanir, fæðingarorlof og barnabætur, lækkun matarskatts og hagstæðu húsnæðislánin. Ein kjarabót er furðulítið er rædd af stjórnmálamönnum. Hún er skuldbinding stjórnvalda og atvinnulífs um að segja kynbundnum launamun stríð á hendur. Að stjórnmálamenn gerðu meira en að segjast vilja jafnrétti – þeir myndu raunverulega vinna að því að ná því fram. Launajafnrétti yrði sennilega ein besta búbót sem hægt væri að færa fjölskyldufólki. Slík loforð fela ekki í sér ívilnanir til handa sérstökum hópum, heldur einfaldlega að allir séu metnir að verðleikum. Konur og karlar. ■

ABERDEEN ALGHERO ALICANTE ALMERIA ALTENBURG
AMSTERDAM ANTALYA ANCONA ÁLABORG ÁRÓSAR AÞENA
BADEN-KARLSRUHE BARCELONA BARI BASEL BIARRITZ

Stóraukið framboð á lægstu sumarfargjöldunum
Verð frá
7.995,-
aðra leiðina með sköttum til London eða Köben

150 áfangastaðir
með Iceland Express og ódýru framhaldsflugi

Við fljúgum tvisvar á dag frá og með 21. maí og við það stóreykst framboð á lægstu fargjöldunum til London Stansted og Kaupmannahafnar.

Með annarri vél margfaldast líka tengimöguleikar til um 150 spennandi áfangastaða með öðrum lággjaldafélögum. Nú er tíminn til að bóka ódýrt sumarfrí! Þú kemst hvert sem þig langar, á einfaldan og ódýran hátt.

**Bókaðu núna á www.icelandexpress.is**

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600, icelandexpress.is
Iceland Express



VELKOMIN
OPIÐ ELDHÚS
Opið í dag frá kl. 13–17
AEG ELDHÚSTÆKI
HTH ELDHÚSINNRÉTTINGAR BAÐINNRÉTTINGAR FATASKÁPAR
2005 línan
BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800
www.ormsson.is
NÝR GLÆSILEGUR SÝNINGARSALUR á 2. og 3. hæð

